


**skoðun 18**

## 2 SÉRBLÖÐ

í Fréttablaðinu

Fólk

Mastersmótið 2012




## Fetar í fótspor stórstjarna

*Söngvarinn Daníel Óliver vinnur nú að því að koma sér á framfæri í mekka popptónlistarinnar, Svíþjóð.*

**popp 44**




# FRÉTTABLAÐIÐ

**Miðvikudagur**

**4. apríl 2012**

80. tölublað 12. árgangur

Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup júlí - september 2011




### Kristín Marja leikskáld

*Rithöfundurinn Kristín Marja Baldursdóttir er nýtt leikskáld Leikfélags Reykjavíkur.*

**menning 36**

### Yrsa á nýjar slóðir

*Rithöfundurinn Yrsa Sigurðardóttir nýtir verkfræðimenntun sína í þáttunum Gulli byggir.*

**popp 54**



### Jafntefli í slökum leik

*Strákarnir okkar máttu sætta sig við jafntefli í æfingaleik gegn Noregi.*

**sport 48**

### veðrið í dag




**NOKKUÐ BJART** austan til en lítilsháttar súld vestanlands og með norðurströndinni. Fremur hægur vindur og heldur hlýnar í veðri.

**VEÐUR 4**

# Segir Rammaáætlun loka á vatnsaflsvirkjanir í bráð

**Forstjóri Landsvirkjunar undrast hve fáir vatnsaflsvirkjanakostir fá grænt ljós í Rammaáætlun. Það sé ekki í takti við upplegg vinnunnar. Hann telur jarðvarmaorku ofmetna og að hana eigi eftir að rannsaka frekar.**

**VIRKJANIR** Hörður Arnarson, forstjóri Landsvirkjunar, segir að það hafi komið fyrirtækinu á óvart að virkjanir í neðri hluta Þjórsár skuli hafa verið færðar úr nýtingarflokki í biðflokk í þingsályktunartillögu iðnaðar- og umhverfisráðherra um Rammaáætlun. Ekkert hafi komið fram sem réttlæti þá breytingu.

„Við töldum allar forsendur til að fara í þær virkjanir og það var í samræmi við álit verkefnisstjórnar og flokkun ráðherranna fyrir nokkrum mánuðum. Við teljum að engar nýjar upplýsingar hafi komið fram sem réttlæti breytta flokkun.“

Hvað ákall um rannsókn á laxagengd í ánni varðar segir Hörður að þau málefni hafi verið rannsökuð í fjörutíu ár og af miklum krafti síðustu tíu ár. Haldi menn að rannsóknir skorti hafi þeir einfaldlega ekki yfirsýn yfir þær sem gerðar hafa verið. Hann bendir á að í tillögunni sé aðeins gert ráð fyrir tveimur litlum vatnsaflsvirkjunum, annað eigi að sækja í jarðvarma.

„Það kemur á óvart að engin vatnsaflsvirkjun sé í nýtingarflokki eftir þá miklu vinnu sem búið er að leggja í málið.“

Áætlunin gerir ráð fyrir að virkjanir í nýtingarflokki geti framleitt 8,5 teravattsstundir. Hörður segir að um 95 prósent af þeirri orku eigi að koma úr jarðvarmavirkjunum. Það sé mikil trú á orkugetu lítt rannsakaðra svæða. Sjálfur telur hann aðeins 2,5 til þrjár teravattsstundir öruggar. Aðeins hafi farið fram yfirborðsrannsóknir sem tryggi engan veginn að umrædd orka sé nýtanleg á svæðunum. Þá geti innihald gufunnar gert mönnum erfitt fyrir, líkt og raunin hafi verið í Kröflu.

„Þar að auki verður að nýta jarðvarmann í skrefum. Þó 8,5 teravattstundir væru heildarmagnið á þessum svæðum verður að fara mjög varlega af stað, til að tryggja sjálfbæra nýtingu. Það er alls ekki þannig að hægt sé að ráðast í þetta á næstu misserum.“ **- kóp** **/ sjá síðu 16**

> Það kemur okkur á óvart að engin vatnsaflsvirkjun sé í nýtingarflokki eftir þá miklu vinnu sem búið er að leggja í málið.
>
> **HÖRÐUR ARNARSON**
> FORSTJÓRI LANDSVIRKJUNAR



**SÓPAR GÖTUR OG TORG** Reykjavíkurborg er sögð koma óvenju illa undan vetri vegna þess hversu mikið hefur þurft að sanda í snjóa- og hálkutíð undangenginna mánaða. Magnið af sandi og drullu er þvílíkt að á sumum svæðum er það þrefalt miðað við eðlilegt árferði. **Sjá síðu 4** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Menn notuðu eld snemma:

## Fundu milljón ára ummerki

**VÍSINDI** Fornleifafræðingar hafa fundið mannvistarleifar sem sýna að fornmenn á svæði sem nú tilheyrir Suður-Afríku notuðu eld fyrir um einni milljón ára. Það er um 300 þúsund árum fyrr en áður var talið.

Mannvistarleifarnar fundust í Wonderverk-hellakerfinu nærri Kalahari-eyðimörkinni í Suður-Afríku. Við uppgröft fundust dýrabein, steinverkfæri og leifar af viðarösku.

Að sögn fornleifafræðinganna er hagnýting á eldi gríðarlega mikilvægt skref í þróunarsögu mannsins. Má nefna hversu mikil áhrif það hafði þegar menn tóku að elda mat sinn yfir eldi. Kunnáttan við að stjórna eldi af öryggi við aðrar aðstæður mun þó hafa snert við öllum þáttum í tilveru fornmanna, og telja fornleifafræðingarnir til dæmis að það eitt að safnast saman við varðeld hafi breytt miklu í þróunarsögu mannkyns. **- bj**






Einungis fjórðungur almennrar niðurfærslu lána færi til heimila í vanda:

# Þorri afskrifta til tekjuhárra

**EFNAHAGSMÁL** Ef ráðist yrði í tuttugu prósenta lækkun á öllum verðtryggðum húsnæðislánum myndu um 57 prósent afskriftanna, tæplega 150 milljarðar króna, falla í skaut tekjuháum heimilum.

Það eru þau heimili sem hafa yfir 200 þúsund krónur á milli handanna á mánuði eftir að greitt hefur verið af lánum og lágmarksframfærslu.

Tæplega 22 prósent afskriftanna myndu skila sér til tekjulágra og um 25 prósent færu til heimila í greiðsluvanda. Þetta kemur fram í niðurstöðum greiningar Seðlabankans á stöðu íslenskra heimila í aðdraganda og kjölfar hrunsins sem kynnt var í gær.

Í greiningunni kemur fram að tuttugu prósenta almenn skuldaniðurfærsla á verðtryggðum lánum myndi kosta 261 milljarð króna. Heimilum í greiðsluvanda myndi í kjölfarið fækka um 7.583 og heimilum sem væru með neikvæða eiginfjárstöðu um 7.566.

Í greiningunni segir að kostnaðurinn við að koma hverju heimili úr greiðsluvanda yrði hins vegar ærinn, um 34 milljónir króna á hvert þeirra, sem endurspegli að meginþorri afskriftanna félli ekki heimilum í greiðslu- eða skuldaerfiðleikum í skaut. Í því samhengi er bent á að meðalhúsnæðisskuld heimila í greiðsluvanda sé 23,1 milljón króna.

Einnig kemur fram í greiningunni að hin svokallaða 110 prósent leið og sérstök vaxtaniðurgreiðsla hafi að verulegu leyti nýst heimilum sem ekki voru í greiðsluvanda. Almenn tuttugu prósenta afskrift verðtryggðra lána mundi falla í sömu gryfju.

Höfundarnir telja ýmislegt benda til þess að almennar aðgerðir til breytinga á skatt- og tilfærslukerfinu séu betur fallnar til þess að hjálpa heimilum í greiðsluvanda en annars konar aðgerðir sem gripið hefur verið til. **- þsj** **/ sjá síðu 10**

> **57%** af almennum leiðréttingum verðtryggðra lána mundu falla í skaut tekjuháum heimilum
>
> **GREINING SEÐLABANKA ÍSLANDS**




## SPURNING DAGSINS



*Ásbjörn, á bara'ð fara'ð nota þara?*

„Já, svo eldsneytisinnkaupin megi spara.“

Ásbjörn Torfason fer fyrir verkefni þar sem athugað er hvort nota megi þara til framleiðslu á lífeldsneyti.

Svissnesk yfirvöld vilja fá þrjá þýska embættismenn handtekna og framselda:

# Sakaðir um njósnir og þjófnað

**ÞÝSKALAND** Ríkissaksóknari í Sviss hefur gefið út handtökuskipun á hendur þremur starfsmönnum skattaeftirlitsins í Þýskalandi. Þeir eru sakaðir um að hafa stundað njósnir um viðskiptavini svissneska bankans Credit Suisse.

Þýsku skatteftirlitsmennirnir hafa skýrt frá því opinberlega að árið 2010 keyptu þeir geisladisk með stolnum upplýsingum frá svissneska bankanum Credit Suisse. Svissnesk yfirvöld grunar hins vegar að þeir hafi sjálfir fengið starfsmann bankans til þess að stela upplýsingunum, og séu því sekir um brot á lögum gegn iðnaðarnjósnum. Þær upplýsingar leiddu á sínum tíma til þess að upp komst um þúsundir þýskra skattsvikara, sem höfðu komið fé sínu undan til svissneskra banka til að sleppa við að greiða skatt í Þýskalandi. Þýska ríkið fékk í framhaldinu meira en þrjú hundruð milljarða í ríkiskassann. Þar á ofan fóru Þjóðverjar í mál við starfsmenn Credit Suisse fyrir aðstoð, sem þeir höfðu veitt þýskum skattsvikurum. Bankinn greiddi Þjóðverjum 150 milljónir evra til að losna við þau málaferli.




**CREDIT SUISSE** Handtökuskipunin hefur valdið miklu uppnámi í þýska stjórnkerfinu. NORDICPHOTOS/AFP

Geisladiskinn fengu þýsku embættismennirnir hjá millilið, sem sagður er hafa fengið diskinn frá starfsmanni Credit Suisse.

Milliliðurinn fékk 2,5 milljónir evra fyrir sinn hlut, en hann er nú dáinn og getur því ekki upplýst með hvaða hætti hann fékk diskinn frá starfsmanni bankans. **- gb**

Kynntist manni á Facebook:

# Kona lamin og rænd farsíma

**LÖGREGLUMÁL Ráðist var á konu á heimili hennar í Vesturbæ Reykjavíkur aðfaranótt þriðjudags og hún rænd farsíma sínum.**

**Lögregla greinir frá því að klukkan þrjú um nóttina hafi erlend kona komið á lögreglustöðina við Hverfisgötu og tilkynnt að á hana hefði verið ráðist. „Konan, sem var nokkuð blóðug, sagðist hafa kynnst manni á Facebook og hann komið heim til hennar. Eftir stuttar samræður hafi maðurinn ráðist á hana og gengið í skrokk á henni,“ segir í tilkynningu. - óká**

Tillögur sænskrar nefndar:

# Vill afnema réttargeðdeildir

**SVÍÞJÓÐ Fangar sem fundnir eru ósakhæfir eiga að hljóta sams konar refsingu og aðrir fangar. Það á ekki að dæma þá til vistunar á réttargeðdeild. Þetta eru tillögur sænskrar nefndar sem farið hefur yfir lögin um nauðungarinnlögn geðveikra og lögin um vistun ósakhæfra fanga sem kynntar voru félagsmálaráðherra Svíþjóðar, Göran Hägglund, í gær. Greint var frá þessu á fréttavef Dagens Nyheter.**

**Á vef Aftonbladet er haft eftir afbrotafræðingnum Mikael Rying að mikilvægt sé fyrir samfélagið að vita hvernig hægt sé að koma í veg fyrir að viðkomandi fremji aftur brot. Refsingin sjálf skipti minna máli. - ibs**

Rannsókn SÍ á Samherja:

# Ætlar að sniðganga Ísland

**SJÁVARÚTVEGUR** Dótturfyrirtæki Samherja, Deutsche Fishfang Union í Þýskalandi (DFFU), hefur ákveðið að hætta tímabundið öllum viðskiptum við Ísland. RÚV greindi frá þessu í gærkvöldi.

Í fréttinni kemur fram að félagið ætlar ekki að selja afurðir sínar í gegnum íslensk sölufyrirtæki, sækja þjónustu hér eða landa úr skipum félagsins á Íslandi. Þetta er gert á meðan ekki fæst upplýst hvað fyrirtækið er grunað um að gera rangt í viðskiptum á Íslandi.

Seðlabankinn lagði nýlega hald á bókhaldsgögn DFFU sem vistuð eru hér á landi í tengslum við rannsókn sína á meintum brotum Samherja á gjaldeyrislögum.

Gangi áform DFFU eftir mun það hafa mikil áhrif á landvinnslu Samherja á Norðurlandi þar sem allar áætlanir gera ráð fyrir hráefni frá DFFU, en veiðiheimildir Samherja duga ekki til þess að halda uppi vinnslu árið um kring. **- shá**

# Unga fjölskyldufólkið aftur í utanlandsferðir

**Um 26.500 Íslendingar flugu af landi brott í mars. Það er um 17% aukning frá sama mánuði í fyrra. Unga fjölskyldufólkið virðist farið að ferðast aftur þó ferðamynstrið sé breytt segir forstjóri ferðaskrifstofu. Ferðirnar eru styttri.**

**FERÐALÖG** Um 26.500 Íslendingar fóru af landi brott til lengri eða skemmri tíma í nýliðnum marsmánuði. Það eru um 855 á dag að meðaltali, sem er um sautján prósenta aukning frá sama mánuði í fyrra.

Enn vantar talsvert upp á að ná þeim fjölda utanlandsferða sem landsmenn fóru í árin fyrir hrun. Í mars 2008 fóru um 38.600 Íslendingar úr landi, eða um 1.250 á hverjum degi að meðaltali.

Utanlandsferðum Íslendinga fækkaði um næstum helming í kjölfar hrunsins haustið 2008, eins og lesa má úr tölum Ferðamálastofu. Síðan hefur fjöldi utanlandsferða aukist hægt og bítandi. Í mars síðastliðnum voru farnar umtalsvert fleiri ferðir en í mars 2004, en ekki jafn margar og í sama mánuði á árunum 2005 til 2008.

Alls fóru 71.100 Íslendingar af landi á fyrsta ársfjórðungi ársins, sem er um níu prósenta aukning frá sama tímabili í fyrra. Eins og bent er á í morgunkorni frá Greiningu Íslandsbanka hefur gengi krónunnar veikst um sex prósent á árinu.

Þorsteinn Guðjónsson, forstjóri ferðaskrifstofunnar Úrval-Útsýn, segir að hrunið hafi bitnað mun meira á fólki á aldrinum 30 til 50 ára en á þeim sem eldri eru. Algert hrun hafi orðið í ferðum ungs fjölskyldufólks, en fólk yfir fimmtugu hafi áfram ferðast þrátt fyrir hrunið.

Nú virðist unga fjölskyldufólkið aftur vera farið að ferðast, og segir Þorsteinn að um 50 prósenta aukning hafi verið í sölu til þessa aldurshóps í fyrra.

Ferðirnar eru þó öðruvísi samsettar en fyrir hrun. Fjölskyldufólkið fer almennt í styttri ferðir en áður, meðaltalið er um tíu dagar en var tólf áður, segir Þorsteinn. Þá fer fólk oft styttri vegalengdir en á árunum fyrir hrun.

„Á árunum 2006 og 2007 vildu margir komast á framandi slóðir. Nú veit ég ekki hvort ævintýraþráin hafi minnkað eða fólk þurfi að hugsa meira um kjörin, en fólk fer frekar á hefðbundnari slóðir í dag,“ segir Þorsteinn.

Hann segir fólk einnig velja í mun meiri mæli en áður að fara í ferðir þar sem allt sé innifalið á gististaðnum. Það hafi verið nær óþekkt fyrir hrun, en nú vilji fólk það gjarnan til að halda útgjöldunum í lágmarki. **brjann@frettabladid.is**



**STRANDLÍF** Sólarlandaferðirnar eru yfirleitt styttri nú en fyrir hrun, auk þess sem líklegra er að fólk ferðist til nærliggjandi lands frekar en að fara á framandi slóðir segir forstjóri Úrvals-Útsýnar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP






**Í FJÓSINU** Kúabú með mjaltaþjóna skiluðu afurðastöðvum 35,2 milljónum lítra af mjólk í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Mjaltaþjónahlufallið hæst hér:

# Íslensk kúabú bæta heimsmet

**LANDBÚNAÐUR** Hlutfall mjólkur sem kemur frá búum með mjaltaþjóna er hæst í heimi hér á landi, eða 28,2 prósent. Frá þessu er greint á vef Landssambands kúabænda og vitnað í tölur NMSM, samtaka norrænna afurðastöðva í mjólkuriðnaði.

„Fyrra metið var sett árið 2010 þegar dönsk kúabú með mjaltaþjóna skiluðu 26,9 prósentum heildarmagns mjólkur þar í landi,“ segir á vefnum.

Um síðustu áramót var 101 kúabú með mjaltaþjóna hér á landi og sum með fleiri en einn mjaltaþjón. Heildarfjöldi mjaltaþjóna á landinu öllu var sagður 120 um áramótin. **- óká**

Uppreisnarmenn í Sýrlandi:

# Segja fólkið bíða eftir færi

**SÝRLAND, AP Uppreisnarmenn í Sýrlandi segja að Bashar al-Assad forseti geri sér vonir um að geta endanlega brotið uppreisnina í landinu á bak aftur fyrir 10. apríl, en þá hefur hann lofað að draga her sinn frá fjölmennum íbúðasvæðum.**

**„Þetta mun ekki gerast, því um leið og hann dregur skriðdreka sína frá borgunum þá mun fólkið stíga fram og reyna að steypa stjórninni,“ segir Adel al-Omari, einn uppreisnarmannanna. - gb**






Síminn ósáttur við 440 milljóna sekt fyrir að misnota ráðandi stöðu á markaði:

# Hæsta sekt sinnar tegundar

**SAMKEPPNISMÁL** Samkeppniseftirlitið hefur ákveðið að leggja 440 milljóna króna sekt á Símann fyrir brot á samkeppnislögum. 390 milljónir eru vegna misnotkunar á markaðsráðandi stöðu og brot gegn ákvæðum EES-samningsins og fimmtíu milljónir vegna rangrar og misvísandi upplýsingagjafar til yfirvalda við meðferð málsins. Sektin er sú hæsta sem lögð hefur verið á fyrirtæki á Íslandi vegna misnotkunar á markaðsráðandi stöðu.

Málið hófst með kæru frá símafyrirtækinu Nova en vatt upp á sig og við rannsókn málsins kom í ljós að Síminn hafði brotið lögin frá árinu 2001 allt til ársins 2007.

Niðurstaðan er sú að Síminn beitti keppinauta sína verðþrýstingi til að gera þeim erfiðara fyrir að ná fótfestu á farsímamarkaði. Í þessu tilfelli er Síminn talinn hafa tekið óeðlilega hátt gjald fyrir að hleypa öðrum símfyrirtækjum inn á kerfi sitt, og mun hærra en gjaldið á símtöl innan kerfis Símans.

Þetta leiddi til þess að til að vera samkeppnishæft þurfti Nova að bjóða viðskiptavinum sínum ókeypis símtöl innan eigin kerfis, sem leiddi til þess að félagið var rekið með miklu tapi fyrstu árin, að því er segir í niðurstöðu Samkeppniseftirlitsins. Ljóst sé að á brotatímabilinu hafi fyrirtæki hætt við að hefja hér starfsemi vegna þessa og önnur hrökklast af markaði.

Síminn lýsti því yfir í gær að fyrirtækið hygðist áfrýja niðurstöðunni. Hún kæmi á óvart og að Samkeppniseftirlitið væri með henni að fordæma eðlilega háttsemi en ekki vernda samkeppni. **- sh**



**ÁFRÝJAR** Sævar Freyr Þráinsson, forstjóri Símans, vitnaði í fréttum Stöðvar 2 í álit ráðgjafarfyrirtækisins Copenhagen Economics, sem hafði ekki gert athugasemdir við fyrirkomulagið. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# AFMÆLISTILBOÐ!

## RÚMFATALAGERINN VERÐUR 25 ÁRA Í HAUST OG AF ÞVÍ TILEFNI ÆTLUM VIÐ AÐ TAKA FORSKOT Á SÆLUNA OG BJÓÐA LANDSMÖNNUM UPP Á FRÁBÆR AFMÆLISTILBOÐ!



ALLT AÐ 33% AFSLÁTTUR

**NOVA HÆGINDASÓFAR**
Með svörtu PU áklæði.
Hægt að halla baki og lyfta skemli.
Hægindastóll stærð:
B146 x H103 x D95 sm.
**59.950** nú **49.950**
Stærð á 2ja sæta:
B146 x H103 x D95 sm.
**89.950** nú **59.950**
Stærð á 3ja sæta: B207 x H103 x D95 sm.
**109.950** nú **79.950**

AFMÆLISTILBOÐ
2JA SÆTA SÓFI
FULLT VERÐ: 89.950
**59.950**
1987 - 2012

SPARIÐ 2.000

KRONBORG® OF DENMARK



Koddi
50 x 70 sm.
**5.995**

DÚNSÆNG

AFMÆLISTILBOÐ
STÆRÐ: 135 X 200 SM.
FULLT VERÐ: 14.950
**12.950**
1987 - 2012

**KRONBORG GREENLAND ANDADÚNSÆNG**
Notaleg og góð sæng fyllt með 750 gr. af andadúni og andafiðri. Sængin er saumuð í ferninga og því helst dúnninn jafn yfir alla sængina. Stærð: 135 x 200 sm. **14.950** nú **12.950**
Extra löng: 135 x 220 sm.
**16.950**
Koddi stærð: 50 x 70 sm.
**5.995**

AFMÆLISTILBOÐ
STÆRÐ: 100 X 250 SM.
FULLT VERÐ: 3.995
**3.195**
1987 - 2012



20%

STRIMLAGARDÍNA

**JO STRIMLAGARDÍNUR**
Mjög flottar strimlagardínur með samlitu JAQUARD munstri. Fáanlegar í beige og svörtu. Hægt að stytta strimlana bæði á hæð og breidd. Stærðir:
100 x 250 sm. **3.995** nú **3.195**
150 x 250 sm. **5.995** nú **4.795**
200 x 250 sm. **7.995** nú **6.395**
250 x 250 sm. **9.995** nú **7.995**
300 x 250 sm. **11.950** nú **9.560**




20%

King cole



AFMÆLISTILBOÐ
1 DOKKA
FULLT VERÐ: 499
**399**
1987 - 2012

**GALAXY GARN**
Fallegt garn með palliettum. Mjúkt og áferðafallegt. Efni: 31% ull, 65% akrýl og 4% payette. Fæst í nokkrum litum.



33%

AFMÆLISTILBOÐ
TOP ROLLER
FULLT VERÐ: 2.995
**1.995**
1987 - 2012

**50 LÍTRA TOP ROLLER PLASTKASSI**
Stór og rúmgóður plastkassi á hjólum. Langt og gott handfang. Stærð: 60 x 40 x 34,5 sm.



50%

AFMÆLISTILBOÐ
FERÐATASKA
FULLT VERÐ: 3.995
**1.995**
1987 - 2012

**BLACKIE FERÐATASKA Á HJÓLUM**
Mjúk ferðataska á hjólum.
Fæst í svörtu og rauðu.



50%

AFMÆLISTILBOÐ
1 PAR FULLT VERÐ: 399
**199**
1987 - 2012

**SOFT BARNASOKKAR**
Hlýir og mjúkir sokkar í flottum litum. Sokkarnir eru með stoppi undir il. Stærðir: 27 - 38.

RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ
www.rumfatalagerinn.is

## GENGIÐ 03.04.2012

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 126,07 | 126,67 |
| Sterlingspund | 201,85 | 202,83 |
| Evra | 168,14 | 169,08 |
| Dönsk króna | 22,596 | 22,728 |
| Norsk króna | 22,218 | 22,348 |
| Sænsk króna | 19,136 | 19,248 |
| Japanskt jen | 1,5369 | 1,5459 |
| SDR | 195,26 | 196,42 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
230,4132

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Evrópuþingmaður um áframhald aðildarviðræðna Íslands og ESB:

# Fiskveiðarnar þurfi ekki að verða hindrun

**EVRÓPUMÁL** „Ég er bjartsýnn á að viðræður um fiskveiðimál geti skilað hagstæðri niðurstöðu fyrir bæði Ísland og Evrópusambandið,“ segir Evrópuþingmaðurinn Christian Dan Preda í samtali við Fréttablaðið.

Dan Preda, sem er í forsvari hjá Evrópuþinginu í málefnum sem varða aðildarumsókn Íslands, er staddur hér á landi vegna fundar sameiginlegrar þingmannanefndar Íslands og ESB.

Hann segist byggja bjartsýni sína á því að allt sé til staðar til þess að uppbyggilegar viðræður geti átt sér stað.

„ESB hefur á að skipa góðu samningaliði og íslensku samningamennirnir eru sömuleiðis mjög færir á sínu sviði. Svo eru báðir aðilar með mikla reynslu og þekkingu á sviði fiskveiða og þannig erum við með kjöraðstæður til að ná samkomulagi milli aðilanna.“

Dan Preda, segir að gagnkvæmir hagsmunir Íslands og ESB ættu að tryggja opnar viðræður þó að í almennri umræðu beggja vegna borðsins sé jafnan gert ráð fyrir að komandi viðræður um fiskveiðar verði hvað erfiðasti hjallurinn í aðildarviðræðunum.

„Þetta er auðvitað veigamikið mál fyrir bæði Ísland og ESB og ég skil hvers vegna umræðan er eins og hún er. Hins vegar sé ég ekki hvers vegna við ættum ekki að geta náð góðu samkomulagi.“

Enn hafa samningaviðræður um fiskveiðar ekki hafist, en Stefan Füle, stækkunarstjóri ESB, sagði í svari við spurningu Fréttablaðsins fyrir helgi að hann vonaðist til þess að allir kaflar yrðu opnaðir fyrir árslok. - þj



**BJARTSÝNN** Evrópuþingmaðurinn Christian Dan Preda segist vongóður um að Ísland og ESB nái samkomulagi um fiskveiðmál. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Kanadísk rannsókn:

## Heilbrigð börn ranglega sögð með ADHD

**HEILBRIGÐISMÁL Þrjátíu prósenta meiri líkur eru á að yngstu börnin í bekknum, einkum drengir, séu greind með ADHD, athyglisbrest og ofvirkni, heldur en bekkjarfélagar þeirra sem eru 11 mánuðum eldri.**

**Þetta eru niðurstöður nýrrar kanadískrar rannsóknar sem tók til 940.000 skólabarna á aldrinum sex til 12 ára, sem greint er frá á vef danska blaðsins Politiken. Vísindamennirnir telja að í vissum tilfellum séu yngstu börnin greind með ADHD einfaldlega vegna þess að þau eru ekki jafnþroskuð og þau eldri. Þau fái þess vegna meðferð sem þau þurfi ekki.** - ibs

### HALDIÐ TIL HAGA



Í frétt blaðsins í gær um árás Huskyhunda á kött í Grafarvogi birtist mynd af hundi þeirrar tegundar. Hundurinn á myndinni tengdist hins vegar ekki árásinni og eru eigendur hans beðnir velvirðingar á myndbirtingunni.

# Uppsóp er þrefalt á götum borgarinnar

**Vandséð er að tímaáætlanir haldi í vorhreinsun gatna í Reykjavík. Tíðarfar í vetur varð til þess að mun meira hefur safnast af sandi og drullu á götum borgarinnar. Jákvætt viðmót borgara sem færa bíla sína flýtir fyrir vinnunni.**

**REYKJAVÍK** Gífurlegt magn af sandi og drullu tefur hreinsistarf á götum og gangstéttum Reykjavíkur. Þessa dagana er unnið að hreinsun með kröftugum hreinsitækjum og má gera ráð fyrir slíkum framkvæmdum út mánuðinn hið minnsta.

„Eiginlega er það tíðarfarið sem búið er að vera í vetur sem veldur þessu,“ segir Lárus Kristinn Jónsson, framkvæmdastjóri Hreinsitækni sem annast hreinsun fyrir borgina. „Ég myndi halda að í vetur hafi verið sandað um það bil þrisvar sinnum meira en á miðlungsvetri. Ef ég man rétt er búið að dreifa á stéttar höfuðborgarinnar um 3.000 rúmmetrum af sandi.“

Verkið er svo að stórum hluta unnið með litlum gangstéttarsópum. „Sem dæmi má nefna að við hreinsun stétta á Snorrabraut vorum við búnir að fylla fimm sópa, en hver tekur um rúmmetra af efni, og áttum þá eftir einn þriðja af leiðinni. Vanalega hefa dugað einn eða tveir vagnar.“

Þar sem snjó hefur verið hraukað upp, svo sem við Laugardalslaug, segir Lárus ástandið svo jafnvel enn verra. „Við erum allt að því þrisvar sinnum lengur að þessu bara út af efnismagni.“ Lárus segir þó ánægjulegt að fólk komi gjarnan út og færi bíla sína frá til að auðvelda þrifin. Það flýti fyrir.

Ljóst er að mikill kostnaðarauki er af meira uppsópi og akstri og ekki fjarri lagi að þrefalt sandmagn þrefaldi líka olíukostnað við hreinsun. Kostnaðaraukann segir Lárus hins vegar líklega lenda á fyrirtækinu. „Þetta er náttúrlega bara allt í útboði hjá okkur og í föstum tölum.“

Samkvæmt áætlun átti vorhreinsunin að hefjast 15. mars og kveður Lárus fljótlega hafa komið hringingar frá borginni til að huga að verkinu og tímaáætlunum. „En fram til 19. mars var nú bara enn þá verið að moka snjó,“ segir hann og telur að miðað við aðstæður hefði verið nær að gefa fyrirtækinu rýmri tíma til að klára.

Samkvæmt upplýsingum frá borginni er þessa dagana unnið að hreinsun gatna í Háaleiti, Gerðum og Fossvogi og að því stefnt að ljúka fyrri yfirferð í þeim hverfum fyrir páska. Eins séu páskafrí nýtt til að hreinsa skólalóðir.

Þá kemur fram að til páska verði einnig lögð áhersla á hreinsun göngu- og hjólastíga enda megi búast við að fólk stundi hjólreiðar og útivist í páskafríinu. Áhersla verður lögð á helstu hjólaleiðir, svo sem um Fossvogsdal, Elliðaárdal upp í Víðidal og áfram upp að Rauðavatni. „Einnig verða leiðirnar meðfram Miklubraut og yfir Gerð-



**UNNIÐ AÐ HREINSUN** Í aprílmánuði og líkast til eitthvað fram í maí verða götusóparar algeng sjón á götum Reykjavíkur. Svo mikið var sandað í vetur vegna hálku og snjóa að það tefur hreinsistarfið. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

> Þetta er náttúrlega allt í útboði hjá okkur og í föstum tölum.
>
> LÁRUS KRISTINN JÓNSSON
> FRAMKVÆMDASTJÓRI HREINSITÆKNI

Stálu kreditkortaupplýsingum:

## Um 1,5 milljón korta stolið

**BANDARÍKIN, AP** Allt að 1,5 milljónum kreditkortanúmera var stolið rafrænt af bandaríska kortafyrirtækinu Global Payments. Með númerunum fylgdu öryggisnúmer og útgáfudagsetningar sem þarf til að nota kortin á netinu.

Kortanúmerunum var stolið snemma í mars, en ekki var upplýst um hann fyrr en Mastercard og Visa tilkynntu kortanotendum um atvikið á föstudag. Bæði Visa og Mastercard lögðu áherslu á að kostnaður vegna misnotkunar falli ekki á eiganda kortanna. - bj




Sorgarstund Sjö manns féllu í skotárás í háskóla í Kaliforníu í fyrradag.

Myrti sjö í skotárás í skóla:

## Reiður vegna brottrekstrar

**BANDARÍKIN, AP Árásarmaðurinn, sem myrti sex nemendur og einn skólaritara í skotárás á skóla í Kaliforníu á mánudag, heitir One L. Goh. Ástæða morðanna er talin vera reiði Gohs vegna þess að hann var rekinn úr skólanum, auk þess sem kennari hafði gert grín að enskukunnáttu hans. Goh hugðist drepa þennan tiltekna kennara, en tók að myrða fólk af handahófi.**

**Skólinn var stofnaður til þess að aðstoða innflytjendur frá Suður-Kóreu að fóta sig í bandarísku samfélagi.** - gb






## VEÐURSPÁ



Ingibjörg Karlsdóttir
veðurfréttamaður

**MILDIR DAGAR**
eru fram undan og litlar breytingar á veðri. Litlis háttar úrkoma verður vestanlands og jafnvel á Norðurlandi en annars víða þurrt og nokkuð bjart. Besta veðrið verður líklega á Suðausturlandi þar sem saman fer mildasta og bjartasta veðrið.



Á MORGUN
Fremur hægur vindur um allt land.

FÖSTUDAGUR
Fremur hægur vindur um allt land.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 18° |
| Basel | 19° |
| Berlín | 8° |
| Billund | 6° |
| Frankfurt | 15° |
| Friedrichshafen | 13° |
| Gautaborg | 7° |
| Kaupmannahöfn | 7° |
| Las Palmas | 22° |
| London | 9° |
| Mallorca | 18° |
| New York | 17° |
| Orlando | 31° |
| Ósló | 7° |
| París | 14° |
| San Francisco | 14° |
| Stokkhólmur | 5° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Einar Davíðsson *einar.davidsson@365.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*, Ívar Örn Hansen *ivarorn@365.is*, Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is* **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason *einar.skulason@365.is*

# Brakandi ferskt
*alla daga*

úrval af berjum - fersk með flugi!

FERSKT með FLUGI

**Papaya Gold**
899 kr/kg

**Aspars 250g búnt**
399 kr/pk

Jarðarber
Bláber
Hindber
Brómber
Rifsber
Blæjuber
Vínber

**Little Gem salat**
299 kr/pk

**Ferskar fíkjur**
299 kr/stk

Fullþroskað! -hægt að borða strax!

Avocado Hash
Mangó
Papaya

frábært úrval af eplum!

SÚRT — GRÆN EPLI — KONFEKT EPLI — RAUÐ EPLI — GUL EPLI — JONAGOLD — ROYAL GALA — FUJI — SÆTT

ÍSLENSKA HAMBORGARAFABRIKKAN 2010

# Eftirréttina
*færðu hjá okkur*

GOTT – Eftirréttir –

Rikka

**Skyrterta**
- Vinsælasta Fabrikku skyrtertan í heiminum!

**Gulrótarkaka**
- þriggja hæða

Vanilluís með brownies-kökum, karamellusósu og Bourbon vanillu

Súkkulaðimús með kókos og rommi

Heit súkkulaðikaka með mjúkri miðju

Silkimjúk súkkulaðimús með hindberjum

Jói FEL

**Ostakaka að hætti Jóa Fel**
- með appelsínusúkkulaði

**Breyer´s ís**
- 5 tegundir

PÁSKAKAKA
999 kr/stk

illy
úrvals kaffi

## OPNUNARTÍMI PÁSKAR 2012

| | SKEIFAN GARÐABÆR EIÐISTORG | KRINGLAN SMÁRALIND SPÖNG, AKUREYRI HOLTAGARÐAR | NJARÐVÍK BORGARNES SELFOSS |
|---|---|---|---|
| 5. apríl Skírdagur | OPIÐ TIL MIÐNÆTTIS | 10:00-20:00 | 10:00-18:00 |
| **6. apríl Föstudagurinn langi** | **LOKAÐ** | **LOKAÐ** | **LOKAÐ** |
| 7. apríl Laugardagur | 24 TÍMA | 10:00-20:00 | 10:00-18:00 |
| **8. apríl Páskadagur** | **LOKAÐ** | **LOKAÐ** | **LOKAÐ** |
| 9. apríl Annar í páskum | OPNAR Á MIÐNÆTTI | 12:00-20:00* | 12:00-18:00 |

*LOKAÐ Í KRINGLUNNI Á ANNAN Í PÁSKUM

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

## KJÖRKASSINN



*Væri rétt að svipta útgerðir veiðiheimildum ef þær brjóta lög?*

| | |
|---|---|
| Já | 75% |
| Nei | 25% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Teldir þú rétt að fækka íslenskum háskólum í hagræðingarskyni?*

Segðu skoðun þína á Visir.is. VÍSIR

Atvinnuleysi á evrusvæðinu hefur ekki verið meira frá upptöku evrunnar:

# 17 milljónir manna án vinnu

**EVRÓPUSAMBANDIÐ** Atvinnuleysi á evrusvæðinu hefur aldrei verið meira en nú frá því að evran var tekin upp 1999.

Atvinnuleysið er nú 10,8 prósent sem þýðir að um 17 milljónir manna eru án vinnu samkvæmt nýjum gögnum frá Evrópusambandinu um atvinnuleysi í febrúar síðastliðnum. Búist er við að talan fyrir marsmánuð verði enn hærri en atvinnuleysið hefur aukist stöðugt undanfarna tíu mánuði. Verst er ástandið í skuldugustu löndunum. Atvinnuleysið er mest á Spáni eða yfir 23 prósent. Í Portúgal er atvinnuleysið yfir 15 prósent en 10 prósent á Ítalíu.



**ÁN VINNU** Atvinnuleysi á Spáni er nú um 23 prósent. NORDICPHOTOS/AFP

Best er ástandið nú í Austurríki þar sem atvinnuleysið er 4,2 prósent, í Hollandi er atvinnuleysið 4,9 prósent en 5,7 prósent í Þýskalandi.

Í Evrópusambandslöndunum 27 voru 24.550 milljónir án vinnu í febrúar síðastliðnum.

Samkvæmt frétt á vef sænska ríkisútvarpsins heldur stjórn Seðlabanka Evrópu mánaðarlegan fund sinn á miðvikudaginn en þrátt fyrir þetta mikla atvinnuleysi er ekki búist við að seðlabankinn lækki mikilvægustu stýrivexti sína sem eru 1 prósent vegna áhyggna af hækkandi verðbólgu. - ibs

Íbúum fjölgar um 0,4 prósent:

# Landsmenn nú 319.575 talsins

**FÓLK** Landsmönnum fjölgaði um 1.123 einstaklinga á árinu 2011, sem er um 0,4 prósenta fjölgun á árinu. Íslendingar og aðrir íbúar landsins voru orðnir 319.575 talsins þann 1. janúar síðastliðinn samkvæmt gögnum Hagstofu Íslands.

Alls fæddust 4.496 börn á síðasta ári, 2.327 drengir og 2.169 stúlkur. Alls létust 1.958 á árinu. Þá fluttu 6.982 frá landinu á síðasta ári, en 5.578 til landsins, og brottfluttir því 1.404 fleiri en aðfluttir. - bj










# Ekki hægt að tala um fólksflótta héðan

**Brottflutningur frá Íslandi er síst meiri nú en á öðrum samdráttarskeiðum samkvæmt nýrri skýrslu. Atvinnuleysi á Evrópska efnahagssvæðinu hefur áhrif á að hvorki Íslendingar né útlendingar fari í meiri mæli til annarra landa.**

**SAMFÉLAGSMÁL** Því fer fjarri að fólksflótti sé brostinn á frá Íslandi. Brottflutningur er síst meiri en hann hefur verið önnur samdráttarskeið í Íslandssögunni. Þetta kemur fram í skýrslu Ólafar Garðarsdóttur, prófessors við menntavísindasvið Háskóla Íslands og mannfjöldasérfræðings, sem hún gerði fyrir velferðarráðuneytið.

„Frá því að samdráttarskeiðið hófst hér á landi í árslok 2008 hefur þeirri skoðun verið haldið mjög á lofti að brostinn sé á fólksflótti frá landinu sem muni hafa alvarlegar félagslegar og efnahagslegar afleiðingar. Í samhenginu hefur oft verið vísað til Vesturheimsferðanna á 19. öld og til efnahagskreppunnar í Færeyjum upp úr 1990 en þá fækkaði íbúum í Færeyjum um rúm níu prósent á sex ára tímabili. Ljóst er að slíkur samanburður er fjarri sanni,“ segir í skýrslunni.

Árið 2009 fækkaði landsmönnum um hálft prósentustig eftir mikla fólksfjölgun árin þar á undan. Árin 2010 og 2011 fjölgaði landsmönnum hins vegar á nýjan leik þótt fjölgunin hefði verið mun minni en flest ár síðustu áratugina, eða 0,3 og 0,4 prósent. Fólksfjölgun var hröð fyrstu ár þessarar aldar og á þensluskeiðinu um miðbik áratugarins varð fólksfjölgun hér meiri en í nokkru öðru Evrópulandi. Þannig fór fólksfjölgun yfir tvö og hálft prósent árin 2007 og 2008.

„Í ljósi þess hve margir útlendingar fluttu til landsins í aðdraganda hruns verður að teljast athyglisvert hversu lítill brottflutningurinn er í hópi erlendra ríkisborgara. Þannig var fjöldi aðfluttra umfram brottflutta erlenda ríkisborgara rúmlega 16.000 árin 2005 til 2008. Þótt flutningsjöfnuðurinn hafi vissulega verið neikvæður í þessum hópi nú á samdráttarskeiðinu er fjöldi brottfluttra erlendra ríkisborgara innan við 3.000 fleiri en aðfluttir öll árin 2009 til 2011.“

Áhrif samdráttarskeiðsins á samsetningu innflytjendahópsins hafa einkum verið þau að karlmönnum hefur fækkað.

Ekki þarf að koma á óvart að brottflutningur íslenskra ríkisborgara sé ekki meiri nú en áður. Það stafi af því að atvinnuleysi sé mikið alls staðar á Evrópska efnahagssvæðinu, að undanskildum Noregi, en þangað fara flestir Íslendingar sem flytjast brott. Atvinnuleysið í Evrópu hefur einnig áhrif á brottflutning erlendra ríkisborgara. thorunn@frettabladid.is



**MANNLÍF** Brottflutningur af landinu er svipaður og á síðustu samdráttarskeiðum í sögunni. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

### Fjölmenningarsamfélagið að þroskast

„Þeir útlendingar sem hingað hafa sótt á undanförnum tveimur áratugum hafa breytt miklu um svipmót þjóðfélagsins. Fólki með erlendan bakgrunn hefur fjölgað hvort sem litið er til innflytjenda, barna innflytjenda eða fólks af blönduðum uppruna.“ Lengi vel voru flestir innflytjendur á vinnualdri og fá börn af erlendum uppruna voru hér á landi. Þetta hefur breyst á allra síðustu árum. Einstaklingar sem hér búa eru jafnframt af fleiri þjóðernum en áður og aldurssamsetningin tekur örum breytingum. „Samsetning innflytjendahópsins og afkomenda þeirra svipar þannig nú meira til innlenda mannfjöldans en var á mesta þensluskeiðinu. Þetta bendir til þess að íslenskt fjölmenningarlegt samfélag sé að þroskast og ná meira jafnvægi eftir mikla þenslu áranna 2005 til 2007.“

Fæðuval minksins ólíkt eftir því hvort hann býr sér ból við sjó eða inni í landi:

# Íslenskur minkur étur meiri fisk

**NÁTTÚRA** Mikilvægasta fæða íslenska minksins eru ýmsar tegundir fiska og fugla. Fæða minksins er þó mjög mismunandi eftir búsvæðum dýrsins, eftir árstíðum og kyni. Fiskur er stærri hluti fæðu minks hérlendis en í flestum sambærilegum rannsóknum erlendis.

Þetta eru niðurstöður rannsóknar Rannveigar Magnúsdóttur og félaga á Náttúrustofu Vesturlands, Háskóla Íslands og Oxfordháskóla. Skoðað var innihald í maga 851 minks, eins og Náttúrustofa Vesturlands greinir frá á heimasíðu sinni.

Fæðuval var mismunandi eftir því hvort um var að ræða mink við sjávarsíðuna eða við ferskvatn inn til landsins. Við sjóinn voru helstu fæðutegundir grunnsævis- og fjörufiskar, ásamt öndum, vaðfuglum, fýl, svartfuglum, hagamúsum og hryggleysingjum. Við ferskvatn voru laxfiskar mjög mikilvægir en hornsíli einnig étin, ásamt vaðfuglum, öndum, fýl og hagamúsum. Talsverður árstíðamunur var í fæðuvalinu. Hann kom helst fram í því að fiskur voru uppistaða fæðunnar yfir vetrartímann en fugl mikilvægari að sumarlagi. - shá



**ÓBOÐINN GESTUR** Minkur var fyrst fluttur til landsins 1931, en hann slapp fljótlega út í villta náttúru. Landnámi hans lauk árið 1975 þegar hann tók sér bólfestu í Öræfasveitinni. MYND/SIGRÚN BJARNADÓTTIR



ToysRus
IT DOESN'T GET BIGGER THAN THIS!
25% afsláttur af öllum TRAMPÓLÍNUM og aukahlutum
TRAMPÓLÍN 366 CM ÖRYGGISNET EKKI INNIFALIÐ
28.499
SPARIÐ 9.500
TRAMPÓLÍN 240 CM ÖRYGGISNET EKKI INNIFALIÐ
20.249
SPARIÐ 6.750
TRAMPÓLÍN 426 CM ÖRYGGISNET EKKI INNIFALIÐ
32.249
SPARIÐ 10.750
SÉRLEGA STERKBYGGT
• Sérlega þykk, galvaníseruð stálgrind tryggir enn meira öryggi og endingu.
• Aðalgrind: 45 mm x 1,5 mm
• U-fótur: 38 mm x 1,5 mm
• Gormar: 3,5 mm
• Fást í 3 stærðum:
240 cm: Hámarksþyngd 150 kg
366 cm: Hámarksþyngd 150 kg
426 cm: Hámarksþyngd 140 kg
• Allir varahlutir eru fáanlegir.
Tilboðin gilda til og með 16.04.2012. VSK er innifalinn í verði.
Fyrirvarar eru gerðir vegna mögulegra prentvillna.
VENJULEGT VERÐ:
TRAMPÓLÍN: 240 cm: 26.999 ★ 366 CM: 37.999 ★ 426 CM: 42.999
ÖRYGGISNET: 240 cm: 19.999 ★ 366 CM: 22.999 ★ 426 CM: 26.999
AKUREYRI: Glerártorg, sími 461 4500 ★ GRAFARVOGUR: Blikastaðavegur, sími 585 0600 ★ KÓPAVOGUR: Smáratorg, sími 550 0800

## VEISTU SVARIÐ?




*1. Hvað þarf Íbúðalánasjóður mikla meðgjöf úr ríkissjóði til að ná lágmarks eiginfjárhlutfalli?*

*2. Hver eru fyrstu verðlaun í ljósmyndasamkeppni Fréttablaðsins?*

*3. Hvaða náttúrulegi efniviður er talinn geta verið undirstaða framleiðslu á lífeldsneyti sem komið gæti í stað innflutts eldsneytis?*

**SVÖR**

*1. Tíu milljarða króna. 2. Heimaljósastúdíó. 3. Stórþörungar, eða þang.*

Opið í Bláfjöllum yfir páskana enda ekki verið meiri snjór þar í yfir fimmtán ár:

# Búist við þúsundum í Bláfjöll

**FRÍSTUNDIR** „Það er mjög mikill snjór í Bláfjöllum, hefur varla verið meiri í fimmtán ár,“ segir Magnús Árnason, framkvæmdastjóri skíðasvæða Reykjavíkurborgar. „Við erum mjög bjartsýnir fyrir páskana.“

Að venju verður opið um páskana í Bláfjöllum, svo lengi sem veður leyfir, og er búist við þúsundum á skíði yfir hátíðirnar.

„Ef við náum að hafa opið yfir alla páskana má gera ráð fyrir að um fimmtán þúsund manns komi í Bláfjöll,“ segir Magnús. „Það eru samt ekki allir sem koma til að renna sér því sumir eru bara komnir til að spóka sig um, kíkja á messuna eða fylgjast með tónlistarviðburðum.“

Opið hefur verið í Bláfjöllum í vikunni. Um páskana verður opið frá tíu til fimm.

„Við höfum ekki enn fengið langtímaspá en það er ekki neinn vindur í kortunum svo við sjáum fram á að það verði opið,“ segir Magnús. **- kh**



**Á SKÍÐUM SKEMMTI ÉG MÉR** Mikill snjór er í Bláfjöllum um þessar mundir. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Harður árekstur í Breiðholti:

# Dópaður ók á umferðarljós

**LÖGREGLUMÁL** Ökumaður sem ók niður umferðarljós í hörðum árekstri á mótum Breiðholtsbrautar og Skógarsels laust fyrir klukkan hálf sjö í gærmorgun flúði af vettvangi á hlaupum.

Samkvæmt upplýsingum frá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu var hann svo gripinn tveimur tímum síðar þar sem hann reyndi að komast inn í bíla í Seljahverfi og kíkti á glugga húsa. Bílnum hafði verið stolið deginum áður og maðurinn er grunaður um að vera undir áhrifum vímugjafa. **- óká**

VERKFÆRI SEM HÆGT ER AÐ TREYSTA Á!




11.900 m/vsk
Fullt verð 19.900
IBTGAAI4201
42 HLUTA TOPPA OG FASTLYKLASETT
Toppar 1/4" og 1/2" 5,5 - 24 mm
Fastir lyklar 8 - 22 mm - Sterk plasttaska
www.sindri.is / sími 575 0000 SINDRI
Viðarhöfða 6 - Reykjavík Bæjarhrauni 12 - Hafnarfirði



**FRELSINU FEGNIR** Tveir gíslanna, sem látnir voru lausir í gær, ásamt hjúkrunarfræðingum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Létu tíu gísla lausa eftir tólf ár í haldi

**Kólumbísku skæruliðasamtökin FARC létu í gær lausa tíu gísla sem hafa verið í haldi þeirra í tólf til fjórtán ár. Mjög er nú þrengt að skæruliðunum, sem nýlega hétu því að hætta gíslatökum. Enn eru þó nokkur hundruð gísla í haldi þeirra.**

**KÓLUMBÍA, AP** Tíu kólumbískir lögreglumenn og hermenn, sem hafa verið gíslar skæruliðasamtakanna FARC í tólf til fjórtán ár, fengu frelsið í gær.

Miklir fagnaðarfundir urðu þegar ættingjar þeirra tóku á móti þeim. Þyrla hafði verið send til að ná í þá á ótilgreindan stað í frumskóginum. Ættingjar og ástvinir tóku síðan á móti þeim í höfuðborginni Bogota, þar sem þeir voru jafnframt sendir í læknisskoðun.

„Ég öskraði. Ég hoppaði upp og niður,“ sagði Olivia Solarte, móðir eins gíslanna, 41 árs gamals lögreglumanns sem hefur verið í haldi síðan í júlí árið 1999.

Enn eru að minnsta kosti 400 gíslar í haldi samtakanna, sem nýlega gáfu loforð um að þau væru hætt að taka gísla í tekjuöflunarskyni. Samtökin fullyrða að mennirnir tíu, sem látnir voru lausir í gær, séu síðustu lögreglu- og hermennirnir sem enn voru í haldi þeirra. Hinir séu allt almennir borgarar.

> Ég öskraði. Ég hoppaði upp og niður.
>
> **OLIVIA SOLARTE**
> MÓÐIR EINS GÍSLANNAS

Juan Manuel Santos, forseti Kólumbíu, fagnaði lausn gíslanna úr haldi, en sagði hana ekki duga til. Hún væri „skref í rétta átt, mjög mikilvægt skref,“ en samt ekki upphaf friðarviðræðna.

Hann vill fá ótvíræða staðfestingu á því að samtökin, sem hófu vopnaða baráttu árið 1964, hafi í reynd hætt öllum gíslatökum.

„Þegar stjórnvöld telja næg skilyrði og tryggingar vera fyrir hendi til þess að hafist geti ferli sem bindur enda á átökin, þá mun þjóðin vita af því,“ sagði Santos, sem hefur tekið af mikilli hörku á skæruliðasamtökunum frá því hann var varnarmálaráðherra á árunum 2006 til 2009 og síðan áfram eftir að hann tók við embætti forseta árið 2010.

Skæruliðasamtökin FARC voru upphaflega byltingarsamtök marxlenínista sem hugðust ná völdum í landinu, en hafa á seinni árum haldið sig að mestu til hlés inni á stóru landsvæði, sem þau hafa náð á sitt vald. Gíslatökur hafa þau þó haldið áfram að stunda, en einkum í fjáröflunarskyni því þau hafa heimtað rausnarlegt lausnargjald fyrir gísla sína. Helsta tekjulind þeirra hefur annars verið kókaínframleiðsla.

Liðsmenn þeirra eru taldir vera tíu til fimmtán þúsund, en fylgi þeirra meðal þjóðarinnar hefur dvínað jafnt og þétt.

Undanfarna áratugi hafa tvisvar verið gerðar tilraunir til friðarviðræðna milli FARC og stjórnvalda í Kólumbíu, en upp úr þeim slitnaði í bæði skiptin. **gudsteinn@frettabladid.is**

KYNNING
DR. COMFORT OG HEELEN
Apótekarinn Melhaga
í dag miðvikudaginn 4. apríl kl. 15-18




Dr. Comfort
Sokkar fyrir þá sem hafa sykursýki, gigt, bjúg, taugaskaða og/eða skerta blóðrás í fótum. Eru til í X-vídd fyrir breiða fætur.
Heelen
Stór vörulína sem býður upp á fjölbreyttar lausnir gegn algengum fóta og húðvandamálum
20% afsláttur
Dr. Comfort Apótekarinn Melhaga Heelen
www.portfarma.is



BYLGJAN 989 25 ÁRA
Heimir & Kolla vakna með þér í bítið
Fréttir, fróðleikur og frábær tónlist alla virka morgna kl. 6.50 – 9.00

Samtökin ´78 álykta vegna árásar á ungan transmann í Reykjavík:

# Vilja ákvæði inn í stjórnarskrá

**MANNRÉTTINDI** Stjórn Samtakanna ´78 skorar á Alþingi að gera lagaúrbætur til handa transfólki. Samtökin sendu frá sér yfirlýsingu í gær vegna þess að ungur transmaður var beittur ofbeldi á ölduhúsi í Reykjavík en fyrir þinginu liggur frumvarp um stöðu transfólks á Íslandi.

„Þetta atvik sýnir okkur hversu gríðarlega mikilvægt það er að Alþingi samþykki fyrirliggjandi frumvarp og bæti inn í stjórnarskrá og/eða refsilöggjöfina ákvæði til verndar transfólki með kynvitund sem ekki samræmist þeirra líffræðilega kyni,“ segir í tilkynningunni.

Í tilkynningunni kemur fram að stjórn samtakanna skrifaði síðasta sumar erindi til Stjórnlagaráðs um að bæta orðinu kynvitund inn í upptalningu á mismununarbreytum í jafnræðisreglu nýrrar stjórnarskrár. „Ef þessi tillaga að nýrri stjórnarskrá verður samþykkt er þar inni bann við mismunun vegna kynhneigðar, sem er ákveðinn sigur, en með því að bæta kynvitund inn í upptalninguna væri komin inn vernd fyrir transfólk einnig. Orðið kynhneigð vísar til þess hverja við elskum og orðið kynvitund til þess hvoru kyninu við upplifum okkur sjálf tilheyra,“ segir þar.

Stjórnlagaráð felldi naumlega tillöguna um að bæta kynvitund inn í textann og því ákvað stjórn Samtakanna að senda inn breytingartillögu til stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis. **- shá**


Brauðið sem
öll fjölskyldan
elskar!
HEIMILIS
BRAUÐ
MYLLAN
...þyngd: 770g
Í 10–11 finnurðu
frábært vöruúrval.
Þú færð nýtt og ferskt
Heimilisbrauð frá Myllunni
í næstu 10–11 verslun.
10 11
...alltaf opið!

Greining Seðlabanka Íslands á skuldavanda heimilanna

## Lykiltölur

**27%** er hlutfall hinnar sérstöku vaxtaniðurfærslu sem skilar sér til heimila í greiðsluerfiðleikum.

Tæpur helmingur þeirra sem eru með neikvæða eiginfjárstöðu í húsnæði sínu eru tekjuháar kjarnafjölskyldur.

**650** er fjöldi þeirra heimila sem komst úr greiðsluvanda vegna 110% leiðarinnar.

**261** milljarður króna er kostnaðurinn við 20% almenna niðurfellingu á verðtryggðum skuldum.

**6%** þeirra sem voru með öll sín lán í krónum voru bæði í greiðslu- og skuldavanda.

**57%** er hlutfall þeirrar upphæðar sem almennar niðurfellingar kosta og rennur til tekjuhárra hópa.

**88,8** milljarðar króna eru heildarafskriftir vegna 110% leiðarinnar.

**20%** skuldsettra heimila voru í greiðsluvanda í lok árs 2010.

Um fjögur þúsund barnafjölskyldur voru í greiðslu- og skuldavanda.

**19,2** milljarðar króna er upphæðin sem húseigendur með mikinn tekjuafgang fengu vegna 110% leiðarinnar.

**60%** er hlutfall heildarupphæðar sem greidd verður vegna sérstakrar vaxtaniðurfærslu sem fellur tekjuháum heimilum í skaut.

**23,6%** er hlutfall heildarupphæðar afskrifta vegna 110% leiðarinnar sem fellur heimilum í greiðsluvanda í skaut.

# Ómarkvissar leiðréttingar

**Aðgerðir til hjálpar skuldsettum heimilum virðast ekki hafa skilað sér nema að takmörkuðu leyti til þeirra sem þurftu á þeim að halda. Þeir teljuhæstu nutu verulega góðs af endurútreikningi ólöglegra gengislána.**

Fimmta hvert skuldsett heimili var í greiðsluvanda í lok árs 2010 að teknu tilliti endurútreiknings gengislána, hækkunar launa og innleiðingar greiðslujöfnunar fasteignalána. Fátt bendir til þess að þær aðgerðir sem komu til framkvæmda frá þeim tíma hafi dregið verulega út umfangi greiðsluvanda þar sem afrakstur þeirra skilaði sér að takmörkuðu leyti til þess hóps sem þurfti á þeim að halda. Skuldsetning vegna bílalána virðist eiga mikinn þátt í að koma heimilum í vanda og flest heimili í skuldavanda (með neikvæða eiginfjárstöðu) eru tekjuhá heimili en flest heimili í greiðsluvanda eru tekjulág. Einn af hverjum tíu skuldsettum húsnæðiseigendum er í bæði greiðslu- og skuldavanda. Flestir þeirra eru barnafjölskyldur með gengistryggð lán.

Þetta er meðal þess sem kemur fram í lokaniðurstöðu á greiningu á stöðu íslenskra heimila í aðdraganda og kjölfar hrunsins sem tveir hagfræðingar á hagfræði- og peningastefnusviði Seðlabankans, Þau Þorvarður Tjörvi Ólafsson og Karen Á. Vignisdóttir, hafa unnið. Niðurstaðan var kynnt í gær.

Greiningin byggir á gagnagrunni sem Seðlabankinn aflaði á árinu 2009 á grundvelli leyfis Persónuverndar. Hann samanstendur af ítarlegum upplýsingum um hvert stakt lán, auk upplýsinga um tekjur, fjölskyldugerð, búsetu og aldur. Gagnagrunnurinn nær til nærri því hvers einasta skuldsetta heimilis í landinu. Lán hjá minni lífeyrissjóðum og námslán eru þó undanskilin. Alls eru 424 þúsund lán í gagnasafninu. Samkvæmt kynningu Seðlabankans er umræddur gagnagrunnur einstakur í heiminum.

Í greiningunni er í fyrsta lagi fjallað um umfang greiðsluvanda hérlendis og hvernig hann þróaðist frá ársbyrjun 2007 til ársloka 2010. Í öðru lagi er fjallað um umfang skuldavanda, en þeir sem eru með neikvæða eiginfjárstöðu í húsnæði sínu eru skilgreindir í slíkum vanda. Í þriðja lagi er stærð þess hóps sem er í bæði greiðslu- og skuldavanda könnuð. Í fjórða lagi eru greind einkenni heimila sem eiga í vanda og í fimmta lagi eru áhrif þeirra aðgerða sem gripið hefur verið til handa heimilum og endurútreikningur ólöglegra lána metinn. Þær aðgerðir sem greiningin tekur til eru frysting á lánum, greiðslujöfnun fasteignalána, endurútreikningur ólöglegra lána (áhrif dóms Hæstaréttar frá 15. febrúar 2012 eru ekki tiltekin), sérstakar vaxtaniðurfærslur og útgreiðsla séreignarlífeyrissparnaðar.




**SKÝRSLUHÖFUNDARNIR** Karen Á. Vignisdóttir og Þorvarður Tjörvi Ólafsson, hagfræðingar hjá Seðlabankanum, kynntu niðurstöðurnar á fundi í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Í greiningunni kemur fram að tækjuhæstu hópar landsins virðast hafa notið „verulega góðs af endurútreikningi ólöglegra gengislána". Miðað við ætluð áhrif dóms Hæstaréttar 15. febrúar síðastliðinn, sem ekki er tekið tillit til í útreikningunum, má ætla að þessir tveir tekjuhópar muni njóta enn frekar góðs af frekari endurreikningi. Stóru viðskiptabankarnir þrír hafa þegar fært eignir sínar niður um 64 milljarða króna vegna þess dóms.

Tveir af hverjum þremur húseigendum sem á bæði í greiðslu- og skuldavanda eru með gengistryggð lán. Fyrir endurútreikninga átti það við um þrjá af hverjum fjórum sem voru í þessari stöðu.



**Þórður Snær Júlíusson**
thordur@frettabladid.is

# Um helmingur heimila með gengistryggð lán með háar tekjur

Fimmtungur barna átti foreldra í greiðsluvanda í árslok 2010 og helmingur heimila sem voru með gengistryggð lán er með háar tekjur. Samkvæmt greiningunni er heimili í greiðsluvanda ef ráðstöfunartekjur þess duga ekki til að standa undir bæði greiðslubyrði lána og lágmarksframfærslu, sem er fundin með því að leggja 60% ofan á framfærsluviðmið Umboðsmanns skuldara.

Í greiningunni kemur fram að hlutfall skuldsettra heimila í greiðsluvanda hafi nær tvöfaldast frá byrjun árs 2007 og fram að hruni, úr 12,5% í 23,5%. Það náði hámarki haustið 2009 þegar frystingum lána lauk og var þá 27,5%. Hlutfallið lækkaði síðan í kjölfar greiðslujöfnunar, hækkunar launa og endurútreiknings ólöglegra lána. Í lok árs 2010 voru um 20% skuldsettra heimila í greiðsluvanda. Þau hefðu verið um 25% ef ekki hefði verið gripið til aðgerða til að laga stöðu heimila í landinu. Það þýðir að um 21 þúsund heimili áttu í vandræðum með að standa undir greiðslubyrði sinni, eða um 15% allra landsmanna. Þau hefðu verið um 4.000 fleiri ef ekki hefði komið til aðgerða og endurútreiknings. Eftir hrunið og fram til loka árs 2010 fjölgaði heimilum í greiðsluvanda um 8.800 alls.

Þegar greiðsluvandi er skoðaður á milli tekjuhópa kemur í ljós að flest heimili í vanda eru tekjulág. Það vekur hins vegar athygli að rúmlega helmingur heimila sem voru með gengistryggð lán voru í tveimur tekjuhæstu hópunum af fimm. Þeir sem tilheyra þeim hópum eru með meðalráðstöfunartekjur, eftir greiðslu skatta og annarra gjalda, yfir 375 þúsund á mánuði. Fjöldi heimila með gengistryggð lán í greiðsluvanda jókst um 11.650 heimili frá janúar 2007 og fram á mitt ár 2009. Á sama tíma fjölgaði heimilum með lán í krónum og í greiðsluvanda um 5.100.

Þegar hópurinn er greindur niður á fjölskyldusamsetningu kemur í ljós að 28% barnafjölskyldna voru líklegar til að vera í greiðsluvanda í lok árs 2010. Samsvarar það því að eitt af hverjum fimm börnum hafi átt foreldra í greiðsluvanda.

Mest fjölgaði ungu fjölskyldufólki sem tók húsnæðislán seint í uppsveiflunni fyrir hrun og er í greiðsluvanda. Hlutfall þeirra í greiðsluvanda var 21,5% í byrjun árs 2007 en 47% haustið 2009. Það lækkaði þó töluvert á árinu 2010 og var um 35% í lok þess.

## 27% allra með neikvæða eiginfjárstöðu

Heimilum með neikvæða eiginfjárstöðu í húsnæði sínum fjölgaði verulega í aðdraganda og í kjölfar hrunsins. Ástæður þess er fyrst og fremst að finna í því að húsnæðisverð lækkaði og staða húsnæðislána hækkaði vegna verðbólgu og gengislækkunar krónunnar. Í greiningunni kemur fram að 37,5% skuldsettra húseigenda hafi verið með neikvætt eigið fé í húsnæði sínu í lok árs 2010, sem samsvarar um 27% allra húseigenda. Hlutfall skuldsettra heimila í slíkri stöðu var um 6% í byrjun árs 2007 og 10% í janúar 2008. Þegar hópnum er skipt eftir tekjum kom í ljós að flest heimili sem eru með neikvæða eiginfjárstöðu eru tekjuhá heimili.

Hlutfall þeirra sem voru með lán í krónum, og voru með neikvætt eigið fé í húsnæði sínu, jókst úr 6,5% í byrjun árs 2007 í 37% í lok árs 2010. Hlutfall þeirra sem voru með gengistryggð húsnæðislán jókst mun hraðar og var um 43% í lok tímabilisins sem skoðað var. Í byrjun árs 2007 voru rúmlega 75% húseigenda með gengistryggð lán með meira en tíu milljóna króna jákvætt eigið fé í húsnæði sínu. Það hlutfall hafði lækkað niður í 32% í árslok 2010. Í greiningunni er þó sérstaklega tekið fram að „langstærsti hluti húseigenda í neikvæðri eiginfjárstöðu eru hins vegar með öll sín fasteignalán í krónum".

Einn af hverjum tíu skuldsettum húseigendum var líka í greiðsluerfiðleikum í lok árs 2010, eða um 7% allra húsnæðiseigenda. Þau heimili sem voru með lágar tekjur eru hlutfallslega mun líklegri til að vera í slíkum tvíþættum vanda en aðrir. Á móti tilheyrði meirihluti þeirra sem voru í greiðslu- og skuldavanda í árslok 2010 mið- og næstlægsta tekjuhópnum. Mikill meirihluti þeirra sem voru bæði í greiðslu- og skuldavanda var með gengistryggð lán, en sjötti hver húsnæðiseigandi með slík lán var í tvíþættum vanda. Til samanburðar voru einungis 6% þeirra sem eru með öll lán í krónum bæði með neikvætt eigið fé og í greiðsluerfiðleikum.

Barnafjölskyldur voru líklegri til að vera í slíkum tvíþættum vanda en aðrir, sem greiningarhöfundar segja ekki að þurfi að koma óvart þar sem þær eru „oft verulega skuldsettar vegna íbúða- og bílakaupa auk þess að vera með hlutfallslega háa framfærsluþörf". Alls falla rúmlega fjögur þúsund fjölskyldur í þennan flokk.

## Tekjuháir og fólk í greiðsluerfiðleikum fengu svipaða upphæð

Höfundar greiningarinnar komast að þeirri niðurstöðu að áhrif þeirra aðgerða sem ráðist hefur verið í til að hjálpa heimilum í greiðsluvanda eftir hrun hafi ekki nema að litlu leyti skilað sér til þeirra. Þeir telja ýmislegt benda til þess að almennar aðgerðir til breytinga á skatt- og tilfærslukerfinu hafi verið betur sniðnar til að hjálpa heimilum í greiðsluvanda en þær aðgerðir sem gripið hefur verið til.

Í greiningunni er tekið tillit til allra þeirra aðgerða sem settar hafa verið fram til að létta greiðslubyrði skuldsettra heimila. Það eru til að mynda frysting lána, greiðslujöfnun húsnæðislána, endurútreikningur ólöglegra gengislána (nær þó ekki yfir nýjasta dóminn), 110% leiðina og sérstaka almenna vaxtaniðurgreiðslu. Ekki var unnt að meta áhrif aðgerða á borð við greiðsluaðlögun og sértæka skuldaaðlögun.

### 110% leiðin

Heildarafskriftir vegna 110% leiðarinnar voru 88,8 milljarðar króna og dreifðust á alls um 21.900 heimili. Þar af fengu húseigendur sem áttu í greiðsluvanda 23,6% afskriftarupphæðarinnar, um 21,6% fór til húseigenda sem eru með meira en 200 þúsund krónur afgangs á mánuði eftir greiðslur af lánum og lágmarksframfærslu. Því er sáralítill munur á þeirri upphæð sem fór til þeirra sem voru í greiðsluvanda og þeirra sem voru með mikið fjárhagslegt svigrúm eftir greiðslu lána og lágmarksframfærslu.

Samkvæmt áætlun greiningarhöfunda komust einungis um 650 heimili úr greiðsluvanda vegna afskrifta húsnæðislána í tengslum við 110% leiðina. Það samsvarar lækkun á hlutfalli þeirra sem eru í greiðsluvanda um 0,6%. Stærstur hluti afskriftanna fellur því öðrum heimilum í skaut.

### Sérstök vaxtaniðurgreiðsla

Til viðbótar við hefðbundnar vaxtabætur hefur verið ákveðið að greiða sérstaka niðurgreiðslu á vöxtum við álagningu opinberra gjalda árin 2011 og 2012. Umfang greiðslunnar á að vera um sex milljarðar króna.

Í greiningunni kemur fram að rúmlega 60% þeirrar upphæðar muni „falla tekjuháum heimilum í skaut samanborið við tæplega fimmtug til handa tekjulágum. Einungis 27% upphæðarinnar fara til heimila í greiðsluvanda en meiri en þriðjungur fer til heimila með mikinn tekjuafgang".

Áætlað er að um 800 heimili hafi losnað úr greiðsluvanda vegna vaxtaniðurgreiðslunnar. Í greiningunni segir að það endurspegli að „einungis lítill hluti hennar skilaði sér til þess hóps". Það samsvarar lækkun á hlutfalli skuldsettra heimila í greiðsluvanda um 0,8%.

### Útgreiðsla séreignasparnaðar og greiðslujöfnun

Í greiningunni segir að „líkur á að vera í greiðsluvanda og líkur á að hafa fengið greiddan út séreignarsparnað eru ólíkar eftir tekjufimmtungum sem bendir til að meirihluti útgreiðslunnar hafi farið til heimila sem eru ekki í greiðsluvanda. Aðgerðin gegndi þó mikilvægu stuðningshlutverki við efnahagsbatann".

Greiningarhöfundar segir að greiðslujöfnun hafi að ýmsu leyti verið skilvirk leið til að draga úr greiðsluvanda með litlum tilkostnaði á meðan að 110% leiðin og sérstaka vaxtaniðurgreiðslan skiluðu „mjög takmörkuðum árangri í að minnka greiðsluvanda þrátt fyrir umtalsverðan kostnað".

# ÞAÐ VÆRI MUNUR EF VIÐ HEFÐUM HAFT EVRU

| | Ísland | Evruríkin |
|---|---|---|
| Matarkarfan á Íslandi hefur á síðustu árum hækkað um rúm þrjátíu prósent á meðan hækkunin í evruríkjunum er rúm fimm prósent. | 32% hækkun | 5,2% hækkun |
| Fjarskiptakostnaður á Íslandi hefur hækkað um tæpan fjórðung en í evruríkjunum hefur kostnaðurinn á sama tíma lækkað um tæp fimm prósent. | 24,5% hækkun | 4,7% lækkun |
| Áfengi og tóbak hefur á undanförnum árum hækkað um tæplega 56 prósent á Íslandi en hækkunin í evruríkjunum er tæp fimmtán prósent. | 55,9% hækkun | 14,9% hækkun |
| Föt og skór hafa lækkað um tæp átta prósent í verði í evruríkjunum á síðustu árum. Á sama tíma hefur reikningurinn fyrir sömu vörur á Íslandi hækkað um rúmlega þrjátíu prósent. | 31,4% hækkun | 7,9% lækkun |

Samband okkar og íslensku krónunnar er okkur kostnaðarsamt. Nú þurfum við að hugsa lengra. Innganga í Evrópusambandið og upptaka evru er skynsamleg leið til framtíðar.

Já Ísland.

Já! ÍSLAND

* Byggt á samræmdri vísitölu neysluverðs, tekið saman af Hagstofu Íslands í mars 2012.

**Í MYNDUM:** Yfirvofandi hungursneyð á Sahel-svæðinu í Vestur- og Mið Afríku



# Neyð barnanna á Sahel-svæðinu

Ein milljón barna eru í bráðri hættu á að verða hungursneyð að bráð á Sahel-svæðinu í Vestur- og Mið-Afríku. Þurrkar og uppskerubrestur eru ástæðan, en yfir 15% barna á svæðinu þjást nú af bráðavannæringu. UNICEF hefur hafið neyðarsöfnun fyrir börnin á svæðinu. Hægt er að hringja í síma 908-1000, 908-3000 og 908-5000 til að leggja sitt af mörkum í söfnunina.

**SYSTRAKÆRLEIKUR** Stúlka í Tsjad gengur með systur sína að næstu næringarmiðstöð þar sem börn eru vigtuð og næringarástand þeirra athugað. Flest börnin sem nú eru í hættu á Sahel-svæðinu eru yngri en fimm ára. UNICEF/GANGALE



**NAUÐSYNLEG NÆRING** Tahina er níu ára. Hún hjálpar hér yngri systur sinni, Asanah, sem er níu mánaða að borða vítamínbætt jarðhnetumauk sem UNICEF útvegar vannærðum börnum. UNICEF / TIDY



**SÓTTIR OG HUNGUR** Bintou er átján mánaða og fær bæði meðhöndlun gegn alvarlegri bráðavannæringu og malaríu. Vannærð eru mun líklegri en önnur til að veikjast af margvíslegum sjúkdómum. UNICEF dreifir því til dæmis moskítónetum til að minnka líkur á malaríusmiti. UNICEF/GANGALE



**LÍFSBJÖRG** Móðir gefur alvarlega vannærðri dóttur sinni sérstaka næringarmjólk fyrir vannærð börn. UNICEF/TIDY



**ÁSTANDSMÆLING** Næringarástand barna er yfirleitt mælt með því að mæla ummál upphandleggs þeirra. Hjá börnum undir fimm ára aldri er viðmiðið fyrir alvarlega bráðavannæringu að upphandleggur mælist mjórri en 11 cm. UNICEF / ASSELIN



**KJARNAFÆÐA** Vannærð stúlka í Tsjad borðar vítamínbætt jarðhnetumauk. Þrír skammtar af maukinu á dag eru yfirleitt nóg til að börnin nái fyrri styrk á nokkrum vikum. UNICEF/TIDY


10stk
Páskaliljur
799
PÁSKAMARKAÐUR
í Blómavali um land allt
Páskagreinar
3 stk. í búnti
799kr
tílboð
Páskakrýsi
999kr
tílboð
Páska Begonía
999kr
Allt
páskaskraut
30%
afsláttur
tílboð
páskaliljur í potti
tet a tet
399kr
blómaval
heillandi heimur
Skútuvogur - Grafarholt - Hafnarfjörður - Akureyri
Egilsstaðir - Akranes - Ísafjörður - Selfoss - Reykjanesbær

MELÓNUR
CANTALOUPE
**349** KR./KG.





BLÁBER BOX
**349** KR./PK.



VEISLUBRAUÐ
**369** KR./STK.




# Páskaopnun verslana

**Austurver - Nóatún 17 - Hamraborg**

| | |
|---|---|
| Opið alla páskana | 08:00 - 24:00 |

**Grafarholt - Hringbraut**

| | |
|---|---|
| Skírdagur 5.apríl | 08:00 - 24:00 |
| Föstud. langi 6.apríl | LOKAÐ |
| Laugardagur 7.apríl | 08:00 - 24:00 |
| Páskadagur 8.apríl | LOKAÐ |
| Annar í páskum 9.apríl | 08:00 - 24:00 |

## Gleðilega páska











# NÓATÚN
*Við gerum meira fyrir þig*



## Gómsætt páskalamb í Nóatúni

**LAMBAHRYGGUR AF NÝSLÁTRUÐU**
**1798** KR./KG
ÚR KJÖTBORÐI · BESTIR Í KJÖTI



AÐEINS ÍSLENSKT KJÖT Í KJÖTBORÐI
**20%** afsláttur
**UNGNAUTA RIB EYE**
**3598** KR./KG
~~4598~~
ÚR KJÖTBORÐI · BESTIR Í KJÖTI



AÐEINS ÍSLENSKT KJÖT Í KJÖTBORÐI
**20%** afsláttur
**KORNGRÍS GRÍSA-HRYGGUR M/ PÖRU**
**1198** KR./KG
~~1498~~
ÚR KJÖTBORÐI · BESTIR Í KJÖTI



**ÍSFUGL FERSKAR KALKÚNABRINGUR**
**3498** KR./KG



**ÞYKKVABÆJAR GRILL KARTÖFLUR**
**375** KR./PK.



**ARGENTÍNU SÓSUR 6 TEGUNDIR**
**598** KR./STK.



**BERTOZZI PARMIGIANO REGG 150G**
**698** KR./STK.



**MCCAIN SUPERFRIES QUICK**
**498** KR./PK.



**SCHWEPPES TONIC 2 LÍTRAR**
**325** KR./STK.



**RED BULL 4 X250 ML Í PAKKA**
**898** KR./PK.



**HAPPY DAY APPELSÍNU- OG EPLASAFI 1 L**
**212** KR./STK.



**ALLRA APPELSÍNUSAFI**
**198** KR./STK.

NÓATÚN

**FRÉTTAVIÐTAL:** Virkjanakostir í Rammaáætlun um vernd og nýtingu náttúrusvæða

# Mikil óvissa um orkugetu jarðvarma

**Forstjóri Landsvirkjunar segir aðeins lítinn hluta þeirrar orku sem gert er ráð fyrir í nýtingarflokki Rammaáætlunar um vernd og nýtingu náttúrusvæða vera tryggan. Hann undrast að allar vatnsaflsvirkjanir séu settar í bið- eða verndarflokk, utan tveggja lítilla virkjana. Orkuframboð á Suðurlandi sé minnkað til muna.**

Þingsályktunartillaga um Rammaáætlun um vernd og nýtingu náttúrusvæða kom fram um helgina. Áætlunin er samvinnuverkefni þeirra Oddnýjar G. Harðardóttur iðnaðarráðherra og Svandísar Svavarsdóttur umhverfisráðherra. Hún byggir á vinnu verkefnisstjórnar sem lagði fram sína skýrslu í haust.

Helstu breytingarnar frá þeirri skýrslu er að þrír virkjanakostir í neðrihluta Þjórsár eru færðir úr nýtingarflokki í biðflokk, sem og tveir virkjanakostir á hálendinu.

Hörður Arnarson, forstjóri Landsvirkjunar, segir Þjórsárvirkjanirnar hafa komið á óvart.

„Við töldum allar forsendur til að fara í þær virkjanir og það var í samræmi við álit verkefnisstjórnar og flokkun ráðherranna fyrir nokkrum mánuðum síðan. Við teljum að engar nýjar upplýsingar hafi komið fram sem réttlæti breytta flokkun."

Hörður segir laxagengd í ánni hafa verið rannsakaða í 40 ár og af miklum krafti síðustu tíu ár. Allar þær rannsóknir sem nú sé kallað eftir séu til. „Mikið af því sem verið er að benda á hefur verið í skoðun lengi og miklar rannsóknir farið fram akkúrat á þeim sviðum þar sem menn hafa haldið því fram að þær vanti. Það vantar einfaldlega yfirsýn yfir rannsóknirnar."

### Horfið frá vatnsaflinu

Aðeins tvær vatnsaflsvirkjanir er að finna í nýtingarflokki og eru þær báðar litlar. Þar er um að ræða Hvalárvirkjun, sem er rúm 30 megawött og Blönduveitu, sem er um 20 megawött.

Hörður segir stefnubreytinguna frá vatnsafli koma á óvart. „Það er dálítið sérstakt að leggja þessa ofuráherslu á jarðvarmann, með þeirri miklu óvissu sem þar er. Það var ekki lagt upp með það, í erindisbréfi verkefnastjórnar eins og við skiljum það, að stefna að því að hætta nýtingu vatnsafls.

Það er mikilvægt að hafa það í huga varðandi Rammaáætlunina að þar er gert ráð fyrir að 8,5 terawattsstundir séu í nýtingarflokki. Það má segja að engar vatnsaflsvirkjanir sé þar að finna, utan Hvalá og Blönduveitu. Um 95 prósent af orkunni koma úr jarðvarma."

Hörður segir að eins og áætlunin líti út nú sé eingöngu um að ræða virkjanir á Norðausturlandi hjá Landsvirkjun: Þeistareyki, Bjarnarflag og Kröflu. Ekkert annað sé í pípunum.

„Það kemur á óvart að engin vatnsaflsvirkjun sé í nýtingarflokki eftir þá mikla vinnu sem búið er að leggja í málið."

### Jarðvarminn í óvissu

Af þeim 8,5 terawattsstundum sem Rammaáætlun gerir ráð fyrir að nýta, segir Hörður að aðeins 2,5 til 3 séu öruggar. Það sé eðli jarðvarmans hve mikil óvissa ríkir um orkugetuna. Þá séu fjölmörg svæðanna lítt eða ekkert rannsökuð.

„Af þessum svæðum í nýtingarflokki eru svæði sem hefur verið borað í, svo sem á sumum háhitasvæðum á Reykjanesi. Þá eru þarna svæði sem menn eru rétt að byrja að skoða, eins og vestursvæðið á Þeistareykjum. Orkugeta þess liggur ekki fyrir, enda hafa þar aðeins farið fram yfirborðsmælingar."

Hörður segir að slíkar mælingar sýni aðeins fram á að svæðið hafi verið heitt, ekki hvort það sé enn heitt.

„Í öðru lagi geta menn lent í vandræðum með innihald gufunnar, eins og í Kröflu, en það er erfitt að nýta það svæði.

Þar að auki verður að nýta jarðvarmann í skrefum. Þó 8,5 terawattstundir væru heildarmagnið á þessum svæðum verður að fara mjög varlega af stað, til að tryggja sjálfbæra nýtingu. Það er alls ekki þannig að hægt sé að ráðast í þetta á næstu misserum.

Ef menn skoða nýtingarlistann og spyrja hverju Rammaáætlunin breyti sést að það er afskaplega lítið."




**Kolbeinn Óttarsson Proppé**
kolbeinn@frettabladid.is




**FORSTJÓRINN** Hörður Arnarson segir að mat á orkugetu svæða í nýtingarflokki Rammaáætlunar sé við efri mörk. Af þeim 8,5 terawattstundum sem svæðin séu sögð geta framleitt séu aðeins 2,5 til 3 trygg. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Raforkusala á réttu verði tekur tíma

Hörður Arnarson tók við forstjórastöðu Landsvirkjunar fyrir um það bil tveimur árum. Á þeim tíma hefur hann kynnt nýja stefnu fyrirtækisins hvað varðar orkusölu. Þar ber hæst að raforkuverð mun hækka. Síðan þá hefur fyrirtækið ekki skrifað undir neina nýja orkusölusamninga. Hörður segir það ekki til marks um það að verðhugmyndir fyrirtækisins séu of háar.

„Að sjálfsögðu er alltaf auðveldara að selja ódýrt og að sjálfsögðu hefur verðið alltaf áhrif, það er alveg ljóst. Það er þó í raun og veru ekki það sem er að valda vandræðum, heldur ástand efnahagsmála. Menn eru ekki tilbúnir að stökkva af stað."

Hörður segir menn gleyma þeim tíma sem slíkir samningar taki, jafnvel utan kreppu. Gera megi ráð fyrir 12 til 18 mánuðum í umhverfismat og aðrir þættir taki einnig tíma. Tvö ár séu því ekki óeðlilegur tími fyrir slíka samninga þegar engin ríkir kreppan. En hvernig er staðan á samningum?

„Við viljum ekki lofa neinu. Það eru nokkur dæmi þar sem menn eru komnir nokkuð nálægt endapunkti, en þetta getur tekið nokkuð langan tíma. Ef fyrirtækin eru ekki tilbúin að skuldbinda sig eða ef fyrirtæki lenda í einhverjum fjármögnunarvanda, þá tekur þetta bara tíma."

Landsvirkjun á tilbúin til sölu á milli 50 til 100 megawött sem ekki hafa verið bundin í önnur verkefni.





INNRITUN ER HAFIN
VIÐ HÁSKÓLANN Á AKUREYRI

FRAMHALDSNÁM

*Auðlindafræði M.S.*
*Heilbrigðisvísindi M.S. / 40 ein. viðb.*
*Heimskautaréttur LL.M. / M.A.*
*Lögfræði M.L.*
*Menntunarfræði M.Ed. / 60 ein. viðb.*
*Menntavísindi M.A. / 60 ein. viðb.*
*Viðskiptafræði M.S.*

Nánari upplýsingar og umsóknareyðublöð á www.unak.is/namid

*Nánari upplýsingar á www.unak.is/namid eða í síma 460 8000*

Kjarnfóðurverð hækkar:

# Hækkunin er 3 til 7 prósent

**LANDBÚNAÐUR** Verð á kjarnfóðri frá Líflandi hefur verið hækkað um þrjú til sjö prósent, mismunandi eftir tegundum.

„Ástæður verðbreytingarinnar eru umtalsverðar hækkanir á heimsmarkaðsverði hráefna til fóðurgerðar og veiking íslensku krónunnar gagnvart helstu gjaldmiðlum," segir í tilkynningu Bergþóru Þorkelsdóttur, framkvæmdastjóra Líflands.

Kjarnfóðurverðshækkunin tók gildi mánudaginn 2. apríl. - óká

Íbúðalánasjóður á rúmlega helming allra íbúða sem eru í eigu fjármálastofnana:

# Helsti óvissuþáttur í spá um þróun íbúðaverðs

**FASTEIGNIR** Fjöldi íbúða í eigu fjármálastofnana er einn helsti óvissuþátturinn í spá greiningardeildar Íslandsbanka um þróun íbúðaverðs. Í lok síðasta árs voru um þrjú þúsund íbúðir í eigu fjármálastofnana, þar af 1.600 í eigu Íbúðalánasjóðs.

Í fréttabréfi greiningardeildar Íslandsbanka kemur fram að þær þrjú þúsund íbúðir sem eru í eigu fjármálastofnana séu um 2,3 prósent af heildarfjölda íbúða í landinu. Þó það sé ekki há tala er bent á að um sex þúsund íbúðir hafi gengið kaupum og sölum á landinu öllu í fyrra. Svo mikið framboð fasteigna gæti því haft áhrif á íbúðaverð til lækkunar ef það yrði losað inn á markaðinn á stuttum tíma. Greiningardeildin telur hins vegar ólíklegt að slíkt muni gerast og bendir meðal annars á að Íbúðalánasjóður hafi farið sér afar hægt í þessum efnum. Sjóðurinn hafi selt 154 íbúðir á síðasta ári og árið 2010 hafi þær verið 132.

„Líklegt er að Íbúðalánasjóður muni þó á næstu árum losa um eignir hraðar en á síðustu tveimur árum en með sama áframhaldi tæki það sjóðinn tíu ár að selja allar íbúðir sínar," segir í Morgunkorni greiningardeildar Íslandsbanka. - kh



**FASTEIGNIR** Íbúðalánasjóður á 1.600 fasteignir en 80 prósent þeirra eru á landsbyggðinni. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**ICELANDAIR** Flugfélagið verður með sextán flugvélar í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Icelandair kaupir og leigir:

# Bæta við tveimur flugvélum

**SAMGÖNGUR Icelandair mun bæta tveimur vélum í flugvélaflota sinn og verða með sextán vélar í rekstri næsta sumar, en vélarnar voru fjórtán síðasta sumar.**

**Gengið hefur verið frá samningum um tvær Boeing 757-200 vélar sem munu bætast við flota Icelandair á næstu mánuðum. Annars vegar er um að ræða kaup á vél og hins vegar leigu á vél til 20 mánaða. Kaupin eru fjármögnuð úr sjóðum félagsins, að því er fram kemur í tilkynningu frá Icelandair. Kaupverðið er trúnaðarmál.**

**Gert er ráð fyrir að báðar vélarnar verði tilbúnar til notkunar í leiðakerfi félagsins í maí næstkomandi.** - þeb

Ný rannsókn í Svíþjóð:

# Nagladekk geta valdið fólki heilsutjóni

**SVÍÞJÓÐ** Efni sem nagladekk rífa upp úr malbikinu eru ekki bara hættuleg heilsu þeirra sem eru með öndunarfærasjúkdóma, heldur geta efnin einnig valdið blóðtöppum og hjartaáfalli.

Þetta eru niðurstöður nýrrar rannsóknar vísindamanna við háskólann í Umeå í Svíþjóð.

Vísindamennirnir hafa rannsakað dauðsföll í tengslum við umhverfismengun í Stokkhólmi. Á vef Dagens Nyheter segir að árlega látist í Stokkhólmi 30 til 40 manns af völdum slíkrar mengunar sem er mest á vorin.

Efnin sem nagladekkin rífa upp þyrlast upp þegar vegir og götur þorna. - ibs

Svansvottun Grand Hótels:

# 19 fyrirtæki með Svaninn

**UMHVERFISMÁL Grand Hótel Reykjavík hlaut nýverið vottun norræna umhverfismerkisins Svansins fyrir góðan árangur í umhverfismálum. Grand hótel er fyrsta hótelið sem hlýtur Svaninn en umfangsmikil úrgangsflokkun er á hótelinu. Efnanotkun þvottahússins og innkaupum almennt hefur verið breytt til að tryggja kröfur Svansins auk þess sem einvörðungu eru notað LED-perur.**

**Alls státa nítján fyrirtæki hérlendis af Svaninum.** - áp


frjalsilif.is – 444 7000

FRJÁLSI LÍFEYRISSJÓÐURINN

# Frjálsi lífeyrissjóðurinn

## Ársfundur

Ársfundur Frjálsa lífeyrissjóðsins verður haldinn 25. apríl nk. kl. 17.15 í höfuðstöðvum Arion banka, Borgartúni 19.

### Dagskrá

1. Skýrsla stjórnar
2. Kynning ársreiknings
3. Tryggingafræðileg athugun
4. Fjárfestingarstefna sjóðsins
5. Kosning stjórnar
6. Kjör endurskoðanda
7. Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins
8. Laun stjórnarmanna
9. Önnur mál

Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins verða birtar á frjalsilif.is og verða aðgengilegar í höfuðstöðvum Arion banka tveimur vikum fyrir ársfund.

Á fundinum verður kosið um tvo stjórnarmenn til tveggja ára og einn varamann til eins árs. Framboð til stjórnar þarf að liggja fyrir eigi síðar en sjö dögum fyrir ársfund og ber að tilkynna framboð til stjórnar með sannanlegum hætti.

Stjórn sjóðsins hvetur sjóðfélaga til að mæta á fundinn.

## Nafnávöxtun 2011




## 5 ára meðalnafnávöxtun




Frjálsi Áhætta var stofnaður í ársbyrjun 2008 og eru því ekki til 5 ára tölur.

* Skuldabréf eru gerð upp á kaupkröfu.

Ávöxtun í fortíð gefur ekki vísbendingu um ávöxtun í framtíð. Myndin sýnir 5 ára meðalnafnávöxtun áranna 2007–2011 en ávöxtunin er mismunandi á milli ára. Frekari upplýsingar um ávöxtun hvers árs má nálgast á frjalsilif.is

## Meginniðurstöður ársreiknings (í millj. króna)

| Efnahagsreikningur 31.12. 2011 Eignir | |
|---|---|
| Verðbréf með breytilegum tekjum | 35.617 |
| Verðbréf með föstum tekjum | 60.211 |
| Veðlán | 1.517 |
| Verðtryggður innlánsreikningur | 2.228 |
| Húseignir og lóðir | 41 |
| **Fjárfestingar alls** | **99.615** |
| Kröfur | 485 |
| Aðrar eignir | 1.824 |
| **Eignir samtals** | **101.924** |
| **Skuldir** | **(2.209)** |
| **Hrein eign til greiðslu lífeyris** | **99.715** |

| Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris fyrir árið 2011 | |
|---|---|
| Iðgjöld | 6.872 |
| Lífeyrir | (3.591) |
| Fjárfestingartekjur | 9.814 |
| Fjárfestingargjöld | (289) |
| Rekstrarkostnaður | (154) |
| **Hækkun á hreinni eign á árinu** | **12.652** |
| **Hrein eign frá fyrra ári** | **87.063** |
| **Hrein eign til greiðslu lífeyris** | **99.715** |

| Lífeyrisskuldbindingar skv. niðurstöðu tryggingafræðings 31.12.2011 | |
|---|---|
| Eignir umfram áfallnar skuldbindingar | -833 |
| Í hlutfalli af áföllnum skuldbindingum | -3,4% |
| Eignir umfram heildarskuldbindingar | -221 |
| Í hlutfalli af heildarskuldbindingum | -0,4% |

| Kennitölur | |
|---|---|
| Eign í íslenskum krónum | 80,1% |
| Eign í erlendum myntum | 19,9% |
| [1] Fjöldi virkra sjóðfélaga | 10.815 |
| Fjöldi sjóðfélaga í árslok | 42.724 |
| [2] Fjöldi lífeyrisþega | 1.904 |

[1] Meðalfjöldi sjóðfélaga sem greiddi iðgjald á árinu.
[2] Meðalfjöldi lífeyrisþega sem fengu greiddan lífeyri á árinu.

Frjálsi lífeyrissjóðurinn hentar þeim sem hafa frjálst val um í hvaða lífeyrissjóð þeir greiða skyldulífeyrissparnað sinn og er opinn öllum sem leggja fyrir í viðbótarlífeyrissparnað.

Hafðu samband við okkur í síma 444 7000, sendu tölvupóst á lifeyristhjonusta@arionbanki.is eða komdu við í næsta útibú Arion banka.

Arion banki

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Hreyfanleiki fólks skiptir máli fyrir samfélagið:

# Fólksflóttagrýlan

Efnahagslægð liggur yfir Íslandi. Hún skall á með látum og þrátt fyrir að ýmsir hafi gert sér grein fyrir að efnahagskerfið rambaði á barmi falls þá kom hrunið aftan að þorra fólks. Dagana og vikurnar á eftir réði svartsýnin ríkjum og margir voru þeirrar skoðunar að hér myndi allt hrynja til grunna, innviðir samfélagsins laskast verulega, ef ekki ónýtast, atvinnuleysi nema jafnvel tugum prósenta og til þess gæti komið að hér syltu stórir hópar fólks heilu hungri.

SKOÐUN



Steinunn Stefánsdóttir
steinunn@frettabladid.is

Sem betur fer hefur þessi svartasta mynd ekki gengið eftir. Vissulega eru ekki öll kurl komin til grafar varðandi afleiðingar niðurskurðar til dæmis í heilbrigðis-, velferðar- og skólamálum en eins og staðan er nú þá standa þessir innviðir þrátt fyrir að blóðtaka vegna niðurskurðar sé sums staðar allnokkur. Atvinnuleysi er hér vissulega meira en þjóðin hefur átt að venjast undangengna áratugi en síst meira en í fjölmörgum nágrannalöndum.

Engu að síður er þjóðin ekki sérlega bjartsýn um þessar mundir. Væntingavísitala hefur lækkað og traust almennings á langflestum stofnunum samfélagsins eru í sögulegu lágmarki.

Meðan stjórnmálamenn sem með völdin fara teikna upp mynd af samfélagi sem er að rísa úr rústum talar stjórnarandstaðan og ýmis hagsmunasamtök, sem ekki þykir ríkisstjórnin sér hagfelld, um að hér sé allt í ládeyðu og kalda koli. Raunveruleikinn er trúlega einhvers staðar þarna á milli.

Fólksflóttagrýlan hefur verið fylgifiskur þessarar umræðu. Dregin hefur verið upp sú mynd að meira eða minna allir með annað hvort eða hvort tveggja, hæfileika og dugnað, séu farnir af landi brott eða á förum. Þessi fólksflótti muni hafa alvarlegar afleiðingar, jafnt félagslegar sem efnahagslegar. Úr þessari orðræðu mætti ráða að þær fáu hræður sem hér sitja eftir séu bæði illa menntaðar og dáðlausar og alls ekki færar um að halda uppi samfélagi.

Í nýrri skýrslu sem Ólöf Garðarsdóttir mannfjöldasérfræðingur hefur unnið fyrir velferðarráðuneytið kemur fram að brottflutningur frá Íslandi síðastliðin ár hafi síst verið meiri en á öðrum samdráttarskeiðum Íslandssögunnar. Í aðdraganda hrunsins, sem sagt í góðærinu svokallaða, fjölgaði fólki hér hratt. Árið 2009 fækkaði landsmönnum lítillega, eða um hálft prósentustig. Strax árið eftir var fólki hins vegar farið að fjölga á ný þótt fjölgunin sé vissulega minni en verið hefur undanfarna áratugi.

Ef íslenskir ríkisborgarar eru skoðaðir sérstaklega kemur í ljós að brottflutningur þeirra er ekki meiri en áður. Ástæðan er væntanlega sú að ef frá er talinn Noregur þá er atvinnuástandið á Evrópska efnahagssvæðinu síst betra en hér á landi. Flestir Íslendingar sem héðan flytja fara því eðlilega til Noregs.

Við lifum á tímum hreyfanleika fólks og fæstir vildu líklega breyta því mikið. Fólk er vinnuafl og það leitar á staði þar sem vantar fólk til vinnu. Ísland var þannig staður fyrir hrun en er það ekki nú um stundir.

Íslendingar hafa að auki um aldir sótt menntun til annarra landa. Því munu þeir halda áfram. Sem fyrr munu alltaf einhverjir ílengjast og líklega frekar fleiri en færri meðan efnahagsástandið er í lægð. Fátt bendir hins vegar til að það mynstur breytist verulega, að þorri þeirra sem fara utan í nám komi víðsýnni og menntaðri heim og leggi til samfélagsins í samræmi við það.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871

ZUMBA

Dansaðu þig í form með einföldum sporum, skemmtilegri tónlist og góðum félagsskap.

**Jafnt fyrir byrjendur sem lengra komna**

- **Zumba** - Þri og fim kl. 17:30
- **Zumba Toning** - Þri og fim kl. 16:30
- Þjálfari: Eva Suto - 4 vikur
- Hefst . 12. apríl. Verð kr. 11.900




HEILSUBORG
Faxafeni 14 • Sími 560 1010
www.heilsuborg.is

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Ekkert traust til stjórnar

Ríkisstjórn Geirs H. Haarde mældist í þjóðarpúls Gallup með 26,3 prósent stuðning í janúar 2009. Ljóst er að traustið var ekkert. Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri græns, sagði traustið ekki endurvakið án samstarfs við þjóðina. Efna þyrfti til kosninga sem fyrst og veita nýrri ríkisstjórn umboð. Steingrímur situr nú í ríkisstjórn Jóhönnu Sigurðardóttur. Sú mælist með 31,3 prósenta fylgi í þjóðarpúlsi og hefur engin stjórn mælst lægri en fyrrnefnd stjórn Geirs. Nú er komið annað hljóð í strokk Steingríms og hann sér enga ástæðu til að boða til kosninga. Fimm prósentustig skipta greinilega miklu.



### Lélegt PR eða heimsk þjóð?

Nú þarf enginn að fara í grafgötur um að fáar ríkisstjórnir hafa þurft að taka fleiri erfiðar ákvarðanir en ríkisstjórn Jóhönnu. Eftir þrjú ár er traustið hins vegar lítið sem ekkert. Ráðherrar stæra sig reglulega af því hvað þeim gangi vel og hve ákvarðanir þeirra séu góðar. Fyrst svo er þá eru aðeins tvær mögulegar skýringar á fylgisleysinu. Ríkisstjórnin er með verstu PR-menn í heimi í vinnu, eða þjóðin er einfaldlega of heimsk til að skilja hin góðu verk.



### Verkin eiga að tala

Eftir stendur hins vegar að ekki er endilega heppilegt að stýra landinu eftir skoðanakönnunum. Stjórnarflokkarnir fengu fylgi í kosningum út á stefnuskrá sína og síðan náðu þeir saman um stjórnarsáttmála. Eina marktæka mælingin á árangur er hvernig gengur að uppfylla þau verkefni; svo sem að semja við Evrópusambandið, leysa skuldavanda heimilanna, semja nýja stjórnarskrá og breyta kvótakerfinu. Og það er allt búið, er það ekki?

**- kóp, sh**

## HALLDÓR




# Suðurorku í bið – Skaftársvæðið í vernd

Orkumál



Guðmundur Ingi Guðbrandsson
framkvæmdastjóri Landverndar

Framkvæmdastjóri Suðurorku komst á forsíðu Fréttablaðsins fyrir nokkrum dögum vegna áforma fyrirtækisins um Búlandsvirkjun. Hvorki náttúrunni né heimamönnum var þar léð eyra. Nokkrar rangfærslur voru í fréttinni, en um mikilvægt náttúruverndarsvæði er að ræða.

Í fyrsta lagi var því slegið fram að Búlandsvirkjun hafi verið metin einn hagkvæmasti virkjanakosturinn í 1. áfanga Rammaáætlunar (RÁ). Staðreyndin er sú að þessi virkjunarhugmynd var ekki metin í RÁ 1, heldur önnur útfærsla á virkjun í Skaftá (Skaftárvirkjun) sem gerði m.a. ráð fyrir því að búið væri að losa aur úr ánni með því að veita hluta hennar í Langasjó. Í öðru lagi er haft eftir framkvæmdastjóra Suðurorku: „Efnislegu rökin fyrir að setja *okkur* [áhersla er greinarhöfundar] í bið voru frekar slöpp. Hluti af því voru umræður um stækkun Vatnajökulsþjóðgarðs…“ Í drögum að þingsályktunartillögunni sem byggir á RÁ 2 segir að Búlandsvirkjun fari í biðflokk vegna þess að hugmyndin hafi komið seint fram og erfitt hafi verið að meta áhrif hennar, en veruleg óvissa ríkir um umhverfisáhrifin. Í þriðja lagi segir að Suðurorka ehf. hafi gert samninga við stærstan hluta vatnsréttarhafa vegna virkjunarinnar. Þetta er hrakið í grein eftir íbúa í Skaftártungu í Morgunblaðinu 29. mars sl. Þar kemur fram að einungis sé búið að semja við minnihluta þeirra aðila sem málið varðar.

Framkvæmdastjóri Suðurorku segir einnig að Skaftárhrepp vanti sárlega búbót. Ég spyr: Er Búlandsvirkjun búbót þegar ljóst er að virkjunin skaðar þá atvinnuvegi sem Skaftárhreppur byggir á í dag, landbúnað og ferðamennsku, að ógleymdum óásættanlegum áhrifum á undirstöðu þessara atvinnugreina, náttúruna sjálfa?

Vatnasvið Skaftár var metið fimmta verðmætasta svæðið af 30 hjá faghópi I í 2. áfanga RÁ og Búlandsvirkjun var í hópi tíu vatnsaflsvirkjana sem myndu hafa hvað neikvæðust umhverfisáhrif. Samkvæmt skýrslu verkefnisstjórnar RÁ er svæðið sem Búlandsvirkjun tilheyrir í hópi þeirra svæða sem hæst skora á öllum sviðum náttúru- og menningarminja, en þó sérstaklega fyrir jarðminjar og vatnafar, landslag og víðerni. Virkjunin yrði rétt við Eldgjá og áhrifasvæði hennar víðfeðmt.

Það er því mun ríkari ástæða að setja Búlandsvirkjun í verndarflokk en orkunýtingarflokk.

# Ferðaþjónustan á fljúgandi siglingu

Ferðaþjónusta

Steingrímur J. Sigfússon
viðskipta- og efnahagsráðherra



Eftir efnahagsáföllin miklu árið 2008 hefur reynt á hefðbundnar gjaldeyrisskapandi greinar landsins, raunhagkerfið íslenska, sem stóð eftir þegar bólan sprakk. Sem betur fer hafa þær greinar staðið undir nafni. Það staðfesta tölur um ferðamannafjölda, verðmæti sjávarafurða og nýlegar hagvaxtartölur. Sérstaklega hefur verið ánægjulegt að fylgjast með mikilli aukningu umsvifa í ferðaþjónustutengdum greinum úti um allt land. Á fyrsta ársfjórðungi ársins 2012 nam aukningin í komu erlendra ferðamanna 22% frá fyrra ári. Aukningin í mars einum mældist 26%.

Til marks um umskiptin voru ferðamenn í nýliðnum mars tæplega helmingi fleiri en í sama mánuði árið 2002. Þessi aukni straumur til landsins nú yfir vetrartímann skilar sér í vaxandi mæli til alls landsins. Umsvif í vetrarferðamennsku hafa t.a.m. aukist talsvert á Norðurlandi í vetur. Í ár gæti fjöldi erlendra ferðamanna orðið nálega 620 þúsund. Mitt mat er reyndar að hann gæti orðið allt að 650 þúsund þegar upp verður staðið.

**„Ísland allt árið“ og skemmtiferðaskip**

Kynning á Íslandi sem ferðamannalandi á erlendum mörkuðum hefur gengið vel. Þar hefur farið saman gott samstarf fyrirtækja í greininni og stjórnvalda. Þar ber einna hæst markaðsátakið „Inspired by Iceland“. Ferðaþjónustuaðilar eru einnig sammála um mikinn árangur nú þegar af sameiginlegu átaki stjórnvalda og greinarinnar í vetrarferðamennskuátakinu „Ísland allt árið“. Á komandi sumri verður metfjöldi innlendra og erlendra flugfélaga með áætlunarflug til landsins. Nýjasta fréttin í því sambandi er tilkynning EasyJet um heilsársflug frá London til Íslands. Ákvörðun EasyJet að veðja á Ísland sem nýjan áfangastað er sérlega áhugaverð fyrir íslenska ferðaþjónustu þar sem félagið er 10. stærsta flugfélag í heimi og það 5. stærsta í Evrópu með þétt net um allt meginlandið og raunar víðar.

Íslensku flugfélögin eru einnig á mikilli siglingu eins og sést hefur á nýlegum fréttum af stækkuðum flugflota og auknu framboði Icelandair til Bandaríkjanna, aukinni stundvísi og breyttu skipulagi Iceland Express og tilkomu WoW air inn á markaðinn. Þá stefnir í metfjölda skemmtiferðaskipa til landsins á komandi sumri. Samkvæmt upplýsingum Faxaflóahafna hafa nú þegar 77 erlend skemmtiferðaskip tilkynnt um komu sína komandi sumar. Áætlun Faxaflóahafna miðar við 100 þúsund erlenda gesti með skemmtiferðaskipum í sumar samanborið við 63 þúsund í fyrra. Það er 59% aukning! Helsta skýring er aukning í komu stærri skemmtiferðaskipa. Þessi aukning mun ekki mælast í opinberum tölum um fjölda erlendra ferðamanna þar sem farþegarnir gista um borð í skipunum en ekki á hótelum og gistiheimilum. Það jákvæða við þessa þróun er sú að skipin stoppa nú mörg lengur en áður, sum í 1-2 sólarhringa.

**Fjárfesting í innviðum**

Mikil fjárfesting hefur átt sér stað innan ferðaþjónustu á síðustu árum. Hótelum og gistiheimilum hefur fjölgað mikið víða um land og mun fjölga enn frekar. Þá hefur fjölbreyttum þjónustufyrirtækjum fjölgað. Nú geta erlendir ferðamenn valið um margar tegundir afþreyingar þegar þeir heimsækja landið, t.d. fjallaleiðsögn, hvalaskoðun og svo framvegis. Tilkoma Hörpunnar og væntanlegs hótels við hlið hennar mun skapa ný tækifæri innan greinarinnar, sérstaklega til að halda stórar ráðstefnur.

Eftir hraðan vöxt ferðaþjónustunnar á síðustu árum er ein helsta ógnunin mikill ágangur á vinsæla staði. Til að ferðaþjónustan geti áfram vaxið og dafnað þarf að fjölga þeim stöðum sem ferðamenn heimsækja, dreifa álaginu og einnig og ekki síður bæta innviðina. Það verður sameiginlegt verkefni fyrirtækjanna í greininni og stjórnvalda.

Á heildina litið er útlitið bjart fyrir ferðaþjónustuna. Vaxandi umsvif munu skapa auknar gjaldeyristekjur og bæta lífskjör í landinu – ekki veitir af upplífgandi tíðindum og vonandi að sem flestir finni sig í að taka þeim vel.









# Þreytandi klisjur og blekkjandi

Samfélagsmál



Snorri Páll Jónsson Úlfhildarson
listamaður

Þegar þagga á niður í andófi, gera lítið úr því og þeim sem að því standa, er oft eins og tiltekin runa, vélræn upptalning á örfáum nöfnum og atburðum, komi upp í huga fólks. Rosa Parks, Martin Luther King, Mahatma Gandhi, Nelson Mandela — nafnalistanum er beinlínis kastað fram og honum ætlað að gera öllum ljóst að samanborið við þessar manneskjur sé andófsfólkið sem gagnrýnt er ómerkilegt, lítilvæglegt og ómarktakandi. Allt sem fjórmenningarnir ofangreindu eru ekki.

Og það sem mestu skiptir: Nöfnunum er stillt upp sem kyndilberum passífsmans — lifandi sönnunum þess að friðsamt andóf ekki bara virki heldur sé hinu ófriðsamlega og öfgafulla bæði göfugra og áhrifaríkara.

Akkúrat þessari runu skellti laganeminn Hrafn Jónsson fram í grein sem birtist á síðum þessa sama blaðs á síðasta degi marsmánuðar. Umræðuefnið var femínismi og bauð laganeminn upp á hin ýmsu orð sem ákveðnir femínistar skyldu sko taka til sín: Ofstæki. Afskræming hugtaka. Blóðugur vígvöllur. Hatur. Öfgar. Allt ljót orð. En munum, sagði hann, að fjórmenningarnir létu ekki leiðast út í slíkt svað og „óumdeilt“ að árangur þeirra „á sér vart hliðstæðu“.

Ég ætla ekki að blanda mér inn í þessa tilteknu umræðu um femínisma en leyfi mér hins vegar að setja allnokkur spurningarmerki við slíkan söguskilning og svara svo sjálfur.

Óhlýðni Rosu Parks birtist hvorki út úr tómi né inn í eitt slíkt. Hún er einungis brotabrot úr því gríðarstóra fjalli sem frelsisbarátta blökkumanna var og er og inniheldur allt frá bréfaskrifum og ræðuhöldum til herskárra aðgerða og vopnaburðar. Það sama á við um Martin Luther King þótt samkvæmt vel ritrýndri söguskoðun sé honum gjarnan stillt upp sem einhvers konar einvaldi frelsisbaráttunnar, andspænis herskárri þáttum hennar – sem oft eru smættaðir niður í einn mann, Malcolm X – til marks um almætti hins friðsama.

Svipaða sögu má auðvitað segja um Gandhi og frelsisbaráttuna á Indlandi. Þar er ljóst að flókið samspil borgaralegrar óhlýðni, vopnaðs andófs, og loks ýmissa utanaðkomandi áhrifa á getu Breta til að viðhalda nýlenduvöldum sínum, leiddi á endanum til þess sem Gandhi og hans fylgismönnum er yfirleitt einum eignað. Bandaríski rithöfundurinn Peter Gelderloos hefur í því sambandi nefnt nöfn tveggja manna sem engu síður en Mahatma ættu að eiga en eiga ekki öruggan stað í sögubókunum – Chandrasekhar Azad og Bhagat Singh sem báðir leiddu vopnað andóf gegn yfirráðum Breta.

> Ég ætla ekki að blanda mér inn í þessa tilteknu umræðu um femínisma en leyfi mér hins vegar að setja allnokkur…

Loks er það Nelson Mandela – en hann tók jú þátt, og gott betur, stofnaði bæði og leiddi Umkhonto we Sizwe, vopnaðan arm Afríska þjóðarráðsins, sem beitti skemmdarverkum og ofbeldi í baráttunni gegn aðskilnaðarstefnu Suður-Afríku.

Það væri auðvitað ekki rétt að halda því fram að andóf sem stígur handan marka hins friðsama sé eitt og sér alltaf áhrifaríkara en það sem heldur sig innan friðarmúranna. En það er ámóta vitlaust og á sama tíma blekkjandi að kasta fram nöfnum og atburðum á borð við frelsisbaráttu blökkumanna og Indverja, andspyrnu við aðskilnaðarstefnur – jafnvel atburðum eins og frönsku byltingunni, sem mörgum þykir jú fínt að punta sig með á tyllidögum – eins og um eintómar friðarsamkundur appelsínugulra borðabera hafi verið að ræða.

Vitræn umræða tengd andófi krefst þess að vera laus við ofangreindar og aðrar álíka klisjur, slík ósannindi, sem og dogmatíska upphafningu á passífisma – miklu frekar en einhverjar meintar öfgar sem fæstir geta svo, þegar upp er staðið, útskýrt í hverju felast.

# Bændur eiga réttinn í Þjórsá

Orkumál

Orri Vigfússon
formaður NASF, verndarsjóðs villtra laxastofna



Í greinum sem forstjórar Landsvirkjunar og Veiðimálastofnunar skrifuðu í Fréttablaðið í nýliðinni viku gætir talsverðs misskilnings á laxafiskastofnum og vistkerfi þeirra í Þjórsá. Landsvirkjun á hvorugt. Fiskurinn og búsvæði hans er auðlind í eigu veiðiréttareigenda, lögvarin af stjórnarskrá landsins. Fyrir all löngu fékk Landsvirkjun leyfi til ýmissa aðgerða til að meiri arður kæmi úr raforkuframleiðslunni en greiddi fyrir það leyfi með gerð fiskistiga við Búða. Eftir stendur fiskurinn og vistkerfið í eigu bænda og landeigenda. Veiðifélag Þjórsár ber lögum samkvæmt ábyrgð á nýtingu fiskstofnanna í ánni og á að gæta hagsmuna veiðiréttareigenda við ána þar sem verndun til framtíðar er forgangsmál.

Þegar mat er lagt á vistkerfi laxfiska í Þjórsá verður það að byggjast á núverandi stöðu lífríkis árinnar en ekki hvað það gæti hafa verið tiltekna áratugi aftur í tímann miðað við forsendur sem Landsvirkjun og Veiðimálastofnun ætla að gefa sér. Slík aðferðafræði leiðir til þess að miða yrði við aðstæður fyrir landnám. Hvað gert er í dag er ákvörðun landeigenda en ekki Landsvirkjunar. Það er misskilningur að Landsvirkjun geti tekið sér vald til að rýra vistkerfi í eigu bænda við Neðri Þjórsá með því að auðga það hjá bændum í efri hluta árinnar.

Við mat á áhrifum virkjana væri einnig óskandi að forstjórarnir kæmu sér saman um hvort þeir telji hægt að notast við reynsluna frá Columbia- og Snake-ánum í Bandaríkjunum. Forstjóri Landsvirkjunar segir ekki hægt að bera þær saman við Þjórsá en forstjóri Veiðimálastofnunar vitnar til þeirra til marks um ágæti fyrirhugaðra mótvægisaðgerða. Eins og NASF hefur bent á sýnir reynslan frá Bandaríkjunum að engar af óhemju dýrum mótvægisaðgerðum virkjanafyrirtækja þar hafa megnað að koma í veg fyrir hrun fiskstofna í ánum vestra.

> Það er misskilningur að Landsvirkjun geti tekið sér vald til að rýra vistkerfi við Neðri-Þjórsá með því að auðga það hjá bændum í efri hluta árinnar.

# Norðurskautið þarf skyndihjálp

Umhverfisvernd

Svandís Svavarsdóttir
umhverfisráðherra Íslands

Ida Auken
umhverfisráðherra Danmerkur

Martin Lidegaard
loftslagsráðherra Danmerkur

Ville Niinistö
umhverfisráðherra Finnlands

Kári Páll Højgaard
innanríkisráðherra Færeyja

Bård Vegar Solhjell
umhverfisverndarráðherra Noregs

Lena Ek
umhverfisráðherra Svíþjóðar

Carina Aaltonen
umhverfisráðherra Álandseyja.

Ísinn á norðurskautinu bráðnar hratt. Meginástæðan er aukin losun gróðurhúsalofttegunda, fyrst og fremst koldíoxíðs, sem veldur hlýnun lofts og hafs. Áhrif sóts á bráðnun íssins eru ekki eins þekkt. Þó líftími sóts í andrúmsloftinu sé stuttur hefur það engu að síður áhrif á loftslagið.

Hafísinn gegnir mikilvægu hlutverki fyrir vistkerfi á norðurskauti. Hann er undirstaða lífsafkomu fjölda lífvera, þar á meðal sela og hvítabjarna. Kælandi áhrif íssins eru einnig mikilvæg fyrir loftslagið. Bráðnun íss á norðurskautinu magnar því hlýnun jarðar. Hlýnuninni fylgir óstöðugt loftslag, ekki bara á norðurskautinu, heldur víðsvegar á norðurhveli jarðar.

> Hafísinn gegnir mikilvægu hlutverki fyrir vistkerfi á norðurskauti. Hann er undirstaða lífsafkomu fjölda lífvera, þar á meðal sela og hvítabjarna.

Ef sporna á gegn hlýnun jarðar og bráðnun jökla er mikilvægt að draga verulega úr losun gróðurhúsalofttegunda á borð við koldíoxíð. En óháð því hve mikið við drögum úr losun þessara lofttegunda mun áhrifanna ekki gæta að fullu fyrr en eftir u.þ.b. 100 ár vegna tregðu í sjálfu loftslagskerfinu. Sú tregða stafar af því hve langur líftími þessara lofttegunda er í andrúmsloftinu.

Ef tefja á hraða bráðnun íss á norðurskautinu er þörf á skyndihjálp þannig að áhrifa gæti fljótt. Á fundi okkar, norrænu umhverfisráðherranna, á Svalbarða í síðustu viku sem og við ýmis önnur tækifæri, á alþjóðavettvangi, í svæðisbundnu samstarfi og heima fyrir, höfum við tekið ákvarðanir um aðgerðir í því skyni að draga úr losun svifryks og lofttegunda eins og t.d. sóts, metans og ósons við yfirborð jarðar. Þrátt fyrir stuttan líftíma þessara efna í andrúmsloftinu hafa þau áhrif á hlýnun loftslags. Þessar aðgerðir koma til viðbótar við aðgerðir gegn losun koldíoxíðs og annarra gróðurhúsalofttegunda sem hafa lengri líftíma.

Þess er vænst að settar verði alþjóðlegar reglur um losun skammlífra loftslagsspilla eins og sóts, metans og ósons. Meðan beðið er eftir slíkum reglum er mikilvægt að hraða vinnu við að draga úr losun þeirra. Leggja þarf áherslu á aðgerðir bæði í iðnríkjum og þróunarríkjum því áhrifa þessara efna gætir nú þegar á loftslag og heilsufar fólks. Á grundvelli náins samstarfs okkar og sameiginlegs gildismats náðum við á fundinum á Svalbarða samstöðu um að efla aðgerðir til að draga úr losun skammvinnra loftslagsspilla á heimaslóð.

Við ákváðum einnig að hvetja til nánara samstarfs á alþjóðavettvangi um metnaðarfyllri reglur um losun skammvinnra loftslagsspilla. Með samstarfi um betri reglur og frekari aðgerðir á svæðinu geta Norðurlönd beitt sér til áhrifa varðandi þetta mál á alþjóðavettvangi.

# Mannréttindaráðherra hunsar lög

Mannréttindi

Einar Steingrímsson
stærðfræðingur



Haustið 2009 flúði Mohammed Lo, tvítugur maður, frá Máritaníu. Þar hafði hann verið þræll frá blautu barnsbeini, enda sonur þræla og þar með „réttmæt“ eign húsbóndans sem hafði þrælkað foreldrana alla ævi þeirra. Það var skömmu eftir lát móður sinnar sem Mohammed flúði, en faðirinn lést fáum árum áður; hvorugt naut nokkurn tíma læknisþjónustu. Fyrir utan systur sína, sem samtímis flúði til Senegal, þekkti Mohammed ekkert fólk nema nokkra samþræla sína.

Mohammed dvaldi fáa mánuði á Spáni en fór síðan til Noregs. Þaðan kom hann til Íslands og sótti um hæli sem flóttamaður í desember 2010. Því var synjað, og Útlendingastofnun úrskurðaði að hann skyldi sendur aftur til Noregs. Staðreyndirnar eru þessar:

Þrælahald er algengt í Máritaníu og ekki er efast um frásögn Mohammeds. Fólk sem hneppt hefur verið í þrældóm á rétt á hæli og ekki má senda það aftur til heimalandsins.

Útlendingastofnun (UTL) fékk bréf frá Interpol í Noregi þar sem sagt var að ef Mohammed yrði snúið aftur til Noregs yrði hann sendur þaðan til Máritaníu. Samkvæmt nýlegum dómi Mannréttindadómstóls Evrópu má Ísland því ekki senda Mohammed til baka til Noregs.

Samkvæmt íslenskum lögum og mannréttindasáttmálum á Mohammed því rétt á hæli á Íslandi.

Þrátt fyrir þetta ætlaði UTL að senda Mohammed tilbaka, og stofnunin hafði ekki meiri áhuga á máli hans en svo að hún notaði túlk sem ekki skildi eina málið sem Mohammed getur tjáð sig á.

Farið var fram á að innanríkisráðherra frestaði brottvísun Mohammeds þar til ráðuneytið hefði lokið meðferð kæru vegna ákvörðunar UTL. Því var synjað og hefur Mohammed síðan verið í felum á Íslandi, þar sem hann hefur eignast talsvert af vinum og kunningjum.

Málið hefur nú verið hjá ráðherra frá því í júlí. Af einhverjum ástæðum hefur ráðherra ekki viljað gera það sem honum ber, né að skikka UTL til að fylgja lögum.

Útlendingastofnun er löngu þekkt fyrir lögleysur og óvönduð vinnubrögð. Margir héldu þegar Ögmundur Jónasson varð ráðherra mannréttindamála að hann myndi a.m.k. ekki taka þátt í að brjóta á augljósum rétti flóttamanna sem eiga yfir höfði sér pyntingar og ævilangan þrældóm. Annað virðist komið á daginn.

SÍÐUSTU FORVÖÐ
Aðeins einn dagur eftir af páskatilboðsdögum

Miele



PÁSKAVERÐ*
Miele þvottavél W1634
áður kr. 184.500
nú kr. 169.900
Miele þvottavél W1714
áður kr. 202.500
nú kr. 184.900
* á meðan byrgðir endast

EIRVÍK
Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Sími 588 0200 | www.eirvik.is

# Ert þú upplýst/ur?

Heilbrigðismál

Bergþór Grétar Böðvarsson
fulltrúi notenda í gæðaráði geðsviðs

Í Fréttablaðinu 31. janúar sl. birtist grein eftir Teit Guðmundsson „Okkur blæðir!“ þar sem hann talar um mikilvægi samtengdrar sjúkraskrár á landsvísu. Ég tel að samtengd sjúkraskrá myndi bæta þjónustu heilbrigðiskerfisins til mikilla muna. En áður en að því kemur verður að ganga svo frá að farið sé að lögum um sjúkraskrár og að réttindi notenda þjónustunnar séu virt í hvívetna.

Í lögum um sjúkraskrár er sagt að tilgangur þeirra sé svo unnt sé að veita eins fullkomna heilbrigðisþjónustu og kostur er á hverjum tíma. Ég vil meina að þjónustan sé fyrst fullkomin þegar notandi þjónustunnar er vel upplýstur um þá meðferð sem hann er í og að hann fái að vera þátttakandi í henni.

Mér finnst vanta mikið upp á að það sé farið að lögum hvað þetta varðar, en það er kannski bara eins og með lög um mannréttindi yfir höfuð. Þau eru til og hafa lengi verið til, en þegar til kastanna kemur og réttindi eru brotin og ekki farið að lögum, þá finnst mér að það sé yfir höfuð túlkað þannig að „þetta hafi verið í lagi miðað við aðstæður“ og því ekkert gert í því.

**Hvaða aðstæður geta leyft að brotið sé á rétti manneskjunnar?**

Svo ég haldi mig við sjúkraskrárlögin þá segir í útskýringum á þeim að [Umboðsmaður sjúklings sé forráðamaður hans eða sá sem sjúklingur hefur veitt skriflegt umboð til að taka ákvarðanir varðandi sjúkraskrána eða heimild til aðgangs að henni]. Ég veit að margir sjúklingar eða notendur heilbrigðisþjónustunnar hafa aldrei verið upplýstir um réttindi sín varðandi sjúkraskrána og því birti ég hér tvær greinar sem vert er að skoða.

Í 7. grein laganna segir um Rétt sjúklings við færslu í sjúkraskrá:

Sjúklingur eða umboðsmaður hans getur ákveðið þegar hann fær meðferð að sjúkraskrárupplýsingar verði ekki aðgengilegar öðrum en þeim sem skráir og umsjónaraðila og eftir atvikum getur hann veitt öðrum heilbrigðisstarfsmönnum aðgang.

Í 14. grein segir um Aðgang sjúklings að eigin sjúkraskrá

Sjúklingur eða umboðsmaður hans á rétt á aðgangi að eigin sjúkraskrá í heild eða að hluta og til að fá afhent afrit af henni ef þess er óskað. Beiðni þar að lútandi skal beint til umsjónaraðila sjúkraskrárinnar.

**V/réttindi notenda þjónustunnar**

Eins og ég sagði hér að framan þá finnst mér mikið vanta upp á að farið sé að lögum hvað réttindi sjúklinga varðar. Það segir til að mynda í 5. grein þeirra laga að notandi þjónustunnar eigi rétt á upplýsingum um:

a. heilsufar, þar á meðal læknisfræðilegar upplýsingar um ástand og batahorfur,

b. fyrirhugaða meðferð ásamt upplýsingum um framgang hennar, áhættu og gagnsemi,

c. önnur hugsanleg úrræði en fyrirhugaða meðferð og afleiðingar þess ef ekkert verður að hafst,

d. möguleika á að leita álits annars læknis eða annarra heilbrigðisstarfsmanna eftir því sem við á um meðferð, ástand og batahorfur.

Í 7. grein segir að virða skuli rétt notanda þjónustunnar til að ákveða sjálfur hvort hann þiggur meðferð eða ekki. Með öðrum orðum þá á sá sem ekki er sviptur lögræði rétt á að hafna meðferð.

Eins og með sjúkraskrárlögin þá hafa margir sjúklingar eða notendur þjónustunnar aldrei verið upplýstir um þennan rétt sinn og því má segja að það hafi verið brotið á rétti þeirra.

Með þessum orðum mínum er ég ekki að segja að það sé vísvitandi verið að brjóta á rétti manneskjunnar, ég held að ástæðan sé frekar sú að viðurlög við mannréttindabrotum eru svo lítil, eða engin eins og fyrr sagði, svo hugsunarháttur margra er orðinn þannig að þetta er í lagi fyrst þetta hefur verið svona í svo mörg ár.

**Þjónustan snýst um velferð sjúklinga**

Ráðherrar velferðarmála síðustu ára og landlæknir hafa margoft sagt að þjónustan eigi eða snúast um velferð notanda þjónustunnar. Ég trúi því að menn séu tilbúnir til að ganga svo frá að umrædd lög verði virt svo að þjónustan verði eins fullkomin og hægt er og það er vel hægt ef viljinn er til staðar.

Hvað breytingu á þessu varðar myndi ég vilja sjá að notanda þjónustunnar og umboðsaðila hans yrði boðið að fara reglulega yfir sjúkraskýrsluna undir leiðsögn ábyrgðaraðilans. Einnig myndi ég vilja sjá meðferðaraðila hætta þeirri venju að funda saman og tala um sjúklinga og byrja á því að funda með og tala við sjúklinga og þeim aðila sem sjúklingur eða notandi þjónustunnar veitir sitt umboð til þess að vera með.

**Að lokum**

Undirritaður þekkir vel þá undrun sem skín úr augum margra notenda þjónustunnar þegar þeir heyra hvaða réttindi þeir hafa og átta sig á því að þeir hafa aldrei verið upplýstir um það áður, þrátt fyrir hlutverk sjúklings til margra ára. Hvað þá undrun þeirra sem frétta að þeir fá ekki afrit af sjúkraskrá sinni á þeirri stundu, svo ekki sé talað um undrun þeirra sem sjá hvað hefur verið skrifað í hana.

Förum að lögum og virðum réttindi manneskjunnar, þátttaka sjúklinga í eigin meðferð er vísir að meiri bata.




UPPFÆRUM ÍSLAND

AÐALFUNDUR SAMTAKA ATVINNULÍFSINS 2012 MIÐVIKUDAGINN 18. APRÍL Á HILTON REYKJAVÍK NORDICA.

Fundarstjóri er **Ari Edwald**, forstjóri 365 miðla.

OPIN DAGSKRÁ KL. 14-16

- Ávarp: **Vilmundur Jósefsson**, formaður Samtaka atvinnulífsins
- Ávarp: **Christoffer Taxell**, forystumaður í finnsku atvinnulífi og fyrrverandi menntamálaráðherra Finnlands

UPPFÆRUM STRAX

- **Sjöfn Sigurgísladóttir**, einn stofnenda Íslenskrar Matorku
- **Edda Lilja Sveinsdóttir**, sviðsstjóri verkfræðisviðs Actavis
- **Marín Magnúsdóttir**, eigandi Practical
- **Kjartan Ragnarsson**, forstöðumaður Landnámsseturs Íslands

Netagerð og spjall

- Vetur kvaddur og sumri fagnað. Digital Blur leikur uppfærða nútímatónlist.

SKRÁNING Á WWW.SA.IS

SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# AFGREIÐSLUTÍMI Í BÓNUS UM PÁSKANA

MATVÖRUVERSLANIR
ÍSLENSKA ÁNÆGJUVOGIN
BÓNUS
1. sæti
MÆLING Á ÁNÆGJU VIÐSKIPTAVINA

## AFGREIÐSLUTÍMI Í VERSLUNUM BÓNUS UM PÁSKANA

| | | |
|---|---|---|
| Þriðjudagur | 3.apríl | 11.00-19.00 |
| Miðvikudagur | 4.apríl | 10.00-20.00 |
| Fimmtudagur | 5.apríl | 11.00-19.00 |
| Föstudagur | 6.apríl | LOKAÐ |
| Laugardagur | 7.apríl | 10.00-19.00 |
| Páskadagur | 8.apríl | LOKAÐ |

**AFGREIÐSLUTÍMI Í BÓNUS**
Mánudagur 9.apríl 12.00-18.00

Helluhraun - Fiskislóð - Grafarvogur
Smáratorg - Akureyri - Selfoss - Reykjanes

## AFMÆLISTILBOÐ BÓNUS 23 ÁRA




**1998** KR. 1 KG — 1 KG.
BÓNUS PÁSKAEGG



**1495** KR. KG
ALI HAMBORGARHRYGGUR M .BEINI



**1295** KR. KG
BÓNUS HAMBORGARHRYGGUR M .BEINI



**398** KR. 143 GR
**98** KR. 5 STK
5 FLATKÖKUR 98 KR.
HANGIÁLEGG 143 GR. 398




**1395** KR. KG
FERSKT KRYDDAÐ HEIÐALAMB



**139** KR. 185 ML
BÓNUS SÝRÐUR RJÓMI
185 ML. - 10% OG 18%



**298** KR. 250 GR
BÓNUS FETI-OSTUR
Í KRYDDOLÍU / MEÐ ÓLÍFUM




**139** KR. 230 ML
BÓNUS MAYONNAISE



**679** KR. 2 LTR.
MJÚKÍS - 2 LTR. SÚKKULAÐI & VANILLA



**698** KR. 6 LTR.
COKE 4 X 1.5 LTR.= 6 LTR.



**3598** KR. KG
KAUPFÉLAG SKAGFIRÐINGA FROSIÐ LAMBAFILLET



**1359** KR. KG
KAUPFÉLAG SKAGFIRÐINGA FROSIÐ LAMBALÆRI



**759** KR. 8 LTR.
PEPSI 4 X 2 LTR. = 8 LTR.

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur



BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
VERSLANIR BÓNUS OPNAR Í DAG 10:00-20:00
359
KR. 200 GR
FERSKT BÓNUS SPÍNAT
298
KR. 75 GR
BÓNUS KLETTASALAT
VEISLUFUGL
1198
KR. KG
VEISLUFUGL FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR MEÐ FYLLINGU.-
TILBÚINN TIL ELDUNNAR !
479
KR. 50 GR
FERSKAR KRYDDJURTIR 50G PAKKNING
GRASLAUKUR - MYNTA - GARÐABLÓÐBERG - RÓSMARIN -BASILIKA -KORINADER
BÓNUS
24
PINNAR
698
KR.24 STK.
BÓNUS PINNAKASSINN
12 GRÆNIR - 12 VANILLU
24 PINNAR Í KASSANUM
BÓNUS
Kjúklingur
Bringur
1975
KR. KG
BÓNUS FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
Ali
698
KR. KG
ALI GRÍSAKJÖT
FERSKUR GRÍSABÓGUR
OPNUM KL.10
3798
KR. KG
ÞÝSK FROSIN NAUTALUND
BÓNUS FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR
729
KR. KG
BÓNUS BÝÐUR BETUR
Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA
Vildarklúbbur

# „Verðvernd“ er grín á kostnað neytenda

**Neytendamál**

**Baldur Björnsson**
framkvæmdastjóri Múrbúðarinnar



Hefur þú, lesandi góður, einhvern tímann lagt á þig kostnað og fyrirhöfn til að fá endurgreidda nokkra hundraðkalla vegna fullyrðinga um „verðvernd“?

Ef svo ólíklega vill til, þá hefurðu væntanlega keypt vöru í verslun sem auglýsti verðvernd og séð hana svo auglýsta á lægra verði annars staðar.

Til að fá mismuninn endurgreiddan hefurðu þurft að taka auglýsinguna með þér, tryggja að verð og dagsetning komi þar fram, ganga úr skugga um að viðkomandi vara sé til hjá seljandanum og gera þér ferð í verslunina með verðverndinni til að fá mismuninn greiddan. Endurgreiðslan hefur þó síður en svo verið örugg, vegna þess að seljandinn hefur sjálfdæmi um hvort hann tekur samanburðarvöruna gilda.

Þegar tekið hefur verið tillit til tíma og bensínkostnaðar, þá þarf verðmismunurinn helst að nema þúsundum króna til að fyrirhöfnin sé þess virði. Svo er í fæstum tilfellum. Öllu frekar er verið að tala um tíkalla og hundraðkalla.

Með öðrum orðum, ef þú hefur margt betra að gera við tíma þinn og peninga, þá er afskaplega ólíklegt að þú hafir nokkru sinni látið reyna á loforð um „verðvernd“.

### „Verðvernd“ gerir lítið sem ekkert fyrir neytandann

En hefurðu þá spáð í hvers vegna ákveðnar verslunarkeðjur auglýsa verðvernd eins og enginn sé morgundagurinn? Stundum lítur út eins og verðvernd sé aðalsöluvara þeirra.

Úr því að verðvernd hefur nánast ekkert að segja fyrir neytandann, hvers vegna ætli þessar verslanir leggi slíka ofuráherslu á að auglýsa hana? Svarið liggur í augum uppi. Verðvernd gefur í skyn að viðkomandi verslun bjóði hagstætt verð, jafnvel lægra verð en allir aðrir. Enda auglýsir ein verslunarkeðjan í sífellu „Verðvernd – lægsta verðið.“

Staðreyndin er þó auðvitað að verðvernd gerir lítið sem ekkert fyrir neytandann. Það liggur í augum uppi að ef fjárhagslegur ávinningur neytandans af að láta reyna á verðverndina er minni en enginn, vegna tíma, fyrirhafnar, kostnaðar og óvissu, þá er hún marklaus. Verðvernd er því lítið annað en leiktjöld. Verðvernd gefur eitthvað í skyn sem jafnvel engin innistæða er fyrir.

### Verðvernd en samt hæsta verðið

Í raun getur verslun verið með hæsta verðið, en samt auglýst verðvernd í bak og fyrir. Í reglum Neytendastofu nr. 366/2010 um útsölur eða aðra sölu þar sem selt er á lækkuðu verði segir meðal annars: „Bjóði seljandi verðvernd ber honum að kanna reglulega verð á markaði og leiðrétta verð sitt í samræmi við það.“ Ætla mætti við lestur þessarar málsgreinar að verðvernd þýði það sama og lægsta verð, þ.e. að sá sem auglýsir verðvernd sé sífellt að bera sig saman við aðra til að tryggja að vera alltaf að bjóða lægsta verðið. Svo er auðvitað ekki, enda segir í þessum reglum að sá sem býður verðvernd skuli einungis greiða mismuninn ef sama vara fæst ódýrari annars staðar. Reglurnar gera því engar kröfur um að sá sem býður verðvernd sé með lægsta verðið. Hver sem er getur auglýst verðvernd og samt selt vöruna á hæsta verðinu. Aðeins í þeim tilfellum þar sem neytandinn hefur fyrir því að láta reyna á rétt sinn þarf seljandinn að greiða mismuninn.

### Skilmálar sem stríða gegn reglum

Þær verslanir sem mest spila á verðverndina setja þar að auki mun strangari skilmála fyrir endurgreiðslu en segir í reglum Neytendastofu nr. 366/2008, um útsölur eða aðra sölu þar sem selt er á lækkuðu verði. Þar segir m.a.: „Í verðvernd felst skilyrt loforð seljanda um að geti kaupandi sýnt fram á að sama vara sé fáanleg á lægra verði hjá öðrum seljanda, fái hann greiddan verðmuninn.“

Verslunarkeðjurnar krefjast þess að keppinautur hafi auglýst vöruna á lægra verði. Þá má varan ekki vera á útsölu, rýmingarsölu, eða á tilboði (svo fáránlegt sem það kann að virðast), né í takmörkuðu magni eða til sölu á netinu. Verslanirnar ákveða sjálfar hvort ódýrari varan sé sú sama og þær selja, sem á við í fæstum tilfellum þar sem þær selja mikið til vörur sem enginn annar flytur inn.

Ekkert í reglum Neytendastofu heimilar þessi skilyrði fyrir verðvernd. Samt komast verslanirnar upp með þau. Tilgangurinn er augljós. Ef svo ólíklega vildi til að einhver neytandi kæmi með sönnun um ódýrari vöru til að fá mismuninn endurgreiddan, þá eru skilyrðin sett til að tryggja að ekki þurfi að standa við fögru fyrirheitin nema í einstaka tilvikum.

### Hvers vegna skyldu engir aðrir auglýsa verðvernd?

Verðvernd er ekkert annað en aumt grín á kostnað neytenda. Verðvernd er fyrst og fremst notuð til að telja neytendum trú um að sá sem býður verðvernd bjóði alltaf lægsta verðið, þótt svo sé yfirleitt ekki. Neytendur hafa sjaldnast ávinning af því að bera sig eftir smávægilegum mismun á verði með þeirri fyrirhöfn sem skapast af skilyrðum verðverndar.

Neytendur mættu spyrja sig hvers vegna þessar tvær „verðverndarverslanir“ leggja svona mikið upp úr að auglýsa verðvernd fremur en að bjóða einfaldlega lægsta verðið.

Og ef einhver heldur að verðvernd skipti einhverju máli fyrir viðskiptavinina, þá ætti sá sami að spá í hvers vegna engar aðrar verslanir auglýsa verðvernd.




# Lýðræðispopúlistinn

**Forsetaembættið**

**Jón Þór Ólafsson**
lýðræðissinni



Metnaðarfulla stjórnmálamenn hefur alltaf dreymt um að sagan sýni þá í sem bestu ljósi. Aðeins tveimur leiðtogum í 500 ára sögu Rómarlýðveldisins var veittur eftirsóttasti heiður ríkisins fyrir að bjarga Róm frá glötun og voru þeir þaðan í frá þekktir sem stofnendur Rómar. Sá síðari þeirra var popúlistinn Gaius Maríus. Menn eins og hann sem sækja stuðning sinn til „populsins“, sem er latína fyrir „lýðurinn“, hafa alltaf verið hataðir af valdaelítunni sem þeir sniðganga og Ólafur Ragnar Grímsson er engin undantekning.

Eitt er víst. Ólafur Ragnar Grímsson er kominn á lokasprett langs ferils og vill minningu sína sem glæstasta. Undir það síðasta hefur hann reynt að endurskapa sig sem faðir þjóðarinnar, sverð hennar og skjöldur, lýðræðisforseti sem færir þjóðinni vald til að velja sína framtíð sjálf. Annað er víst. Ólafur Ragnar vill ekki falla í skuggann af framtíðarforsetum landsins sem gætu notað málskotsréttinn oftar og betur.

> Það skiptir ekki nokkru hvort lesendur trúa á nývaknaða lýðræðisást Ólafs Ragnars. Hann hefur sveipað sig skikkju lýðræðis til að skarta í sögubókunum.

Með því að beita sér fyrir, og skrifa svo undir, nýja stjórnarskrá Stjórnlagaráðs slær Ólafur Ragnar tvær flugur í einu höggi. Hann slær smiðshöggið á minningu sína sem helsta lýðræðisforseta Íslands; fyrsta forseta nýju stjórnskipunarinnar, Nýja Íslands þar sem 10% kjósenda hafa málskotsrétt. Í sama höggi slær hann því málskotsskjöldinn að hluta úr höndum eftirmanna sinna því popúllinn, lýðurinn, getur varið sig sjálfur fyrir löggjafanum að miklu leyti með sínum eigin málskotsskildi.

Forsetakosningarnar í sumar snúast m.a. um málskotsréttinn og nýju stjórnarskrána. Svona orðar Ólafur það í framboðsyfirlýsingunni: „… vaxandi óvissu varðandi stjórnskipan landsins og stöðu forseta í stjórnarskrá.“ Við getum sem kjósendur annars vegar tekið áhættu og valið nýjan forseta sem notar svo hvorki málskotsréttinn né annað neitunarvald sitt, ekki einu sinni þegar þingið breytir stjórnarskránni til að taka það endanlega af embættinu. Gamla Ísland mun tefla fram slíkum frambjóðenda. Við getum hins vegar kosið sitjandi forseta sem líklegastur er til að samþykkja nýju stjórnarskrána sem tryggir að kjósendur sjálfir fái málskotsrétt.

Það skiptir ekki nokkru hvort lesendur trúa á nývaknaða lýðræðisást Ólafs Ragnars. Hann hefur sveipað sig skikkju lýðræðis til að skarta í sögubókunum. Hann hefur valið sér líkklæðin vel og án þeirra er hann „Útrásarforsetinn“ og „Hrunforsetinn“. Honum er því best treystandi til að festa í sessi nýju stjórnarskrána og án beinna lýðræðis, persónukjörs og gegnsæis sem hún tryggir verður gamla Ísland endurreist. Sumir munu eflaust kjósa að láta hatur á gölluðum manni halda sér föngnum á gamla Íslandi. Aðrir munu kjósa lýðræðispopúlistann Ólaf Ragnar Grímsson, geyma hann í sögubókunum og ganga bjartsýnni inn í lýðræðislegri framtíð.

# Siðlaus rányrkja vegna stundargróða

**Landbúnaður**

**Herdís Þorvaldsdóttir**
leikkona og fv. formaður Lífs og Lands



Útflutningsaðilar lambakjöts hvetja nú bændur til að fjölga fénu um allt að helming vegna þess að síðan krónan féll þarf ekki að borga tugi milljóna með útflutningnum, eins og gert var í áratugi. Einhverjar gjaldeyristekjur skapast, sem fara þó fljótt aftur úr landi, því mikinn gjaldeyri þarf til framleiðslu á þessum afurðum: áburð, rúlluplast, vélar, eldsneyti, lyf o.s.frv. Kostnaðurinn við að framleiða þetta kjöt er miklu meiri en það sem fæst fyrir afurðirnar.

Þó eru landskemmdirnar alvarlegastar. Það er vegna aukinnar beitar, á þegar ofbeittu landinu.

Að græða upp það land sem skemmist til viðbótar er vonlaust. Við höfum varla undan eins og er.

Það er algerlega siðlaust og ótrúleg ósvífni að hvetja til þess að restin af náttúrulegum gróðri landsins fari í fóður fyrir sauðfé handa útlendingum, vegna stundargróða lítils hagsmunahóps í landbúnaðarstéttinni. Þeir hirða ágóðann, við borgum bara framleiðsluna. Þessir aðilar sem vinna að því með öllum ráðum að fá markaði fyrir kjötið í útlöndum hljóta að vera gjörsamlega samviskulausir gagnvart afleiðingunum og áhrifum gjörða sinna á landið og okkur hin sem borgum skaðann.

Ef þessar skepnur væru á ábyrgð eigenda sinna, girtar af, á þeirra eigin löndum, og án milljarðastyrkja frá okkur skattborgurum, þá gætu þeir auðvitað haft eins mikið fé og þeir gætu fóðrað, öllum öðrum að meinalausu. Þessari ábyrgðarlausu rányrkju á okkar kostnað og landsins verður að linna.

> Kostnaðurinn við að framleiða þetta kjöt er miklu meiri en það sem fæst fyrir afurðirnar. Þó eru landskemmdirnar alvarlegastar.

Við erum endalaust að glíma við afleiðingarnar í stað þess að koma í veg fyrir orsakirnar. Við eyðum milljörðum í að girða okkur og gróðurreiti af, frá sauðkindinni, í stað þess að girða hana af eins og allar siðaðar þjóðir hafa fyrir löngu gert. Þetta vesalings land, þekkt fyrir að vera eitt það verst farna sem þekkist, sökum búsetu, með stærstu manngerðu eyðimerkurnar, getur þá farið að græða sárin.

Vonandi vakna stjórnvöld af aldardoðanum, stíga inn í nútímann, og aflétta þessum álögum á landinu okkar. Þá getur það sjálft klætt fjallkonuna aftur í skrúðann sinn, áður en slitin nærklæðin ná ekki að skýla nekt hennar lengur.

# VORTILBOÐ

**FRÍ HEIMSENDING EÐA GAMLA RÚMIÐ UPP Í!***

**25-50%**
AFSLÁTTUR AF ÖLLUM HEILSURÚMUM

*Tilboðið gildir eingöngu um hjónarúm

*Smíðum rafmagnsrúm í öllum stærðum!*



## ROYAL OG CLASSIC

**Hágæða fjölstillanleg rafmagnsrúm á 25% afslætti.**

**12 mánaða vaxtalaus VISA / EURO greiðsludreifing**
**– Eingungis greiðist lántökugjald**

Rúm Gott

**Öllum fermingarrúmum fylgir dýnuhlíf, lak og sængurver.**

**Gjafapakki að verðmæti kr. 17.500,-**

# FERMINGARTILBOÐ

**Á HEILSURÚMUM - VERÐ 120X200 FRÁ KR. 79.442**

## FAGLEG RÁÐGJÖF OG FRÍ LEGUGREINING

Komdu í heimsókn, prófaðu legugreininguna, og fáðu faglega ráðgjöf um val á heilsudýnum, án skuldbindinga!

*Vertu örugg/ur*
*Komdu í greiningu*

RúmGott býður öllum viðskiptavinum upp á fría legugreiningu með hinum byltingarkennda Xsensor Medical Pro búnaði.



### HVENÆR ER ÞÖRF Á LEGUGREININGU?

Finnurðu fyrir eymslum í mjóbaki?
Vaknarðu oft með verki í mjöðm?
Finnurðu fyrir eymslum eða dofa í öxlunum?
Sefurðu illa vegna annara óþæginda?

- hryggskekkju
- brjósklos
- samföllnum hryggjaliðum
- spengdum hryggjaliðum
- gigt, til dæmis:
- slitgigt, vefjagigt eða liðagigt.

**FREMSTIR Í FRAMLEIÐSLU Á HEILSUDÝNUM**

**VIÐ FRAMLEIÐUM ÞITT RÚM EFTIR ÞÍNUM ÞÖRFUM**

**SÉRSMÍÐUM RÚM OG DÝNUR Í SUMARHÚS FELLIHÝSI OG TJALDVAGNA**

Löggiltir dýnuframleiðendur, starfandi í 60 ár

**RúmGott** · Smiðjuvegi 2 (við hliðina á Bónus) · Kópavogi · Sími 544 2121
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 11-16 · www.rumgott.is

VERSLUNIN
Rúm Gott
ÍSLENSK HEILSURÚM

# Drómi hf. – innheimtufyrirtæki með ríkisábyrgð

Fjármál

Björn Steinbekk Kristjánsson
verkefnastjóri



Drómi hf. er hlutafélag sem innheimtir lán sem voru í eigu SPRON og Frjálsa Fjárfestingabankans og er að fullu í eigu slitastjórnar SPRON/Frjálsa fjárfestingabankans. Það sem gerir Dróma hf. frábrugðinn öðrum fjármálastofnunum er sá að Drómi hf. er í raun innheimtufyrirtæki sem hefur engan hag af því að vinna með eða þjónusta sína viðskiptavini þó forsvarsmenn Dróma hf. hafi reynt af veikum mætti að halda öðru fram.

Fyrirkomulagið sem Drómi hf. starfar eftir er frábrugðið öllu öðru sem ríkið og Fjármálaeftirlitið komu að og settu upp eftir efnahagshrunið 2008. Engar skýringar hafa fengist hvers vegna þessi leið var kosin og hvers vegna þeir sem voru í viðskiptum við Frjálsa fjárfestingabankann og SPRON voru settir í aðra aðstöðu en aðrir viðskiptavinir íslenska bankakerfisins.

Það sem er hins vegar athyglisvert við þetta mál er sú staðreynd að Drómi hf. er rekinn með ríkisábyrgð. Ástæðan er sú að ríkið gaf ríkisábyrgð fyrir innlánum hjá SPRON sem flutt voru til Arion Banka. Það er síðan verkefni Dróma hf. að innheimta lán hjá viðskiptavinum og tryggja að heimtur verði slíkar að ekki komi til þess að ríkið verði fyrir tapi sbr. áðurnefnda ríkisábyrgð vegna innlána. Forsvarsmenn slitastjórnar SPRON/Frjálsa fjárfestingabankans hafa sagt stjórnvöldum að verðmæti útlánasafns þeirra sé um 10% hærra en innlánatrygging ríkisins. Þessi 10% gera það að verkum að Drómi hf. fær að starfa áfram og koma fram á slíkan hátt að þúsundir manna sitja ekki við sama borð og þeir sem skulduðu öðrum viðskiptabönkum á Íslandi fyrir hrun.

> Það er kominn tími á að stjórnvöld leiðrétti málefni skuldara Dróma og biðji þennan hóp afsökunar…

Kjarni málsins er hins vegar sá að Drómi hf. er orðinn eitt af óhreinu börnunum hennar Evu. Efnahags- og viðskiptaráðherra viðurkenndi í símtali við mig að það væri ótækt að Drómi hf. yrði rekinn áfram á sama hátt. Leysa þyrfti málið og það sem fyrst. Hann sagði enn fremur að Fjármálaeftirlitið bæri alla ábyrgð á því að Drómi hf. hefði verið stofnaður og ætti sem eftirlitsaðili að skoða málið ofan í kjölinn. Dróma-kjölurinn hefur ekki enn verið skoðaður því að er erfitt að rannsaka það sem maður skapar sjálfur. Það er einnig erfitt að hirta þá sem maður skipar í stöður og braut brauð með í mötuneyti FME til fjölda ára.

Helgi Hjörvar, formaður efnahags- og viðskiptanefndar, hefur lofað að halda fund með undirrituðum, FME, efnahags- og viðskiptaráðherra og umboðsmanni skuldara til að ræða málefni skuldara hjá Dróma hf. en erfitt virðist vera að boða þann fund. Það sem undirritaður leggur til að stjórnvöld beiti sér fyrir er eftirfarandi þar sem ríkið hefur jú ábyrgst rekstur Dróma hf. með ríkisábyrgð:

- Að úttekt verði gerð á rekstri Dróma hf. og kostnaði við rekstur félagsins.
- Að óháð endurskoðunarfyrirtæki geri úttekt á lánasafni Dróma hf. með tilliti til þess hver munurinn sé á milli innlánatryggingar og útlána. Vert er að benda á að auðvelt er að sjá hvað Drómi hf. metur lánasafnið á með því að skoða hvað þær eignir sem Drómi hefur leyst til sín á nauðungarsölum hafa selst á fasteignamarkaði. Fróðir menn telja að útlán muni ekki duga fyrir innlánatrygginu ríkisins.
- Að lausafjárstaða Dróma hf. verði skoðuð.

Seðlabanki Íslands er einn af stærstu kröfuhöfum Dróma hf. í gegnum eignasafn sitt. Það ættu því að vera hæg heimatökin að taka á málefnum Dróma hf. í eitt skipti fyrir öll. Það er ótækt að stjórnvöld og opinber eftirlitsaðili með stjórnvaldsákvörðun mismuni fólki eins og gert er í málefnum viðskiptavina Dróma og annarra fjármálastofnana á Íslandi. Það er kominn tími á að stjórnvöld leiðrétti málefni skuldara Dróma og biðji þennan hóp afsökunar á framkomunni sem þeir hafa mátt þola.

# Opinber stuðningur til fráskilinna foreldra

Samfélagsmál

Oktavía Guðmundsdóttir
félagsráðgjafi hjá Félagi einstæðra foreldra



Árið 2010 voru lögskilnaðir 563 og sama ár urðu sambúðarslit 594. Lögskilnaðirnir snertu 641 barn en í sambúðarslitum var 371 barn.

Skilnaður hefur í för með sér breytingar á daglegu lífi fjölskyldunnar, ekki síst fyrir börnin, sem óska þess sjaldnast að fjölskyldan splundrist. Margt breytist hjá barni í kjölfar skilnaðar, fyrir utan að missa annað foreldri af heimilinu, verða oft breytingar á nánasta umhverfi, svo sem flutningar og skólaskipti. Samvistarslitum fylgja tilfinningalegir, fjárhagslegir og félagslegir erfiðleikar, mismiklir en aldrei auðveldir.

Opinber stuðningur til foreldra eftir skilnað fylgir alltaf lögheimili barns, sem getur einungis verið hjá öðru foreldrinu, eins og barnalögin kveða á um. Má þar nefna barnabætur. Þær rata eingöngu til þess foreldris sem er með lögheimili barns þrátt fyrir sameiginlega forsjá og þrátt fyrir að barn hafi jafna búsetu hjá báðum foreldrum.

Meðlagið fylgir yfirleitt lögheimili barns. Það gildir einu hvort barnið hefur jafna búsetu hjá foreldrum sínum, eða hvort þeir skipta kostnaði vegna barnsins.

Það sama má segja um húsaleigubætur, þær fylgja lögheimili barns við útreikning, þar sem hallar verulega á það foreldri, sem barnið hefur EKKI lögheimili hjá. Þessi ójöfnuður bitnar á börnunum.

Það foreldri, sem fær lítinn opinberan stuðning og hefur mikil útgjöld (svo sem háan húsnæðiskostnað) þarf að afla töluverðra tekna, til að geta boðið barni sínu sómasamlegt heimili og sinnt grunnþörfum þess.

> Opinber stuðningur til foreldra eftir skilnað fylgir alltaf lögheimili barns, sem getur aðeins verið hjá öðru foreldrinu…

Eftir lögfestinguna um sameiginlega forsjá árið 2006, átti sér stað mikil og jákvæð breyting, með aukinni þátttöku fráskilinna feðra við umönnun og uppeldi barna sinna. Þróunin hefur verið hröð sl. ár. Lög um húsaleigubætur og barnabætur hafa ekki fylgt í kjölfarið, en eins og sjá má, er þarna á ferðinni mismunun á greiðslum til foreldra barna eftir samvistarslit. Þetta þarf að leiðrétta þar sem það brýtur í bága við barnalögin sem kveða skýrt á um að alltaf skuli hafa hagsmuni barna að leiðarljósi við skilnað foreldra.



*Í boði fyrir 3GB-30GB pakka. Gildir meðan birgðir endast.


VORIÐ NÁLGAST!
MÚRBÚÐARVERÐ
– Gleðilega páska!
Deka Gólfmálning grá 3 lítrar
3.795,-
Hágæða sænsk málning 10% gljástig, verð 10L
5.290,- allir ljósir litir
Dicht-Fix þéttiefni. 750ml
1.790,-
ODEN EÐAL OLÍA á palla. Hágæða Silikonalkyd efni. 3 lítrar
4.290,-
6.990,-
Drive ryksuga í bílskúrinn
• 1200W
• 20 lítra
• sogkraftur > 16KPA
• fjöldi fylgihluta
Álstigi 2x12 þrep 3.61-6,1 m
25.990,-
Hjólbörur 75L
4.490kr.
DURATOOL Rafhlöðuborvél 18V
2.990,-
Black&Decker háþrýstidæla 110 bar
14.900,-
1400W, 360 min/lit/klst
Þolir 50C heitt vatn
5 metra barki, sápubox
Kapalkefli 10 mtr
2.990,-
Gaddavír 14x14x10 300 m.
5.900,-
1.290,-
1.290,-
Gott í sumarbústaðinn
Álstigi 3x8 þrep 2.27-5.05 m
18.990,-
Ryco-2006T Rafmagns-þilofn Turbo með yfirhita-vari 3 stillingar 2000w
5.890,-
Malarhrífa
1.390,-
Mako sterkir ruslapokar 120 lítrar 10stk
390,-
Einnig til 89 cm
Túngirðinganet 3mm 69cmx50 metrar
5.490,-
59.900,-
GAS GRILL
4 ryðfríir brennarar og hliðarplata. 14 kw/h. 48.000-BTU. Hitamælir. Kveikja í stillihnapp. Grillgrind er postulíns-húðuð. 44x56 cm. Extra sterk hjól v.gaskút. Þrýstijafnari og slöngur fylgja.
Flúðamold 20 l
590,-
Turbokalk 12,5 kg
2.690,-
Kalkkorn 5 kg
699,-
Blákorn 5 kg
1.290,-
Reykjavík | Kletthálsi 7. | Opið virka daga kl. 8-18, laug. 10-16
Reykjanesbær | Fuglavík 18. | Opið virka daga kl. 8-18
Akureyri | Furuvöllum 15. | Opið virka daga kl. 8-18, laug. 10-14
Húsavík | Garðarsbraut 50. | Opið virka daga kl. 8-18
Vestmannaeyjar | Flötum 29. | Opið virka daga kl. 8-18
Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN
MÚRBÚÐIN
– Afslátt eða gott verð?
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is
Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!

# Skref í rétta átt

Skipulagsmál

Ragnar Sverrisson
kaupmaður



Mörgum brá í brún þegar til stóð að byggja skyndibitastað með lúgum auk bensínstöðvar á syðsta hluta miðbæjar Akureyrar fyrir norðan og neðan gamla samkomuhúsið. Sem betur fór var fallið frá þeim skipulagslega bútasaum þar sem ekkert var skoðað í samhengi við nágrennið. Í fyrirliggjandi tillögum um skipulag sama svæðis bregður nýrra við því horft er á það í heild norður að Kaupvangsstræti. Gert er ráð fyrir að varðveita byggingar sem fyrir eru, styrkja með því götumyndina og nýta syðsta hluta svæðisins fyrir hótel af hóflegri stærð. Þar fyrir norðan verði byggð tveggja hæða íbúðarhús með portbyggðu risi allt að Torfunesbryggju.

Ef vel tekst til um hönnun hótelsins og þessara húsa vinnst margt. Hafnarstrætið verður með sínar gömlu og virðulegu byggingar og gönguleiðin greið frá kaupfélagshorninu til Höfnerssvæðisins og þaðan suður í Fjöru þar sem elstu húsin standa innvirðulega í röðum. Með því að byggja þessi lágreistu hús vestan við Drottningarbraut (39 til 45 íbúðir) hefur verið mynduð hljóðvörn í Hafnarstrætinu og þar verður því gott að dvelja og spóka sig í þögn og virðulegu umhverfi. Þá fyrst er hægt að tala um kosti þess að varðveita gömlu húsin og njóta en bakhlið þeirra flestra er ekkert augnayndi enda sneru þau að Pollinum í upphafi og flestum hulin nema sæfarendum. Þess vegna er hið nýja skipulag ekki ógnun við gömlu húsin í Hafnarstrætinu heldur forsenda þess að þau fái notið sín þegar búið verður að gera þeim til góða með lagfæringum færustu fagmanna.

**Bílar og bílastæði**

Eitt einkenna miðbæjar Akureyrar eru mikil bílastæðaflæmi. Víðast hvar eru slík stæði í miðbæjum sett undir yfirborð jarðar eða í sérstök bílahús og því frekar sem nær dregur kjörnum þeirra. Þar eru bílar yfirleitt ekki á víðavangi enda eru slíkar lóðir alltof verðmætar til þess eins að varðveita bíla dægrin löng. Í þeirri skipulagstillögu sem hér er til umræðu er gert ráð fyrir að bílastæði hótelsins fari að hluta til í kjallara þess og einnig verði bílageymslur í íbúðarhúsunum norðanvið. Auk þess verða þar bílastæði ofanjarðar og með því hefur þeim fjölgað talsvert frá því sem nú er á svæðinu enda þótt hús og híbýli með tvö til þrjú hundruð íbúa hafi einnig risið á sama stað.

Þannig hefur verið haldið á þá braut í útjaðri miðbæjarins að koma bílum að hluta í geymslur og ætti það að vera til marks um að sú stefna verði framkvæmd að fullu þegar nær dregur kjarna hans; þar ættu bílar ekki að sjást nema í slíkum geymslum því umferð gangandi fólks á að hafa forgang. Það er einkenni vistvænna miðbæja að nýjar byggingar taka mið af þeim sem fyrir eru en eru jafnframt viðbót í takt við nútímann og mynda umhverfi þar sem mannlíf, útivist og viðskipti blómstra í skjólsælu og björtu umhverfi.

**Áfram með smérið**

Með þeim tillögum um syðsta hluta miðbæjarins sem fyrir liggja – og bæjarstjórn afgreiðir vonandi fljótt og vel – er búið að varða veginn til framhaldsins fyrir þann hluta miðbæjarins sem eftir stendur og mikil nauðsyn er að ljúka við eins og fjölmennt íbúaþing lagði til árið 2004. Með þessari tillögu er uppfyllt sú ósk þingsins að í miðbænum verði lágreistar byggingar í takt við eldri hús sem fyrir eru og myndað verði skjól og afslappað umhverfi þar sem bílar verði ekki áfram leiddir til öndvegis eins og nú er gert í öllu því flæmi bílastæða sem einkenna miðbæinn.

Tillagan gæti því verið góður grunnur nýs deiliskipulags fyrir nyrðri hluta miðbæjarins þar sem bílar verða settir ofan í jörðina eða í bílahús, götur með lágreistum húsum verði beint í austur-vestur átt til að mynda skjól og birtu á svæðinu og hafnaraðstaða fyrir minni báta og skip verði gerð forsvaranleg. Hún er nú algjörlega óviðunandi eins og sást í haust þegar fjöldi manns var að bjarga skipum sem losnuðu upp í hvassri sunnan átt.

Vonandi er það skipulag, sem nú er kynnt í syðsta hluta miðbæjar Akureyrar til marks um að bæjaryfirvöld ætli að sinna skipulagsmálum hans af meiri krafti en hingað til. Í því sambandi má benda á þá miklu vinnu sem unnin var á þessu sviði í framhaldi af áðurnefndu íbúaþingi. Öll þau gögn liggja nú í hillum bæjaryfirvalda eins og eitruð peð. Þar er margt nýtilegt og ráð að dusta af þeim rykið og bera saman við það skipulag sem hér er til umræðu. Menn sjá þá fljótt að þar fer margt ágætlega saman.




# Kynleg tölvu- og netnotkun eldri borgara

Netnotkun

Halldóra Gunnarsdóttir
sérfræðingur á mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar



Eitt af því sem Hagstofan skoðar reglulega er tölvu- og netnotkun einstaklinga og er könnun á þessu, sem gerð var 2011, á vef Hagstofunnar, hagstofan.is. Tekið var handahófskennt úrtak 2.100 einstaklinga 16 til 74 ára úr Þjóðskrá og spurningalistar lagðir fyrir í gegnum síma. Áhugavert er að skoða þessa tölfræði út frá aldri og kyni svarenda enda kemur þar margt athyglisvert í ljós.

Tölvur eru á 95% íslenskra heimila, nettenging er á 93% þeirra og 94% landsmanna eru reglulegir notendur netsins. Þessi rannsókn er gerð árlega í 29 öðrum Evrópuríkjum og því hægt að bera Ísland saman við þau. Þar eru 65% af heildarmannfjölda reglulegir notendur en netnotendur eru flestir í Noregi, Hollandi Lúxemborg, Svíþjóð og Danmörku eða um 90%. Hvergi í Evrópuríkjunum er tölvu- og netnotkun meiri en á Íslandi.

Reyndar er undarlegt að Hagstofan spyrji ekki fólk sem er 75 ára og eldra því mjög athyglisvert væri að sjá netnotkun þess hóps.

**Kynjamunur í tölvu- og netnotkun**

Tölvu- og netnotkun kvenna og karla sem eru tölvu- og netnotendur, þ.e. hafa notað tölvu eða net síðustu þrjá mánuði, er afar svipuð frá 16 til 54 ára aldurs en í hópnum 55 til 74 ára breytist það og er mikill munur á milli kynjanna í þeim aldurshópi. Rúmlega 77% kvenna nota tölvur daglega en rúmlega 91% karla. Munurinn milli kynja í notkun netsins er minni en rúmlega 76% kvenna nota það daglega í þessum aldurshópi en rúmlega 84% karla.

Á síðustu þremur mánuðum áður en könnunin fór fram höfðu 14% kvenna í aldurshópnum 55 til 74 ára verslað á netinu en hlutfall karla á sama aldri er helmingi hærra eða 28%.

Um 33% tölvu- og netnotenda höfðu reynt að hafa áhrif á samfélagslega eða pólitíska umræðu t.d. með netkosningum eða undirskriftalistum. Þar er munurinn milli kynja í aldurshópnum 55 til 74 ára á þann veg að 24% kvenna segjast hafa gert það en 37% karla. Hlutfall kvenna er hins vegar hærra en karla í notkun á samskiptasíðum eins og Facebook og Twitter. Samskiptasíður nota 84,2% kvenna en 67,4% karla og í aldurshópnum 55 til 74 ára þá hafa 59% kvenna notað samskiptasíðurnar en aðeins rúmlega 40% karla. Það er þekkt að konur beri í meira mæli en karlar ábyrgð á samskiptum við fjölskyldu og vini og birtist þessi munur einnig greinilega í samskiptum á netinu.

Það er athyglisvert að sjá að 82,7% karla sem eru netnotendur í þessum aldurshópi hafa notað heimabanka en aðeins 68,2% kvenna í sama aldurshópi. Ýmis fyrirtæki bjóða ódýrari þjónustu ef heimabanki er notaður enda sparar það t.d. útsendingakostnað reikninga. Vörur eru einnig oft ódýrari ef keypt er á netinu. Það fylgir því þess vegna fjárhagslegur ávinningur að geta notað netið. Þeim sem nýta netið til kaupa á þjónustu eftir 24 ára aldur fer fækkandi eftir því sem aldurinn færist yfir.

Möguleikum til að hafa áhrif á samfélag sitt er að fjölga á netinu og má nefna Betri Reykjavík sem dæmi um það en það er vefur sem borgarbúar geta nýtt til að koma hugmyndum um betri borg á framfæri. Það er hins vegar áhyggjuefni ef þeir sem eru í aldurshópnum 55 ára og eldri eru ekki með þekkingu til að nýta sér þessar leiðir og hafa þannig áhrif á sitt samfélag og á þetta sérstaklega við um konur í þessum aldurshópi. Það má einnig álykta sem svo að konur í þessum aldurshópi séu að greiða hærra verð fyrir vöru og þjónustu þar sem þær eru ekki að nýta ódýrari leiðir sem bjóðast á netinu.

**Námskeið í tölvu- og netnotkun**

Reykjavíkurborg er með tölvunámskeið í félagsmiðstöðvum fyrir eldri borgara á öllum aldri. Námskeiðin eru sniðin að þörfum hvers og eins. Vilja sumir læra að nota samskiptasíður en aðrir leitarvélar eða versla svo eitthvað sé nefnt. Á námskeiðunum kenna ungir „tölvusérfræðingar“ úr grunnskólum borgarinnar en þeim til halds og trausts eru sjálfboðaliðar sem sjá til þess að allt gangi smurt fyrir sig.

Þessi námskeið eru haldin í félagsmiðstöðvum um alla borg með stuðningi Evrópusambandsins í gegnum verkefnið Electronic government for you eða Rafrænar lausnir fyrir alla. Við viljum hvetja eldri borgara til að nýta sér þessi námskeið og koma með fartölvurnar sínar eða nota þær tölvur sem eru á staðnum og fá kennslu sem er algjörlega sniðin að þeirra þörfum. Rétt er að geta þess að þeir sem hafa mætt eru mjög ánægðir og „kennararnir“ stoltir af sínum nemendum.

Konur eru sérstaklega hvattar til að mæta því það er ljóst af athugunum Hagstofunnar að þær eru ekki að nýta sér betri kjör sem bjóðast á netinu til jafns á við karla og eru ekki að hafa áhrif á samfélagið í gegnum netið í jafn miklum mæli og þeir. Námskeiðin eru ókeypis og haldin á eftirtöldum stöðum: Hæðargarði, Vesturgötu, Hvassaleiti, Bólstaðarhlíð, Aflagranda, Vesturgötu og Árskógum. Námskeið í Gerðubergi og hjá Korpúlfunum í Grafarvogi verða auglýst síðar. Allar nánari upplýsingar um námskeiðin veitir Björn Guðmundsson í síma 411 4159, netfang: bjorn.gudmundsson@reykjavik.is og þjónustuver Reykjavíkurborgar í síma 411 1111.

Við viljum hvetja eldri borgara til að nýta sér þessi námskeið og koma með fartölvurnar sínar eða nota þær tölvur sem eru á staðnum og fá kennslu sem er algjörlega sniðin að þeirra þörfum.



## ALDREI FÓR ÉG SUÐUR

**Rokkhátíðin Aldrei fór ég suður hefst á Ísafirði á morgun. Þrjátíu hljómsveitir koma fram á hátíðinni sem nú er haldin í níunda sinn. Hátíðin hefur vakið verðskuldaða athygli og verið lyftistöng fyrir menningarlífið á Ísafirði. Það er tónlistarmaðurinn Mugison sem hefur haft veg og vanda af hátíðinni.**




Hugsaðu vel um fæturna

Í hálfa öld hafa miljónir manna um allan heim notað BIRKENSTOCK sér til heilsubótar. Hvað um þig?

Teg: „Annapolis" Fótlaga skór úr leðri með vönduðu innleggi.
Stærðir: 36 - 42 Verð: 28.900.-

Misty skór Laugavegi 178

Sími 551 2070
Opið mán.-fös. 10-18.
Lokað á laugard. 7. apríl

BIRKENSTOCK

Vertu vinur
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf.
www.mistyskor.is

White-Westinghouse - amerísk gæða heimilistæki

Þvottavél 12 kg Þurrkari



Taka 12 Kg · Hljóðlát
Stórt op > auðvelt að hlaða
Sparneytin amerísk tæki.

<Þvottvélin tekur heitt og kalt vatn

Afkastamikill þurrkari >

Amerísk gæðavara

RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS

Amerísk gæðavara

JEPPARAFGEYMAR

Er bíllinn tilbúinn fyrir ferðalagið?



Öflugir TUDOR High Tech rafgeymar fyrir jeppa.

- 100 Ah, 850 Amper
- 30% meiri ræsikrafttur
- Alveg lokaðir og viðhaldsfríir
- Örugg ræsing í miklum kulda
- Sýna hleðslu: Fullhlaðinn, hálfur eða tómur
- Góðir fyrir jeppa með miklum auka rafbúnaði

Mikið úrval • Taust og fagleg þjónusta • 30 ára reynsla

SKORRI
SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

Bíldshöfða 12 • 110 RVK • 577 1515 • www.skorri.is



FJÖLVARP

KEEPING UP WITH THE KARDASHIANS

E! ENTERTAINMENT ER Á STÖÐ 2 FJÖLVARP | FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT Á STOD2.IS




# OFURHLAUP Á ÍSLANDI

**NÝTT OFURHLAUP HÉRLENDIS** *Búist er við að fjöldi erlendra ferðamanna leggi leið sína til landsins í ár til að taka þátt í 250 kílómetra ultra maraþoni í Þjóðgarði Vatnajökuls.*

Ferðaskrifstofan All Iceland Ltd. í London stendur ásamt fleirum fyrir vikulöngu 250 kílómetra ofurhlaupi í Þjóðgarði Vatnajökuls í ágúst. Hlaupið verður það lengsta sinnar tegundar sem hefur verið farið í skipulagðri keppni á Íslandi að sögn eigenda fyrirtækisins.

„Að hlaupa 250 kílómetra á vikutíma yfir hrjóstrugt og ákaflega fjölbreytt og fallegt landsvæði er nýjung hér. Keppendur hlaupa frá rótum Vatnajökuls, meðfram Jökulsá á Fjöllum og enda í Ásbyrgi, í nokkrum lotum. Þeir þurfa að bera allan sinn farangur og mat vegna hlaupsins þessa daga en það eru ekki endilega þeir sem hlaupa hraðast sem vinna heldur getur góður undirbúningur, hlaupahraði í byrjun og hugarfar ráðið úrslitum."

Þannig lýsir Jórunn Jónsdóttir, sem á og rekur All Iceland Ltd. ásamt Brynhildi Sverrisdóttur, hlaupinu sem fer fram undir yfirskriftinni Fire and Ice Ultra Ísland.

Ferðaskrifstofan er sú eina á Englandi sem skipuleggur ferðir til Íslands eingöngu og er Fire and Ice Ultra ein

**EINSTAKT**
Fire and Ice Ultra Ísland-hlaupið verður það lengsta sinnar tegundar sem hefur farið fram hérlendis.
NORDICPHOTOS/GETTY

■ FRAMHALD Á SÍÐU 2


Gólfhitakerfi

Ekkert brot ekkert flot



- Þægilegur hiti góð hitadreifing
- Hitasveiflur / Stuttur svörunartími
- Aðeins 12mm þykkar hitadreifiplötur
- Fljótlegt að leggja
- Ekkert brot ekkert flot
- Dreifiplötur límdar beint á gólfið
- Gólfefni lagt beint á dreifiplötur (flísar, parket)
- Hentar vel í eldra húsnæði jafnt sem ný hús og sumarhús
- Flooré gólfhitakerfi er einfalt, fljótlegt og þægilegt

Skemmuvegur 10 (blá gata) 200 Kópavogur
Sími 567 1330 Fax 567 1345 www.hringas.is

Hringás ehf.

BYLGJAN 25 ÁRA 989

Heimir & Kolla
vakna með þér í bítið

Fréttir, fróðleikur og frábær tónlist alla virka morgna kl. 6.50 – 9.00




NÝ SENDING AF VORVÖRUM
Allt fyrir fermingarnar og sumarfríið.
BASLER
Skipholti 29b • S. 551 0770





FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT | 512 5100 | STOD2.IS




**SVIPAÐ SAHARA-HLAUPI** Jórunn líkir Fire and Ice Ultra Ísland við Saharaeyðimerkurhlaupið sem er 112 kílómetrar og tekur „aðeins“ fjóra daga að ljúka. NORDICPHOTOS/AFP

FRAMHALD AF FORSÍÐU

þriggja hlaupaferða á döfinni hjá fyrirtækinu í sumar. Hinar eru Original Mountain Marathon á Reykjanesi um miðjan maí og Parkrun undir maílok. „Í því fyrra sem er nýjung hérlendis fara tveggja manna lið 80 kílómetra á tveimur dögum og þurfa þátttakendur sjálfir að finna leiðina með áttavita. Parkrun er fimm kílómetra tímamælt hlaup sem fer hér fram í annað sinn, í Árbænum og er haldið víða um heim sama dag.“

Spurð hvort mikill áhugi sé á hlaupaferðum til Íslands, segir Jórunn að gosið í Eyjafjallajökli hafi orðið til þess að vekja meiri athygli á Íslandi meðal Breta. Þær Brynhildur hafi stofnað All Iceland Ltd. um svipað leyti og því nýtt tækifærið til kynna landið á þennan nýja hátt og um leið skapa fyrirtækinu sérstöðu á markaði. „Þeir urðu strax mjög spenntir fyrir því að hlaupa úti í hreinu lofti og fallegri náttúru. Svo er gengið líka hagstætt fyrir þá.“

All Iceland Ltd. hefur frá stofnun 2010 staðið fyrir alls kyns sérferðum til landsins, svo sem Norðurljósaferðum og ferðum fyrir vinnustaða-, vina- og gæsahópa sem Jórunn segir hafa gefist vel. „Ljóst er að mörg sóknarfæri leynast í þessari tegund af ferðamennsku. Nú er á döfinni hjá okkur að opna systurfyrirtæki í Bandaríkjunum og hver veit nema fleiri lönd fylgi.“ ■ rve



**ATHAFNAKONUR** Brynhildur Sverrisdóttir og Jórunn Jónsdóttir reka ferðaskrifstofuna All Iceland Ltd. í London. Fyrirtækið er það eina á Englandi sem skipuleggur ferðir til Íslands eingöngu.




Lín Design Laugavegi 176 Sími 5332220 www.lindesign.is



FRÉTTIR VIÐSKIPTI SPORT UMRÆÐAN ÚTVARP LÍFIÐ SJÓNVARP
ÞÚSUNDIR MYNDBANDA
vísir
- oft á dag




**KRÆKLINGUR** Í ferðinni verður fræðst um kræklinginn og hann smakkaður.

# KRÆKLINGAFERÐ Í HVALFJÖRÐINN

Gísli Már Gíslason, prófessor við Líf- og umhverfisvísindadeild, og Halldór Pálmar Halldórsson, forstöðumaður Rannsóknaseturs Háskóla Íslands á Suðurnesjum, munu leiða ferð á slóðir kræklingsins í Hvalfirði 21. apríl. Í ferðinni verður bæði fræðst um kræklinginn og smakkað.

„Við förum í fjörurnar við Fossá og Brynjudal og segjum frá lífríkinu á leirunum en þarna er meiri kræklingur en víðast hvar á landinu,“ segir Gísli. „Við sýnum hvernig tína á krækling og hreinsa hann og munum matreiða hann í lok ferðar svo fólk geti smakkað. Það þarf ekkert tilstand, ekki einu sinni hnífapör. Kræklingur er bestur soðinn í eigin vatni og svo notar maður skelina til að borða innihaldið.“

Lagt verður af stað frá Öskju, náttúrufræðahúsi Háskóla Íslands, klukkan 10.30. Þar sem sameinast verður í bíla. Gert er ráð fyrir að ferðin taki um það bil þrjár klukkustundir að akstrinum í Hvalfjörð meðtöldum. Þátttaka er ókeypis. Nánar á www.fi.is

# HÓTEL FYRIR KISUR

**Margir leggja land undir fót þessa miklu ferðahelgi sem fram undan er. Hugsanlega eru einhverjir kattaeigendur í vandræðum með pössun. Í Kattholti er rekið hótel fyrir ketti þar sem hugsað er um þá meðan eigendur bregða sér af bæ. Á hótelinu fá kisurnar mat og góða umönnun, eftir því sem segir á vef Kattholts. Algengt er að kisur týnist fari þær með eigendum sínum í sveitaferð, til dæmis sumarbústað. Betra er að hafa þær á öruggum stað ef enginn er heima til að annast þær.**

**Fyrir þá sem langar að eignast kisu er hægt að heimsækja Kattholt. Þar eru alltaf nokkrar kisur sem bíða eftir góðu heimili. Á heimasíðu Kattholts birtast einnig myndir af kisum sem hafa fundist og bíða eigenda sinna.**




Loksins, loksins!
Vinsælu buxurnar frá ANCORA komnar í hús.
Frábærar buxur í mismunandi sniðum og litum.
Stærðir 34-46.

Vertu vinur okkar á Facebook
TUZZI
KRINGLUNNI
SÍMI 5688777


**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Jónína María Hafsteinsdóttir, jmh@365.is** s 512 5473
**Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is** s 512 5432
Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**

# mastersmótið 2012

MIÐVIKUDAGUR 4. APRÍL 2012




NORDICPHOTOS/GETTY

## Bein útsending á Stöð 2 sport frá Mastersmótinu 2012

Bein útsending verður alla keppnisdagana frá Mastersmótinu á Stöð 2 sport. Dagskráin hefst á miðvikudagskvöld þar sem sýnt verður beint frá upphitunarmóti sem fram fer á par 3 holu velli á Augusta. Árni Páll Hansson og Þorsteinn Hallgrímsson, golfsérfræðingar Stöðvar 2, sjá um að lýsa mótinu alla fjóra keppnisdagana.

**MIÐVIKUDAGUR 4. APRÍL**
**19:00-21.00** [Stöð 2 Sport 4]
Sýnt frá par 3 holu upphitunarmótinu.

**FIMMTUDAGUR 5. APRÍL**
**19:00** [Stöð 2 Sport 3]

**FIMMTUDAGUR 5. APRÍL**
**21:00** [Stöð 2 Sport]

**FÖSTUDAGUR 6. APRÍL**
**19:00** [Stöð 2 Sport 3]

**FÖSTUDAGUR 6. APRÍL**
**20:00** [Stöð 2 Sport]

**LAUGARDAGUR 7. APRÍL**
**19:30** [Stöð 2 Sport]

**SUNNUDAGUR 8. APRÍL**
**18:00** [Stöð 2 Sport]

2 SPORT



### Beint frá vellinum

Það kemur á óvart hve völlurinn er hæðóttur, segir Þosteinn Hallgrímsson, sem skrifar beint frá Augusta National-vellinum. **Síða 2**



### Lokar sig af fyrir mótið

Rory McIlroy freistar þess að bæta um betur eftir eftirminnilega slakt gengi í lokahringnum á Meistaramótinu í fyrra. **Síða 4**

### Grænir jakkar og hvítir samfestingar

Hefðirnar spila stóra rullu í framvindu Meistaramótsins, enda spannar saga mótsins hartnær áttatíu ár. **Síða 8**



Ungu kylfingarnir söfnuðu eiginhandaráritunum við æfingasvæðið á Augusta og voru þeir ánægðir. MYND/FRIÐRIK ÞÓR



Friðrik Þór Halldórsson, myndatökumaður Stöðvar 2 sport, og Þorsteinn Hallgrímsson golfsérfræðingur eru á Augusta-vellinum í Georgíu. Afrakstur ferðarinnar verður sýndur á Stöð 2 sport.

# Eftirvænting – og spenna ríkir fyrir Mastersmótið

● Þorsteinn Hallgrímsson skrifar frá Augusta-vellinum í Georgíu.

Mastersmótið er fyrsta risamót ársins og því ríkir mikil eftirvænting bæði hjá leikmönnum sem og áhorfendum um hvernig kylfingar koma inn í nýtt tímabil. Umgjörðin hér í Augusta er þannig að allt snýst um mótið þessa viku og það er nánast hægt að skera andrúmsloftið því spennan er svo mikil hér í bænum. Hér tala margir um einvígi á milli Tigers Woods og Rory McIlroy þar sem þeir eru taldir heitustu kylfingarnir í dag. Ég persónulega tel að þeir sem eru á innan við 6 höggum frá efsta manni fyrir lokadag eigi góðan möguleika á sigri með flottum hring á lokadegi.

Við megum ekki gleyma frábærum lokaholum hjá meistara síðasta árs, Charl Schwartzel, frá Suður-Afríku sem fékk fjóra fugla á fjórum síðustu brautum vallarins eftir að hafa verið höggi á eftir Jason Day og Adam Scott þegar hann stóð á 15. teig. Það er allavega alveg á hreinu að það eru mörg ár síðan það hefur verið svona mikil spenna fyrir þetta sögufræga mót sem fyrst var haldið árið 1934. Ég get fullyrt eftir að hafa gengið völlinn hér á æfingadögunum þá eru allar aðstæður frábærar fyrir leikmenn til þess að leika gott golf en ég segi ekki að þær séu auðveldar.

Mesti munurinn við völlinn frá því að vera á staðnum eða horfa á í sjónvarpi er hve völlurinn er hæðóttur. Á mörgum brautum er hæðarmismunur frá teig að flöt 10-30 metrar. Einnig er gaman að sjá hvað flatirnar eru litlar og hve mikið landslag er í þeim. Nú skilur maður mun betur þegar þessir frábæru kylfingar eru að þrípútta kannski 3 metra pútt. Það er engin kargi á vellinum og utan brautar er grasið slegið í um 15 mm.

Umhirða og snyrtimennska á vellinum og öllu svæðinu er langt fram úr öllu sem ég hef séð. Það er alveg á hreinu að völlurinn skartar sínu fegursta þessa vikuna og hér talar fólk um að mest spennandi Mastersmótið í tugi ára hefjist á fimmtudag þar sem Tiger Woods, Phil Mickelson, Luke Donald og Rory McIlroy hafi allir unnið mót á síðustu vikum og eru í fantaformi.

Eitt er víst að Mastersmótið árið 2012 hefur sjaldan boðið upp á meiri spennu. Tilhlökkunin er því mikil hjá golfunnendum og er ég á meðal þeirra. Góða skemmtun.




| Hola | 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | 6 | 7 | 8 | 9 | Út | 10 | 11 | 12 | 13 | 14 | 15 | 16 | 17 | 18 | Inn | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Par | 4 | 5 | 4 | 3 | 4 | 3 | 4 | 5 | 4 | 36 | 4 | 4 | 3 | 5 | 4 | 5 | 3 | 4 | 4 | 36 | 72 |
| Metrar | 407 | 525 | 320 | 220 | 416 | 164 | 412 | 521 | 420 | 3.400 | 453 | 462 | 142 | 466 | 402 | 485 | 155 | 402 | 425 | 3.392 | 6.792 |
| Yardar | 445 | 575 | 350 | 240 | 455 | 180 | 450 | 570 | 460 | 3.725 | 495 | 505 | 155 | 510 | 440 | 530 | 170 | 440 | 465 | 3.710 | 7.435 |

**Útgefandi:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000 | **Umsjónarmaður auglýsinga:** Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is |
**Textagerð:** Birta Björnsdóttir birta@365.is, Sigurður Elvar Þórólfsson seth@365.is

# Fær kona loksins inngöngu í klúbbinn?

Öðru hverju hefur umræðan um skort á kvenfólki í Augusta National-klúbbnum skotið upp kollinum. Fyrir níu árum gerði Martha Burke, formaður Alþjóðasamtaka kvenna (NOW), alvarlegar athugasemdir við þá staðreynd að kona hefði aldrei verið tekin inn í klúbbinn. Hún boðaði til mótmæla og náði að vekja máls á umræðunni, án teljanlegs árangurs þó.


Virginia „Ginni" Rometty

Í ár gæti þó farið að hitna undir kolunum í þessum efnum fyrir alvöru. Ástæðan er að nýr forstjóri hjá IBM, Virginia M. Rometty, er kona. Í áranna rás hefur forstjóra IBM-fyrirtækisins sjálfkrafa verið boðin aðild að Augusta-klúbbnum, en þeir hafa til þessa allir verið karlkyns. Það er líka ólíklegt að þessi regla verði felld niður, þar sem IBM er einn af þremur stærstu styrktaraðilum Meistaramótsins.

Sitjandi stjórnarformaður klúbbsins, Billy Payne, hefur enn ekki gefið frá sér yfirlýsingu um hver ákvörðun stjórnarinnar verður í þessu máli, en hefur lofað niðurstöðu að Meistaramótinu loknu. Payne sagðist ekki vilja skyggja á mótið sjálft með umræðunni.


Tiger Woods er sá yngsti sem hefur sigrað á Mastersmótinu og Jack Nicklaus er sá elsti. Nicklaus var 46 ára þegar hann sigraði árið 1986. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

● **SÁ ELSTI OG SÁ YNGSTI** Elsti maðurinn sem farið hefur með sigur á mótinu var Jack Nicklaus, en hann var 46 ára og 82 daga gamall þegar hann fór með sigur af hólmi árið 1986. Yngsti sigurvegarinn frá upphafi er Tiger Woods, sem var 21 árs og 104 daga gamall þegar hann vann mótið í fyrsta sinn árið 1997.

Yngsti þátttakandinn í Meistaramótinu frá upphafi er Matteo Manassero, sem var 16 ára og 356 daga gamall á mótinu árið 2010.

Þá hefur Gary Player tekið oftast þátt í mótinu, eða alls 52 sinnum.

Þá varð Kanadamaðurinn Mike Weir fyrsti örvhenti maðurinn til að bera sigur úr býtum á Meistaramótinu, árið 2003. Phil Mickelson er einnig örvhentur, en hann hefur þrívegis unnið keppnina, árin 2004, 2006 og 2010.

# Kaymer í erfiðleikum með Augusta-völlinn

Martin Kaymer vonast til þess að ná loksins tökum á Augusta-vellinum en Þjóðverjinn hefur enn ekki náð að komast í gegnum niðurskurðinn á þessu móti. Kaymer er í sjötta sæti heimslistans og hefur sigrað á einu risamóti á ferlinum, PGA-meistaramótinu. Á æfingahring fyrir mótið í ár sló Kaymer „sýningarhögg" á 16. braut þar sem hann lét boltann fleyta kellingar á leið sinni að flötinni. Höggið reyndist fullkomið og fór boltinn ofan í holuna – golf er jú einföld íþrótt. Það varð allt vitlaust á meðal áhorfenda við 16. flötina sem eru ávallt fjölmargir á æfingadögunum.

Þetta högg skiptir hins vegar engu máli fyrir Kaymer sem var um tíma í efsta sæti heimslistans. Kaymer á ekki góðar minningar frá Augusta-vellinum enda aldrei komist í gegnum niðurskurðinn í þau fjögur skipti sem hann hefur


Martin Kaymer hefur enn ekki komist í gegnum niðurskurðinn á Masters.

tekið þátt. Hinn 27 ára gamli Kaymer segir að hann sé bjartsýnn fyrir mótið í ár. „Mér líður betur og það er meira sjálfstraust til staðar. Ég þarf að finna leiðir til þess að koma boltanum í leik," sagði Kaymer í gær en boltaflug hans í teighöggunum hefur ekki átt vel við Augusta-völlinn. Hann lék tvo æfingahringi með landa sínum Bernhard Langer sem tvívegis hefur sigrað á Mastersmótinu.





## Afgreiðslutími um páska

| | Skírdagur 5. apríl | Föstud. langi 6. apríl | Laugardagur 7. apríl | Páskadagur 8. apríl | Annar í Páskum 9. apríl |
|---|---|---|---|---|---|
| ÁRBÆJARLAUG | kl. 11-19 | kl. 10-18 | kl. 9-17 | kl. 10-18 | kl. 11-19 |
| BREIÐHOLTSLAUG | kl. 10-18 | Lokað | kl. 9-17 | Lokað | kl. 10-18 |
| GRAFARVOGSLAUG | kl. 10-18 | Lokað | kl. 10-18 | Lokað | kl. 10-18 |
| KLÉBERGSLAUG | kl. 11-15 | Lokað | kl. 11-15 | Lokað | kl. 11-15 |
| LAUGARDALSLAUG | kl. 8-22 | kl. 10-18 | kl. 8-22 | kl. 10-18 | kl. 8-22 |
| SUNDHÖLLIN | kl. 10-18 | Lokað | kl. 8-16 | Lokað | kl. 10-18 |
| VESTURBÆJARLAUG | kl. 11-19 | Lokað | kl. 9-17 | Lokað | kl. 11-19 |

ÍTR Laugarnar í Reykjavík www.itr.is | sími 411 5000

# Norður-Írinn lifir í „andlegri-Greg Norman“ blöðru

**Rory McIlroy er á góðri leið með að verða einn þekktasti kylfingur heims en hann á enn töluvert í land að ná Tiger Woods í vinsældum. Hinn 22 ára Norður-Íri var í dauðafæri fyrir ári á lokadegi Mastersmótsins þar sem hann mætti til leiks í síðasta ráshóp með fjögurra högga forskot á keppinauta sína. McIlroy klúðraði lokahringnum með eftirminnilegum hætti og lék eins og meðalskussi í íþróttinni, á 80 höggum. Charl Schwartzel frá Suður-Afríku sigraði á mótinu en fæstir muna eftir því. Klúðrið hjá McIlroy stóð upp úr þegar mótið var gert upp í fjölmiðlum.**

McIlroy lærði af reynslunni og hann reis upp úr öskunni átta vikum síðar þegar hann sigraði með glæsibrag á Opna bandaríska meistaramótinu – og landaði þar með sínum fyrsta sigri á einu af risamótunum fjórum sem fram fara á hverju ári. McIlroy ætlar að læra af reynslunni og mun hann loka sig algjörlega frá því sem er að gerast í hinu daglega lífi á meðan Mastersmótið fer fram. Hann ætlar að búa til „andlega blöðru“ sem hann mun dvelja í á meðan keppnin fer fram.

McIlroy fékk góð ráð frá reyndum köppum eftir lokadaginn á Mastersmótinu fyrir ári. Þar fór fremstur í flokki „Hvíti hákarlinn“ Greg Norman frá Ástralíu. Ef einhver þekkir þá tilfinningu að standa uppi með ekki neitt í höndunum eftir lokadag á risamóti þá er það Norman. Hann hefur átta sinnum á ferlinum endað í öðru sæti á stórmóti – sem er reyndar ekki met. Jack Nicklaus endaði 19 sinnum í öðru sæti og Bandaríkjamaðurinn Tom Watson deilir öðru sætinu með Norman á þessum lista.

**Ég þarf að loka mig algjörlega af og einbeita mér að golfinu og mótinu sjálfu. Ég hef verið að æfa mig í þessu og það hefur gengið vel.**

„Greg Norman hefur ávallt gefið sér tíma til þess að ráðleggja mér og hann er frábær manneskja sem vill öllum vel. Hann hafði samband við mig eftir mótið á Augusta í fyrra og gaf mér góð ráð. Eitt af þeim var að ég ætti ekki að fylgjast með því sem er að gerast fyrir utan golfvöllinn á meðan mótið fer fram. Ekki lesa blöð, horfa á sjónvarpsfréttir eða nota samskiptavefi. Ég þarf að loka mig algjörlega af og einbeita mér að golfinu og mótinu sjálfu. Ég hef verið að æfa mig í þessu og það hefur gengið vel. Norman náði góðum tökum á þessu þegar hann var á hátindi ferilsins og ég hlusta þegar hann gefur mér ráð,“ sagði McIlroy.

**BROCCOLI OG KJÚKLINGUR Í ÖLL MÁL**

Hinn 22 ára gamli Norður-Íri hefur komið með ferska vinda inn í atvinnugolfið og áhugi fjölmiðla á kylfingnum hefur stóraukist eftir að hann opinberaði samband sitt við eina bestu tenniskonu heims, Caroline Wozniacki frá Danmörku. Á undanförnum 16 mánuðum hefur McIlroy verið í samstarfi við Steve McGregor sem er einn þekktasti styrktarþjálfari Bretlands. McGregor hafði áður gjörbreytt líkamsástandi enska kylfingsins Lee Westwood sem er í þriðja sæti heimslistans.

Í viðtali við bandaríska tímaritið Men's Health segir McIlroy að hann hafi öðlast meiri stöðugleika í golfsveiflunni eftir að hann hóf að taka á lóðunum af enn meiri krafti en áður.

McIlroy verður seint sagður „tröll að vexti“ en hann er rétt um 72 kg að þyngd og 1,80 m á hæð. Hann leikur sér að því að slá 270 metra upphafshögg en aukin högglengd var ekki það sem McIlroy vildi fá út úr styrktaræfingunum. Högglengd Norður-Írans ætti að nýtast vel á Augusta en högglangir kylfingar hafa oft haft betur en þeir sem slá styttra á þessu stórmóti.

Styrktarþjálfun McIlroy hefur m.a. snúist um að fá betra jafnvægi í vöðvastyrkinn í efri hlutann en aðaláherslan var lögð á að styrkja neðri líkamshluta á borð við mjaðmir, kálfa og lærvöðva þar sem krafturinn í golfsveiflunni verður til.

Líkamsfituhlutfallið hjá McIlroy hefur lækkað mikið á síðustu mánuðum og hann hefur einnig gjörbreytt matarvenjum sínum. Kjúklingur og brokkólí er aðalrétturinn hjá einum besta kylfingi heims.

**EINSTAKUR KYLFINGUR**

Hinn reyndi kylfingur Gary Player frá Suður-Afríku spáir því að Rory McIlroy eigi eftir að vinna fleiri stórmót en Player gerði sjálfur á löngum ferli sínum. Player sigraði alls á 9 stórmótum og þar af tvívegis á Mastersmótinu. Hinn 76 ára gamli Player hefur mikla trú á Norður-Íranum. „Þessi ungi maður hefur hæfileika. Þegar hann fer að sýna meiri stöðugleika í púttunum þá á hann eftir að vinna fleiri risamót. Það eru margir með hæfileika þarna úti, þar má nefna Charl Schwartzel og Jason Day – en Rory er einstakur,“ sagði Player í viðtali við breska dagblaðið Daily Mail á dögunum.




# Rory McIlroy óttast ekki Tiger Woods

Endurkoma Tigers Woods inn á golfsviðið hefur án efa vakið athygli hjá keppinautum hans. Woods sigraði á Arnold Palmer-meistaramótinu fyrir rúmri viku. Það var fyrsti sigur hans á atvinnumóti frá árinu 2009 og Woods virðist vera á réttri leið eftir ömurlegt gengi. Rory McIlroy fagnar því að Tiger Woods sé að ná sér á strik – og segir að það sé frábært fyrir golfíþróttina sem slíka. En hinn 22 ára gamli Norður-Íri er ekkert smeykur við þá samkeppni sem fylgir því að Tiger Woods sé jafnvel að nálgast sitt besta form. „Að mínu mati er það gott fyrir golfíþróttina að Tiger Woods sé að leika vel að nýju. Hann skapar stemningu og eftirvæntingu sem enginn annar getur gert. Fyrir mig persónulega skiptir þetta engu máli. Ég þarf bara að einbeita mér að því sem ég geri,“ sagði McIlroy.

# Ofurparið Wozniacki og McIlroy

**Það eru ekki bara kylfingarnir sjálfir sem vekja eftirtekt heimspressunnar. Talsvert er skrifað og skrafað um eiginkonur kylfinganna. Skemmst er að minnast þess áhuga sem Elin Nordegren, fyrrverandi eiginkona Tigers Woods, vakti á hliðarlínunni þegar Woods var að keppa. Woods ku hafa verið lítið hrifinn af athyglinni sem eiginkonan fékk.**

**Caroline Wozniacki er trúlega þekktust þeirra eiginkvenna sem mæta til leiks nú um helgina, en hún er einn fremsti tennisleikari heims um þessar mundir. Hún er kærasta kylfingsins knáa, Rory McIlroy, og verður því eflaust á hliðarlínunni þegar hann freistar þess að næla sér í græna jakkann nú um helgina. Wozniacki er af pólsku bergi brotin en er fædd og uppalin í Danmörku. Hún sat í efsta sæti heimslistans í tennis í alls 67 vikur samfleytt, allt fram til janúar síðastliðins. Þau Wozniacki og McIlroy eru því sannkallað ofurpar.**




Caroline Wozniacki frá Danmörku og Rory McIlroy vekja ávallt mikla athygli hvar sem þau koma.


# Taktu þátt í Getraun á Golfspjall.is

og þú getur unnið Pure Grips
í lit að eigin vali

PURE grips

Besta ákvörðun sem þú getur tekið
er að skipta um grip á kylfunum.

Pure Grips hafa fengið frábæra dóma fyrir gæði,
eiginleika og endingu.
Veldu réttu gripin, veldu Pure Grips.



Ásetning & pantanir á golfgrip@golfspjall.is
Sími 821 0152
www.puregrips.com
www.golfgrip.is




Luke Donald er efstur á heimslistanum en fáir hafa trú á því að hann sigri á Mastersmótinu.

# Efsti kylfingur heimslistans er í skugganum

Það virðast afar fáir hafa trú á því að Luke Donald frá Englandi nái að landa sigri á Mastersmótinu – þrátt fyrir þá staðreynd að hann er í efsta sæti heimslistans. Donald hefur lítið verið í umræðunni og Tottenham-aðdáandinn er örugglega hæstánægður með þá pressu sem sett er á Tiger Woods og Rory McIlroy fyrir þetta mót.

Síðasta keppnistímabil var stórkostlegt hjá Donald en hann sigraði á einu móti í PGA-mótaröðinni og einu í Evrópumótaröðinni. Hann var efstur á peningalistanum í PGA-mótaröðinni í Bandaríkjunum og einnig í Evrópumótaröðinni. Hann tryggði sér efsta sætið á peningalistanum í Bandaríkjunum með sigri á síðasta móti ársins eftir harða baráttu við Webb Simpson.

Donald hefur farið frekar rólega af stað á þessu tímabili. „Ég er ekkert að velta þessu fyrir mér en fjölmiðlar virðast ekki hafa mikla trú á mér. Golfíþróttin er á góðum stað. Það er mikil spenna í loftinu, bestu kylfingarnir eru að leika vel. Þetta lítur vel út,“ sagði Donald á Augusta í gær. Hann hefur enn ekki náð að sigra á stórmóti en hann hefur tvívegis verið á meðal 5 efstu á Augusta. Hann varð þriðji árið 2005 og í fjórða sæti í fyrra.




## 20 EFSTU Á HEIMSLISTANUM

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Luke Donald, England | 9.70 stig |
| 2. | Rory McIlroy, Norður-Írland | 9.59 stig |
| 3. | Lee Westwood,England | 7.76 stig |
| 4. | Hunter Mahan, Bandaríkin | 5.75 stig |
| 5. | Steve Stricker, Bandaríkin | 5.67 stig |
| 6. | Martin Kaymer, Þýskaland | 5.64 stig |
| 7. | Tiger Woods, Bandaríkin | 5.53 stig |
| 8. | Charl Schwartzel, Suður-Afríka | 5.09 stig |
| 9. | Justin Rose, England | 5.06 stig |
| 10. | Webb Simpson, Bandaríkin | 5.03 stig |
| 11. | Jason Day, Ástralía | 4.97 stig |
| 12. | Dustin Johnson, Bandaríkin | 4.92 stig |
| 13. | Adam Scott, Ástralía | 4.87 stig |
| 14. | Phil Mickelson, Bandaríkin | 4.82 stig |
| 15. | Graeme McDowell, Norður-Írland | 4.80 stig |
| 16. | Bubba Watson, Bandaríkin | 4.56 stig |
| 17. | Bill Haas, Bandaríkin | 4.51 stig |
| 18. | Matt Kuchar, Bandaríkin | 4.46 stig |
| 19. | Keegan Bradley, Bandaríkin | 4.29 stig |
| 20. | Nick Watney, Bandaríkin | 4.18 stig |

## Par 3 holu mótið – létt upphitun

Í kvöld hefst Mastersmótið með óformlegum hætti þegar keppt verður á par 3 holu velli sem staðsettur er á Augusta-vellinum. Keppnin fór fyrst fram árið 1960 á velli sem tekinn var í notkun árið 1958. Keppendur eru frekar afslappaðir yfir þessu móti og leyfa jafnvel börnum sínum að taka þátt með ýmsum hætti. George Cobb golfvallaarkitekt og Clifford Roberts, fyrrum formaður Augusta, sáu um að hanna völlinn. Þeir sem keppa á þessu móti eru keppendur Mastersmótsins í ár, fyrrum sigurvegarar Mastersmótsins sem eru ekki keppendur í ár, auk heiðursgesta. Völlurinn er par 27 og er rétt um 1.000 metrar að lengd. Tvær tjarnir eru áberandi á þessum velli. Luke Donald frá Englandi sigraði á par 3 holu mótinu í fyrra – en það hefur aldrei gerst að sigurvegari á par 3 holu mótinu hafi fengið græna jakkann í kjölfarið. Það bíða flestir eftir því að þessari „bölvun“ verði létt af par 3 holu mótinu.


Luke Donald

Keppendur hafa farið holu í höggi 73 sinnum á mótinu og met var sett árið 2002 þegar fimm kylfingar fóru holu í höggi. Vallarmetið er 20 högg eða -7, og því meti deila þeir Art Wall (1965) and Gay Brewer (1973). Sýnt verður frá par 3 holu mótinu í fyrsta sinn á Íslandi í ár og hefst útsendingin kl. 19 á Stöð 2 sport í kvöld.


Hank Haney og Tiger Woods náðu góðum árangri á meðan þeir unnu saman. Woods sigraði á sex risamótum og yfir 30 PGA-mótum á árunum 2004-2010.

# Kveikir umdeild bók neistann hjá Tiger Woods?

**Hank Haney, fyrrum þjálfari Tigers Woods, gaf út bók á dögunum þar sem hann fjallar um þann tíma sem hann var aðalþjálfari besta kylfings heims. Haney og Tiger Woods voru nánir samstarfsfélagar á árunum 2004-2010 en Haney sagði upp störfum skömmu eftir að upp komst um framhjáhald Tigers Woods í lok ársins 2009. Árangur þeirra var góður því Tiger Woods sigraði á alls sex stórmótum og 30 PGA-mótum á meðan hinn 57 ára gamli Haney var aðalþjálfari hans.**

Golfkennarar og þjálfarar sem starfa með atvinnukylfingum í PGA-mótaröðinni eru margir hverjir afar óánægðir með bókina hjá Haney. Þeir telja að hann hafi rofið trúnað við „skjólstæðing“ sinn og það sé ekki í verkahring golfkennara að tjá sig eða skrifa um það sem gerist í einkalífi kylfinga.

Haney er á öðru máli og telur sig hafa rétt á því að greina frá minningum sem hann deilir með Tiger Woods. Og það þarf ekki að segja frá því að Tiger Woods er ekkert sérstaklega ánægður með útgáfu bókarinnar. Bókin kom út föstudaginn 23. mars, þegar Woods var að keppa á öðrum keppnisdegi Arnold Palmer-meistaramótsins á Bay Hill. Það er ekki loku fyrir það skotið að Woods hafi notað útgáfu bókarinnar til þess að efla sig enn frekar fyrir mótið – því hann stóð uppi sem sigurvegari og landaði sínum fyrsta alvörutitli eftir 30 mánaða bið.

Í bókinni lýsir Haney m.a. því sem gerðist hjá þeim sem voru í innsta kjarna hjá Tiger Woods. Haney segir að það hafi oft verið erfitt að fara út að borða með Tiger. „Þegar hann var búinn að borða þá var máltíðinni lokið að hans mati. Tiger var fljótur að borða, það skipti engu þótt aðrir við borðið ættu eftir að klára sitt. Í hvert sinn sem við náðum í skyndibita fyrir utan golfvöllinn þá fór ég að ná í matinn og borgaði hann líka. Tiger tók aldrei þátt í því að borga,“ skrifar Haney m.a. í bókinni.

Englendingurinn Ian Poulter er ekki á vinalista Tigers Woods ef marka má sögu sem Haney segir frá í bókinni. Woods og Poulter voru staddir á Oakmont-vellinum á æfingahring fyrir opna bandaríska meistaramótið 2007. Woods var með einkaflugvélina til reiðu sem beið eftir honum á meðan hann kláraði æfingahringinn. Poulter vissi af þessu og gekk hann til Tigers og spurði. „Hvernig komumst við heim?“ og var að óska eftir því að Tiger myndi bjóða honum far en þeir voru nágrannar í Orlando á þessum tíma. Tiger tók fálega í ósk Poulters sem gafst ekki upp og birtist á flugvellinum og beið eftir því að fá far með vélinni. Ætlunarverkið tókst og á meðan þeir voru í fluginu sendi Tiger Woods sms-skilaboð á Haney. Þar stóð: „Ég trúi því varla að þessi h...viti hafi grenjað út far.“

### SPILAR UPP Á ARMBEYGJUR Í STAÐ PENINGA

Árstekjur Tigers Woods undanfarinn áratug eða svo hafa verið um 100 milljónir dollara eða sem nemur 12-13 milljörðum kr. Það er því ekki mikil hvatning fyrir Tiger Woods að spila upp á peninga á golfvellinum og samkvæmt bók Haney þá veðjaði hann um armbeygjur í stað peninga. Það var mjög algengt að Woods veðjaði um 150 armbeygjur fyrir hvert högg sem munaði í keppninni. „Eitt sinn þurfti Woods að taka 600 armbeygjur til þess að gera upp veðmál á Isleworth-vellinum,“ segir í bók Haney.

### ENGIN FAGNAÐARLÆTI EÐA VEISLUR

Elin Nordgren, fyrrverandi eiginkona Tigers Woods, var „au pair“ hjá sænska kylfingnum Jesper Parnevik þegar þau kynntust. Elin var vön því að upplifa mikil veisluhöld á heimili Parneviks í þau skipti sem hann sigraði á PGA-golfmóti. Parnevik hefur fram til þessa sigrað á 5 PGA-mótum og er ekki líklegur til þess að bæta við fleiri slíkum titlum í safnið. Samkvæmt bók Haney vildi Elin halda upp á sigra Tigers Woods með svipuðum hætti en það kom ekki til greina. Elin mátti ekki sýna nein viðbrögð úti á golfvellinum í þau skipti sem hún var viðstödd þegar Tiger Woods fagnaði sigri. Að hans mati átti það ekki að koma henni á óvart að hann myndi sigra – slíkt væri venja frekar en undantekning.

**● AÐEINS ÞRÍR KYLFINGAR HAFA VARIÐ TITILINN** Aðeins 16 kylfingar hafa náð því að sigra oftar en einu sinni á Mastersmótinu. Jack Nicklaus á metið en hann á 6 græna jakka. Arnold Palmer og Tiger Woods koma þar næstir með alls 4. Aðeins þrír kylfingar hafa náð að verja titilinn á Masters. Bandaríkjamaðurinn Jack Nicklaus var sá fyrsti en hann sigraði árið 1965 og 1966. Englendingurinn Nick Faldo var annar í röðinni, 1989 og 1990. Og Tiger Woods er sá þriðji en hann varði titilinn 2002. Tölfræðin er því ekki með Suður-Afríkumanninum Charls Schwartzel fyrir titilvörnina. Schwartzel sýndi enga snilldartakta um sl. helgi á Shell-meistaramótinu í PGA-mótaröðinni en þar komst Suður-Afríkumaðurinn ekki í gegnum niðurskurðinn þegar keppni var hálfnuð.


Charl Schwartzel er ekki með tölfræðina með sér í titilvörninni á Augusta.

## MARGFALDIR SIGURVEGARAR Á MASTERSMÓTINU

| | | |
|---|---|---|
| Jack Nicklaus | 6 sinnum | 1963, 1965, 1966, 1972, 1975, 1986 |
| Arnold Palmer | 4 sinnum | 1958, 1960, 1962, 1964 |
| Tiger Woods | 4 sinnum | 1997, 2001, 2002, 2005 |
| Jimmy Demaret | 3 sinnum | 1940, 1947, 1950 |
| Sam Snead | 3 sinnum | 1949, 1952, 1954 |
| Gary Player | 3 sinnum | 1961, 1974, 1978 |
| Nick Faldo | 3 sinnum | 1989, 1990, 1996 |
| Phil Mickelson | 3 sinnum | 2004, 2006, 2010 |
| Horton Smith | 2 sinnum | 1934, 1936 |
| Byron Nelson | 2 sinnum | 1937, 1942 |
| Ben Hogan | 2 sinnum | 1951, 1953 |
| Tom Watson | 2 sinnum | 1977, 1981 |
| Seve Ballesteros | 2 sinnum | 1980, 1983 |
| Bernhard Langer | 2 sinnum | 1985, 1993 |
| Ben Crenshaw | 2 sinnum | 1984, 1995 |
| José María Olazábal | 2 sinnum | 1994, 1999 |


ÞÚ FÆRÐ ECCO GOLFSKÓNA Í ÖLLUM HELSTU GOLF- OG SKÓVERSLUNUM LANDSINS
STREET JUNIOR
Vörunr.: 733503 • Stærðir 33 - 40 • kr. 13.995
STREET HERRA
Vörunr.: 39184 • Stærðir 39 - 47 • kr. 19.995
BIOM HYBRID HERRA
Vörunr.:131504 • Stærðir 40 - 47 • kr. 24.995
BIOM HERRA
Vörunr.: 131004 • Stærðir 39 - 47 • kr. 34.995
Vörunr.: 131014 • Stærðir 39 - 46 • kr. 36.995
STREET DÖMU
Vörunr.:121023 • Stærðir 35 - 42 • kr. 19.995
Vörunr.:121023 • Stærðir 35 - 42 • kr. 22.995
BIOM DÖMU
Vörunr.: 100003 • Stærðir 35 - 42 • kr. 34.995
ECCO - KRINGLAN
STEINAR WAAGE - SMÁRALIND & KRINGLAN
GOLFBÚÐIN - HAFNARFIRÐI
GOLFSKÁLINN - REYKJAVÍK
SKÓBÚÐIN - KEFLAVÍK
SKÓHÚSIÐ - AKUREYRI
NÍNA - AKRANESI
SKÓBÚÐ - SELFOSS
AXEL Ó - VESTMANNEYJUM
SKÓR.IS - NETVERSLUN
ecco®

# Grænar flatir og grænstakkar

● Fjölmargir golfáhugamenn og -konur telja Meistaramótið í golfi vorboðann ljúfa, golfsumarið er á næsta leiti þegar þetta stórmót er haldið í Augusta National-golfklúbbnum í Bandaríkjunum aðra helgina í apríl ár hvert. Sögu mótsins má rekja aftur til ársins 1934 og fjölmargar hefðir hafa fest sig rækilega í sessi í tengslum við mótið í áranna rás. Þá er til mikils að vinna fyrir sigurvegarann sem auk verðlaunafjár fær að klæðast grænum jakka.

**Það var áhugamannakylfingurinn og Bandaríkjamaðurinn Bobby Jones sem stóð fyrir stofnun mótsins, í samstarfi við kollega sinn Clifford Roberts í byrjun fjórða áratugar síðustu aldar. Þeir byrjuðu á að festa kaup á landsvæði í Augusta í Georgíuríki í Bandaríkjunum. Þar langaði Bobby að einbeita sér að uppbyggingu nýs vallar eftir að hafa sjálfur lagt kylfuna á hilluna.**

Bobby, eða Robert Tyre Jones Jr., er einn þekktasti áhugamannakylfingur sögunnar. Hann var lærður lögfræðingur og starfaði sem slíkur lengst af. Hann þótti þó afburðakylfingur og vann til að mynda Opna bandaríska meistaramótið fjórum sinnum. Hann þótti með eindæmum réttsýnn og heiðarlegur og þekkt varð þegar hann lét sjálfur dómara vita af því að hann hefði rekið kylfu sína í boltann á velli. Tilkynningin kostaði hann tvö högg og þar með sigurinn á umræddu móti, en viðbrögð hans þykja einkennandi fyrir drengskap hans.

Það þykir viðeigandi í ljósi uppruna Meistaramótsins að halda tengslum við áhugamenn í golfinu og ár hvert er sigurvegurum frá móti áhugamanna boðin þátttaka. Þá leikur núverandi sigurvegari í Bandaríska áhugamannamótinu alltaf í sama hópi og sigurvegari Meistaramótsins frá síðasta ári, fyrstu tvo daga mótsins.

Auk þess fá þeir kylfingar sem manna fimmtíu efstu sæti heimslistans í golfi boð um að taka þátt í Meistaramótinu ár hvert. Þá öðlast fyrrverandi sigurvegarar á mótinu þátttökurétt til æviloka. Þau vinsamlegu tilmæli hafa þó borist frá hæstráðendum í Augusta National-klúbbnum að fyrrum sigurvegarar sem komnir eru af léttasta skeiði nýti sér ekki þennan þátttökurétt sinn.

## GRASINU SKIPT ÚT

Fyrsta mótið var svo haldið í mars árið 1934 þar sem holur 10 til 18 voru leiknar sem fyrstu 9 holurnar og holur 1 til 9 þær síðari. Því var svo víxlað árið eftir og hefur það fyrirkomulag haldist allar götur síðan. Ólíkt helstu stórmótum heims í golfi er Meistaramótið nefnilega alltaf spilað á sama vellinum, Augusta National-vellinum, sem hannaður var af Bobby Jones í samstarfi við vallarhönnuðinn Alister MacKenzie.

Völlurinn hefur þó tekið talsverðum breytingum frá því að hann var fyrst opnaður árið 1933. Fjölmargir vallarhönnuðir hafa lagt hönd á plóg í gegnum tíðina þegar flatirnar hafa verið endurbyggðar og endurhannaðar og nýir teigar teknir í notkun. Allt gert til þess að mæta nýjum viðmiðum sem afrekskylfingar síðari ára hafa sett.

Skipt hefur verið um gras á flötunum, á áttunda áratug síðustu aldar var grófu Bermúdagrasi skipt út fyrir fínlegra Bermúdagras til að jafna flötina. Í byrjun níunda áratugarins var svo língresi sáð í allan völlinn, enda þótti þá fullsannað að sú tegund puntgrasa hentaði best fyrir pútt-flatirnar.

Um miðjan áttunda áratuginn var svo skipt um sand í öllum sandgryfjum vallarins og hinn einkennandi hvíti feldspat-sandur fluttur inn frá Norður-Karólínu og látinn fylla gryfjurnar.



Phil Mickelson aðstoðar sigurvegara Meistaramótsins frá því í fyrra, Charl Schwartzel, við að klæðast jakkanum góða.

## VINNINGSHAFAR VELJA MATINN

Líkt og alsiða er í golfíþróttinni eru hefðirnar í hávegum hafðar og á því er engin undantekning á Meistaramótinu. Frá árinu 1963 hefur mótið talist formlega hafið þegar einhver goðsögn úr golfheiminum tekur fyrsta höggið á fyrstu holunni.

Þá hefur kvöldverður grænklæddra fyrrum sigurvegara og útvalinna liðsmanna Augusta National-klúbbsins öðlast sess sem órjúfanlegur hluti mótsins. Kvöldverðurinn var fyrst haldinn árið 1952 og hefur síðan þá verið blásið til hans árlega á þriðjudeginum fyrir mótið sjálft. Sigurvegari ársins áður er gestgjafi hverju sinni og fær að velja þá rétti sem bornir eru á borð. Þar reyna gestgjafar oftar en ekki að kynna fyrir viðstöddum þekkta rétti frá heimalandi sínu. Það leggst eins og gengur misvel í mannskapinn og voru víst ekki allir fyrrum meistararnir jafn ánægðir þegar skoski gestgjafinn Sandy Lyle bauð árið 1989 upp á skoskan blóðmör (e. haggis). Tiger Woods fór alveg nýjar leiðir þegar hann bauð upp á McDonalds hamborgara árið 1998, en það þótti viðeigandi fyrir „unglinginn“ sem hafði sigrað með yfirburðum árið 1997.

Árið 1960 var svo fyrst tekinn upphitunarleikur á nýjum par 3-velli, sem síðan þá hefur verið leikinn á hverjum miðvikudegi fyrir keppnina. Þar reyna keppendur Meistaramótsins með sér í upphitunarleik á par 3 holu velli sem er við keppnisvöllinn. Ekki gefur árangur á þessum upphitunarleik víst mikla vísbendingu um gengi á mótinu sjálfu, en það hefur aldrei gerst í sögu keppninnar að sami kylfingur hafi unnið miðvikudagsmótið og Meistaramótið sjálft. Skipulagið á par 3-keppninni er talsvert óformlegra en mótið sjálft, og til dæmis er kylfingum leyfilegt að nota börnin sín sem kylfusveina þennan tiltekna dag.

Ein hefð sem einnig hefur fest sig í sessi er að sigurvegari hvers móts ánafnar klúbbnum eina af kylfum sínum. Fyrir vikið hefur klúbburinn yfir að ráða úrvali af sögufrægum kylfum sem hvert golfsafn væri fullsæmt af.



Bobby Jones er einn sigursælasti kylfingur allra tíma. NORDICPHOTOS/GETTY

**Skipulagið á par 3 keppninni er talsvert óformlegra en mótið sjálft, og til dæmis er kylfingum leyfilegt að nota börnin sín sem kylfusveina þennan tiltekna dag.**

## GRÆNN JAKKI OG KRISTALSSKÁL

Sigurvegari Meistaramótsins ár hvert klæðist forláta grænum jakka sem hann hefur til afnota í heilt ár eftir sigurinn. Hann er auk þess kominn í fámennan hóp útvalinna sem fá boð í árlegan kvöldverð sem borinn er fram í Augusta National-klúbbnum ár hvert á þriðjudegi fyrir mótið sjálft eins og áður sagði.

Jack Nicklaus er sá kylfingur sem oftast hefur haft tök á að hengja græna jakkann upp í fataskápinn heima hjá sér, en hann hefur borið sigur úr býtum á mótinu alls sex sinnum. Á hæla hans koma Tiger Woods og Arnold Palmer, sem báðir hafa unnið fjórum sinnum. Woods á þó enn möguleika á að gera tilkall til jakkans góða.

Jakkarnir hafa verið veittir ár hvert frá 1949, en auk sigurvegara eru það einungis meðlimir Augusta National-klúbbsins sem geta státað sig af eignarhaldi á grænum jakka. Það er sigurvegarinn frá árinu áður sem sér um að aðstoða nýkrýndan meistara við að komast í nýja jakkann. Um jakkaeignina gilda þó einhverjar reglur. Ekki er til dæmis í boði að spóka sig um í jakkanum árum saman eftir sigurinn, því honum verða kylfingarnir að skila eftir árið. Þeir fá þó að bregða sér í jakkann þegar þeir heimsækja klúbbinn.

Auk jakkans títtnefnda er sigurvegarinn leystur út með peningagjöf. Hún hefur orðið nokkuð ríflegri með árunum og hefur upphæðin sérstaklega hækkað síðastliðin ár. Horton Smith fór fyrstur með sigur úr býtum árið 1934 og taldi verðlaunaféð þá 1.500 dollara. Sigurvegari mótsins í fyrra, Charl Schwartzel, fékk hins vegar í sinn hlut tæpar 1,5 milljónir dollara eða sem nemur 180 milljónum króna.

Þá eru ótaldir kristalsgripir sem keppendum getur áskotnast eftir gott gengi meðan á mótinu stendur. Sá spilari sem er með fæst högg eftir hvern dag fær að launum forláta kristalsvasa, hver kylfingur sem nær erni á mótinu fær að launum tvo kristalsbikara og sigurvegari par 3-mótsins er leystur út með kristalsskál.

Og ef peningagjafir, grænn jakki og kristalsgripir eru ekki nóg geta sigurvegarar mótsins glaðst yfir því að hafa með sigrinum á Meistaramótinu tryggt sér sjálfkrafa þátttökurétt í hinum þremur stórmótum ársins: Opna bandaríska meistaramótinu, Opna breska meistaramótinu og PGA-mótinu, auk þess að tryggja sér þátttöku í PGA-mótaröðinni til næstu fimm ára.

## EKKI FYRIR ALLA

Fyrst var sjónvarpað frá Meistaramótinu á CBS-sjónvarpsstöðinni árið 1956, þá voru notaðar sex myndavélar til að mynda viðureignir á síðustu fjórum brautunum. Umfangið hefur aukist jafnt og þétt með árunum, og aðgengi kvikmyndatökumanna og fréttamanna orðið sífellt meira eftir því sem hæstráðendur hjá Augusta National-klúbbnum veita meiri tilslakanir.

Aðgangur að mótinu í formi aðgangsmiða er ekki á allra færi. Þó eru aðgöngumiðarnir ekki svo ýkja dýrir, miðað við íþróttaviðburði af þessari stærðargráðu, heldur er framboð miða afar takmarkað. Sækja þarf um aðgöngumiða með allt að árs fyrirvara og svo er dregið af handahófi úr umsóknum. Og þetta á eingöngu við um aðgang að upphitunarmótinu. Miðar á keppnina sjálfa standa eingöngu skráðum liðsmönnum Augusta National-klúbbsins til boða. Í ár var þó gerð örlítil undantekning á því og ákveðið var að gefa nokkra miða á bæði æfingadaga og keppnina sjálfa til almennings.

**● ALLIR Í HVÍTU** Ein af þeim mörgu hefðum sem einkennir bandaríska meistaramótið í golfi er útbúnaður kylfusveina. Þeim er öllum gert að klæðast hvítum klæðnaði, sem merktur er kylfingnum þeirra á bakinu. Auk þess eiga þeir að vera með sérstakar grænar derhúfur og í hvítum íþróttaskóm.

Allt fram til ársins 1982 var keppendum gert að nýta þjónustu kylfusveina sem voru á mála hjá Augusta National-klúbbnum og máttu því ekki nota sína eigin sveina. Það var jafnframt bundið í lög og reglur klúbbsins að allir kylfusveinar klúbbsins skyldu vera svartir.

Kylfusveinn sigurvegara fyrra árs fær ávallt að merkja sig tölustafnum 1. Hinir kylfusveinarnir fá svo númer eftir því í hvaða röð kylfingurinn þeirra skráði sig til leiks í mótið.



Tiger Woods og aðstoðarmaður hans, Joe LaCava, á æfingadegi fyrir Mastersmótið.




VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 SPORT INNIHELDUR 2 SPORT 2 SPORT 2 2 SPORT 3 2 SPORT 4 2 SPORT 5 512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000




Rory McIlroy og Tiger Woods verða án efa í baráttunni um græna jakkann.

# Hnífjöfn barátta milli Tigers Woods og Rory McIlroy

Það hefur sjaldan ríkt eins mikil eftirvænting fyrir fyrsta risamót ársins í golfi enda margir líklegir til þess að gera atlögu að titlinum. Veðbankar eru flestir með Tiger Woods sem líklegan sigurvegara en ungstirnið Rory McIlroy frá Norður-Írlandi er einnig ofarlega á þeim lista. Ekki má gleyma Englendingunum Luke Donald og Lee Westwood en þeir eru í hópi þeirra sem hafa aldrei náð að sigra á risamóti á ferlinum. Donald er í efsta sæti heimslistans en Westwood er í því þriðja. Skiptar skoðanir eru um hver muni standa uppi sem sigurvegari en viðmælendur Fréttablaðsins hafa aðeins trú á því að tveir kylfingar komi til greina sem sigurvegar. Og það kemur víst fáum á óvart að þeir eru Tiger Woods og Rory McIlroy. Fréttablaðið fékk nokkra áhugasama kylfinga til þess að spá fyrir um sigurvegarann í ár, en spámennirnir eru allir þekktir fyrir aðra hluti en golf.



## HLYNUR BÆRINGSSON

***TIGER WOODS***

Körfuknattleiksmaðurinn Hlynur Bæringsson, sem leikur með sænska liðinu Sundsvall, hefur aðeins verið að fikra sig áfram í golfíþróttinni en hann hefur trú á því að Tiger Woods standi uppi sem sigurvegari á Mastersmótinu í ár. „Ég hef trú á því að Tigerinn fari aftur í gang. Hann hefur eins og allir vita ekki náð fyrri getu eftir alla skandalana og verið í miklu basli. Ég hef mikla samúð með mönnum sem eru í basli á golfvellinum, enda þekki ég eingöngu þá hliðina á sportinu, að ströggla. En eins og ég trúi á að einn daginn muni mínir sönnu golfhæfileikar skína í gegn, þá trúi ég því að Tiger nái loksins að að nálgast fyrri styrk og það mun skila honum sigri í mótinu," segir Hlynur Bæringsson.



## SIGURÐUR HLÖÐVERSSON

***RORY MCILROY***

Sigurður Hlöðversson eða „Siggi Hlö" er gríðarlega áhugasamur kylfingur og hann ætlar að fylgjast vel með Mastersmótinu. Útvarpsmaðurinn efast um að Tiger Woods nái að landa sigri í fimmta sinn á ferlinum. „Ég veit að allra augu beinast að Tiger vegna þess að hann náði loksins að vinna mót. Ég sá hann reyndar vinna þetta sama mót árið 2009 þegar ég fór og elti hann á Bay Hill. Held að það hafi verið síðasta mótið sem hann vann. Ég held að hann vinni ekki Masters í ár, hann á við smá meiðsli að stríða og er ekki enn kominn í sitt besta form. Ég held með Rory McIlroy, finnst hann vera sá sem er að taka við keflinum af Tiger næstu 10 árin. Hann hefur þroskast mikið sem leikmaður og nú held ég að græni jakkinn verði hans. Margir tala um að Phil Michelson muni gera harða hríð að jakkanum en ég spái að hann annaðhvort komist ekki í gegnum niðurskurðinn eða rétt merji það að komast áfram," segir Siggi Hlö.



## RÍKHARÐUR DAÐASON

***RORY MCILROY***

Norður-Írinn Rory McIlroy er efstur á listanum hjá Ríkharði Daðasyni, fyrrum landsliðsframherja í knattspyrnu. Ríkharður hefur eins og margir aðrir afreksíþróttamenn fengið mikla golfdellu eftir að ferlinum lauk. „Rory McIlroy sýndi í fyrra að hann getur spilað á Augusta, þó hann hafi skort reynslu til að klára mótið. Hann kom gríðarlega öflugur til baka aðeins nokkrum vikum síðar og rúllaði yfir samkeppnina á US Open þegar hann vann með 8 höggum. Jafnframt hefur hann verið að spila vel undanfarið og fór í fyrsta sinn í efsta sæti heimslistans þegar hann vann Honda Classic um daginn og lenti í þriðja sæti vikuna á eftir á Cadillac Championship. Rory McIlroy fær græna jakkann í fyrsta sinn á sunnudaginn," segir Ríkharður Daðason.

## EYJÓLFUR KRISTJÁNSSON



***TIGER WOODS***

**Handan við hornið** — Eftir Tony Lopes




**Barnalán** — Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





PÁSKA
TILBOÐ
STÚTFULLAR VERSLANIR AF NÝJUM TILBOÐUM
PÁSKATILBOÐ
STÚTFULL BÚÐ AF FARTÖLVUM • NÝ SJÓÐANDI HEIT MÓDEL • OPIÐ ALLA HELGINA
4BLS
BÆKLINGUR
FULLUR AF SPENNANDI PÁSKATILBOÐUM
ENN BETRA VERÐ
PÁSKA
TILBOÐ
OPIÐ ALLA HELGINA • STÚTFULLAR VERSLANIR AF TILBOÐ
KINDLE
LESTÖLVA
KINDLE LESTÖLVAN FRÁ AMAZON Á ÓTRÚLEGU VERÐI
19.900
acer
ASUS
hp
lenovo
packard bell
SAMSUNG
TOSHIBA
OPNUNARTÍMAR
Í dag miðvikudag
10:00 - 18:30
Fim, föstudag
LOKAÐ
Laugardag
11:00 - 16:00
TÖLVUTEK
Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

# menning

menning@frettabladid.is



**PISTLAR VALGARÐS EGILSSONAR** Homo Sapiens verða fluttir á Rás eitt að kvöldi skírdags. Í pistlunum, sem birtust upphaflega í Fréttablaðinu, er atferli mannsins skoðað með gleraugum Darwins.



**TÖFRARAUNSÆI** Myndir Rúnu eru kenndar við töfraraunsæi eða andlega list.

## Logafjöll og ljósadans Rúnu

Gestir og gangandi eru velkomnir í galleríið L51 Art Center Laugavegi 51. Þar stendur nú yfir myndlistarsýning Rúnu K. Tetzchner, Logafjöll og ljósadans. Myndefnið eru eldfjöll og norðurljós en myndirnar eru unnar með sérstakri blandaðri tækni sem Rúna hefur þróað síðan 1999. Um er að ræða tússlita- og vatnslitamyndir unnar með pennum og penslum á pappír, auk þess sem tindrandi duftlitir eru bræddir á myndirnar.

Myndir Rúnu hafa á sér ævintýra- og töfrablæ, og má kenna myndlist hennar við töfraraunsæi eða andlega list. Risastórt skrautfiðrildi sveimar um yfir glóandi hrauninu og hugrökk eldkona laugar sig í vatninu við gosið. Ljósverur og verndarenglar skrýðast norðurljósum og töfrandi litlir bátar sigla yfir himininn. Á sýningunni má einnig sjá skrautskriftarverk þar sem ljóð eru skrautrituð inn í myndirnar og vinnur Rúna þar meðvitað undir áhrifum lýsinga og fornra handrita.

Sýning Rúnu í L51 Art Center stendur út apríl. Í dag frá þrjú til sex og á laugardag frá eitt til þrjú situr Rúna í galleríinu og bræðir liti á pappír þannig að gestir og gangandi fá tækifæri til að sjá hvernig hún vinnur.


OLYMPUS®

MAGNAÐAR MYNDAVÉLAR

OLYMPUS • VG-150

Fínleg og einföld



• 12 milljón pixlar • WIDE 4 x aðráttarlinsa (27-108mm) • 2.7” LCD skjár • Ljósop 2.9 – 6.5 • Hristivörn • Vídeoupptaka með hljóði (30fps) • **Verð: 14.900 kr**

OLYMPUS • VG-160

Gæðavél á fínu verði



• 14 milljón pixlar • WIDE 5x aðráttarlinsa (26-130mm) • 3,0” LCD skjár • Sérstök vörn á skjá • Ljósop 2.8 – 6.5 • Hristivörn • Vídeoupptaka í HD 720p með hljóði • **Verð: 16.900 kr**

OLYMPUS • VH-210

Vel búin og flott hönnun



• 14 milljón pixlar • WIDE 5x aðráttarlinsa (26-130mm) • 3,0” LCD skjár • Sérstök vörn á skjá • Ljósop 2.8 – 6.5 • Hristivörn • **Verð: 19.900 kr**

OLYMPUS • VG-170

Glæsileg og öflug



• 14 milljón pixlar • WIDE 5x aðráttarlinsa (26-130mm) • 3,0” LCD skjár • Sérstök vörn á skjá • Ljósop 2.8 – 6.5 • Hristivörn • Vídeoupptaka í HD 720p með hljóði • Öflugt flass, dregur 15m • **Verð: 21.900 kr**

ORMSSON

LÁGMÚLA 8 · REYKJAVÍK
SÍMI 530 2800
ORMSSON.IS

Verslanir og umboðsmenn um land allt


# MIG VANTAÐI SMÁ SPARK

**Rithöfundurinn Kristín Marja Baldursdóttir gegnir stöðu leikskálds Leikritunarsjóðs Leikfélags Reykjavíkur leikárið 2012 til 2013. Hún segist hlakka til að vinna með leikhúsfólki og tileinka sér nýja tækni.**



**BORGARLEIKHÚSSSKÁLD** Frú Vigdís Finnbogadóttir, stjórnarformaður Leikritunarsjóðs, tilkynnti um valið á Kristínu sem leikskáldi Leikritunarsjóðs við athöfn í Borgarleikhúsinu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Mig hefur lengi langað til að skrifa leikrit, nánast allt frá því ég var vön að skrifa leikrit fyrir bílskúrana í gamla daga,“ segir Kristín Marja Baldursdóttir, en í gær var kunngjört að hún myndi gegna stöðu leikskálds Leikritunarsjóðs Leikfélags Reykjavíkur leikárið 2012 til 2013. Áður hafa tvö leikskáld starfað á vegum sjóðsins, Auður Jónsdóttir og Jón Gnarr, en útnefningunni fylgir að skáldið fær aðstöðu í leikhúsinu og er hluti af starfsliði Borgarleikhússins. Alls sóttu 38 um starfið.

Kristín Marja segist hlakka mjög til starfsins og sérstaklega þess að fá að vinna með leikhúsfólki, fylgjast með og tileinka sér nýja tækni. „Ég held að ég hafi að minnsta kosti í tvígang breytt leikriti í skáldsögu. Þegar ég byrjaði á þessum leikritum fannst mér eins og ég þyrfti að vera meira inni í leikhúsinu, enda eru leikhús yfirleitt í einhverjum tengslum við leikhúsið. Það hef ég ekki verið hér inni á gamla kontórnum mínum. Þegar þessi staða var auglýst ákvað ég að sækja um og hugsaði með mér að ef ég hreppti hnossið yrði engrar undankomu auðið. Þá yrði ég hreinlega að skrifa leikrit út frá þessum hugmyndum sem ég hef. Ég þurfti að fá smá spark,“ segir Kristín, en hún hefur alla tíð verið mikil áhugamanneskja um leikhús og fylgst vel með hræringum í geiranum. „Mest hef ég fylgst með leikhúsi hér á Íslandi, í Berlín og Kaupmannahöfn, en ég hef líka látið mig hafa það að sækja leikhús í Frakklandi, á Spáni og Ítalíu án þess að botna nokkuð í tungumálinu. Áhuginn er svo mikill á sjálfum uppsetningunum.“

### FLEIRI RÁÐNINGAR HJÁ BORGARLEIKHÚSINU

Fyrr í vetur voru sex leikskáld fengin til að útfæra hugmyndir sínar að leikverkum úr sínu nánasta umhverfi, um íslenskt líf og íslenskan samtíma. Þau Kristín Eiríksdóttir, Salka Guðmundsdóttir og Tyrfingur Tyrfingsson voru valin úr hópi þessara sex leikskálda og er gert ráð fyrir að stutt leikverk þeirra verði leikin saman á einu kvöldi.

Þá var Jón Atli Jónasson fyrir skömmu ráðinn til starfa við leikhúsið í eitt ár. Hann mun semja leikrit fyrir Borgarleikhúsið sem sviðsett verður á leikárinu 2013 til 2014, auk þess sem hann mun liðsinna yngri og óreyndari skáldum sem vinna fyrir leikhúsið.

Kristín segist sem minnst vilja tjá sig um hugsanlegan afrakstur starfsins í Borgarleikhúsinu næsta árið. „Það skyldi þó aldrei vera að ég færi að skrifa um konur,“ segir hún þó aðspurð og hlær, en kvenpersónur hafa verið einkar áberandi í skáldsögum hennar, meðal annarra Karítas frá árinu 2004, framhaldsbókinni Óreiðu á striga frá 2007 og Mávahlátri frá 1995, en síðastnefnda skáldsagan var sviðsett í Borgarleikhúsinu árið 1998. „Ætli það megi ekki búast við því að konur komi við sögu, en best er að hafa á bak við eyrað að konur geta ekki án karla verið og karlar ekki án kvenna,“ útskýrir hún.

Spurð um önnur nánustu framtíðaráform segist rithöfundurinn nú vera á endasprettinum með nýja bók sem hún býst við að komi út fyrir jólin næstu. „Ég vil ekki segja of mikið, en bókin gerist í samtímanum og í henni hætti ég mér út á slóðir sem ég hef ekki verið á áður. Ég hef verið að velta fyrir mér Ilíonskviðu með karakter karlmanna í huga og bókin er afrakstur þess.“

kjartan@frettabladid.is

# Bullandi aðsókn

Í gegnum tíðina er frumsamið gamanleikrit með söngvum sem Leikdeild Eflingar hefur sýnt á Breiðumýri í Reykjadal kvöld eftir kvöld að undanförnu við afbragðs undirtektir. Þar er skyggnst inn í líf íslenskrar bændafjölskyldu á árunum 1950 til 1980. Meðlimir hennar fara á síld, lenda í Kananum, upplifa Bítlaæðið, bregða sér á bændahátíð og lenda í ýmsum skondnum aðstæðum. Inn í söguna eru fléttuð fjölmörg lög frá þessu tímabili.

Höfundur verksins er Hörður Benónýsson á Hömrum í Reykjadal og hann er jafnframt leikstjóri. Tónlistarstjóri er Pétur Ingólfsson og auk hans annast undirleik þeir Jaan Alavere og Þórgnýr Valþórsson.

„Það hefur verið bullandi aðsókn,“ segir Hörður. „Þegar hafa tæplega 800 manns séð uppfærsluna sem er meiri fjöldi en býr í allri Þingeyjarsveit.“ Hann segir þrjátíu og tvo leikara taka þátt í sýningunni og kveðst hafa skrifað verkið með leikhópinn í huga. Næstu sýningar verða 13. 14. og 15. apríl sem helgast af því að meðal leikenda eru nemendur Framhaldsskólans á Laugum sem koma víða að af landinu og fara heim í páskafrí.

- gun



### MEGINSTÓLPI EFLINGAR



Allt frá því að Hörður Benónýsson steig á svið í Sveitasinfóníu eftir Ragnar Arnalds árið 1990 hefur hann verið einn af megin stólpum leikdeildar Eflingar. Fyrstu árin sem leikari, leikmyndasmiður og leiknefndarmaður, en hin seinni ár einnig sem höfundur og leikstjóri.



BESTA GLÆPASAGAN
MEST SELDA BÓKIN
Glæpafélag Vestfjarða valdi Brakið eftir Yrsu Sigurðardóttur
sem bestu glæpasögu ársins 2011
NÚ KOMIN Í KILJU!
YRSA SIGURÐARDÓTTIR
BRAKIÐ
„TRYLLINGUR AF BESTU GERÐ."
MEST SELDA BÓKIN Á ÍSLANDI ÁRIÐ 2011
„Enn ein frábær bók frá Yrsu,
ein af þeim betri að mínu mati."
GUÐRÍÐUR HARALDSDÓTTIR, VIKUNNI
„Tryllingur af bestu gerð
... æsispennandi og blóðugur
hryllingur með dulrænni dramatík."
KRISTJANA GUÐBRANDSDÓTTIR, DV
VERÖLD
DYNAMO REYKJAVÍK

# Kristin íhugunaraðferð kynnt


CARL ARICO

Faðir Carl Arico mun kynna hina kristnu íhugunarbænaaðferð Centering Prayer og biblíulega íhugun, Lectio Divina, í Reykjavík og Skálholti dagana 10. til 15. apríl. Arico er þekktur fyrir að vera greinargóður og glettinn fræðari. Frá 1960 hefur hann þjónað sem sóknarprestur og menntaskólakennari, sinnt hjóna- og fjölskylduráðgjöf og ritað um lifandi og virka prestsþjónustu í samtíðinni.

Carl Arico verður í Neskirkju þriðjudaginn 10. apríl klukkan 19.30 og miðvikudaginn 11. apríl heldur hann fyrirlestur í V stofu (229) aðalbyggingu Háskóla Íslands frá klukkan 13.30 til 15.30 um þrá í samtíð eftir andlegri næringu.

Fimmtudaginn 12. til sunnudagsins 15. apríl verða Kyrrðardagar í Skálholti í umsjá fr. Arico þar sem Centering Prayer verður kynnt og iðkuð ásamt Lectio Divina.

Skráning er á www.skalholt.is og nánari upplýsingar veitir Sigurbjörg Þorgrímsdóttir djáknakandídat og leiðbeinandi í Centering Prayer á netfanginu sigurth@simnet.is.


**LEIKA Í MÝVATNSSVEIT** Ágúst Ólafsson, Laufey Steingrímsdóttir og Ásgeir Hermann Steingrímsson tóku sér hlé frá æfingum fyrir ljósmyndara Fréttablaðsins. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Músík í Mývatnssveit um páska

Tónlistarhátíðin Músík í Mývatnssveit verður haldin nú um páskana og er það í fimmtánda sinn sem hátíðin er haldin. Samkvæmt venju er hátíðin tvískipt. Á morgun, skírdag, verða tónleikar í Skjólbrekku. Þar verður m.a. flutt tríó eftir Ewazen og sönglög eftir Schubert, svo og íslenskar söngperlur.

Tónleikarnir í Skjólbrekku hefjast klukkan átta.

Á föstudaginn langa, 6. apríl, verða tónleikar í í Reykjahlíðarkirkju. Þar verður flutt fjölbreytt kirkjutónlist, meðal annars eftir Bach, Händel og Schubert. Þessir síðari tónleikar hefjast klukkan níu.

Flytjendur eru Ágúst Ólafsson barítónsöngvari, Ásgeir Hermann Steingrímsson trompetleikari, Laufey Sigurðardóttir fiðluleikari og Aladár Rácz sem leikur á píanó og orgel.

Miðasala verður við innganginn. Nánari upplýsingar er að fá í Hótel Reynihlíð.

Bækur ★★★☆☆

**Ég ljúfa vil þér syngja söngva**

Linda Olsson, þýðing: Guðni Kolbeinsson

**Vaka Helgafell**

## Segðu mér af sorgum þínum




Vinátta tveggja ólíkra kvenna, ungs rithöfundar og aldraðrar einsetukonu, er viðfangsefni skáldsögunnar Ég ljúfa vil þér syngja söngva eftir Lindu Olsson. Sagan flakkar milli samskipta þeirra í nútímanum og frásagna hvorrar um sig af eigin lífi í fortíðinni. Þrátt fyrir ólíkan aldur og bakgrunn reynast þær eiga ýmislegt sameiginlegt og sögur þeirra eru furðu áþekkar. Báðar syrgja þær missi stóru ástarinnar, móðurmissi og barnsmissi. Hvorug er sátt við sitt hlutskipti í lífinu en vináttan og frásagnirnar hjálpa þeim að horfast í augu við fortíðina, skilja hana að baki og öðlast einhvers konar jafnvægi og hugarró.

Sagan er fallega skrifuð. Ljóðrænn og fljótandi textinn kallast á við ljóðlínurnar sem eru einkunnarorð hvers kafla, sóttar í ljóð ýmissa skálda frá ýmsum tímum. Þessum lesanda hér þykir þó melódramatíkin keyra um þverbak á köflum og sagan oft á tíðum vega salt á barmi væmninnar. Aðalpersónurnar tvær eru líka ansi daufgerðar og dálítið klisjukenndar þannig að erfitt er að finna til samlíðunar með þeim, hvað þá vorkenna þeim, auk þess sem sögur þeirra eru of líkar og verða því fyrirsjáanlegar. Engu að síður er Ég ljúfa vil þér syngja söngva hin ánægjulegasta lesning. Það er nefnilega, þegar allt kemur til alls, ekki um hvað er skrifað sem gerir bók góða heldur hvernig það er gert og hér er á ferðinni höfundur sem leggur áherslu á vandaðan texta og sækir þar helst í smiðju sænskra ljóðskálda, bæði vel þekktra og minna þekktra. Ljóðbrotin í upphafi hvers kafla víkka efnið út og vísa út fyrir söguna auk þess sem þau vekja áhuga lesandans á því að kynna sér verk þeirra skálda sem vitnað er til. Þýðing Guðna Kolbeinssonar virðist vel unnin og vönduð, en sú hefð að setja erlend ljóð í skorður íslenskrar bragfræði orkar þó tvímælis og stuðar lesandann á köflum:

*Högt med dig jag talade*
*vad ingen i världen vet.*
*På ändlösa vägar*
*var du min ensamhet.*

verður til dæmis í þýðingu:

*Í sannleik ég þér sagði*
*öll sagnarefnin brýn.*
*Á víðáttunnar vegum*
*varst þú einsemd mín.*

Ekki alveg sama ljóðið en engu að síður fínasta vísa á íslenskunni, enda gömul sannindi og ný að ljóð verða ekki þýdd aðeins umort.

**Friðrika Benónýsdóttir**

**Niðurstaða:** Fallegur og ljóðrænn texti bjargar klisjukenndri sögu úr klóm meðalmennskunnar og gerir Ég ljúfa vil þér syngja söngva að ánægjulegri lesningu.

**HVAÐ? HVENÆR? HVAR?**

**Miðvikudagur 04. apríl 2012**

**➜ Uppákomur**

**13.30** Páskabingó verður haldið á Korpúlfsstöðm. Margt glæsilegra vinninga og allir velkomnir.

**17.00** Ritlistarhópur Kópavogs stendur fyrir ljóðadagskrá í Gunnarshúsi, Dyngjuvegi 8. Skáld lesa úr verkum sínum og gestir geta tekið þátt í dagskránni. Léttar veitingar verða í boði og aðgangur ókeypis.

**➜ Dans**

**14.00** Síðdegisdans verður hjá Félagi eldri borgara í Reykjavík, Stangarhyl 4. Stjórnendur eru Matthildur og Jón Freyr. Aðgangseyrir er kr. 600.

**➜ Tónlist**

**22.00** 90's kvöld verður haldið á skemmtistaðnum SPOT í Kópavogi. Fram koma Frigore, Þórhallur Skúlason, Óli Ofur og Emmsjé Gauti. 1.000 króna aðgangseyrir.

**22.00** Ghozt, Exos, AJ Caputo og Mike The Jacket spila í partýi í Iðusölum sem tileinkað verður hinum fjórum frumefnum, jörð, lofti, eldi og vatni.



**23.00** Rokksveitin Kimono snýr úr sjálfskipuðu árslöngu tónleikabanni og heldur tónleika á Bar 11. Hljómsveitin Saytan mun sjá um upphitun. Þetta verður í fyrsta skipti sem þessar hljómsveitir spila saman á tónleikum. Aðgangur er ókeypis.

**23.00** Bítladrengirnir blíðu halda tónleika á Ob-La-Dí Ob-La-Da, Frakkastíg 8. Aðgangseyrir er kr. 1.000.



**23.00** Nóra, Low Roar og Orphic Oxtra spila á fjáröflunartónleikum á Gauka á Stöng. Safnað er fyrir plötuútgáfu Nóru. Aðgangseyrir er kr. 1.000.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is**


„TRÚI ENNÞÁ Á ÁSTINA"
Söngkonan Anna Mjöll um fráfall föður síns og erfiðan söknuðinn, sönginn, skilnaðinn og lífið í Los Angeles.
Lífið
– FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Á FÖSTUDÖGUM




**Viðskiptavinum Íslandsbanka bjóðast miðar á þennan einstaka tónlistarviðburð á 20% afslætti.**

Afslátturinn fæst þegar greitt er með greiðslukorti frá Íslandsbanka eða Byr í miðasölu Hörpu í síma 528 5050 eða á midasala@harpa.is.
Tilboðið gildir ekki í netsölu.

Harpa mun óma á stórtónleikum Ragga Bjarna í Eldborgarsalnum laugardaginn 12. maí kl. 20.

**Söngvarar:** Raggi Bjarna, Eivør Pálsdóttir, Björn Jörundur, Diddú, Guðrún Gunnarsdóttir, Óskar Pétursson, Bjarni Arason og Álftagerðisbræður.

**Jón Ólafsson og hljómsveit**

▸ Miðasala er hafin

Miðaverð frá 4.900 kr. til 8.900 kr.

Almenn miðasala í miðasölu Hörpu, á harpa.is, midi.is og í síma 528 5050

Íslandsbanki

MÓÐURFÉLAGIÐ

BYLGJAN 989

# KRÓNAN – fyrst og fremst ódýr!

## LAMBALÆRI – fyrir þig og þína!



1498 kr. kg

Lambalæri. Þú velur: ókryddað eða New York, hvítlauks og rósmarín marinerað

## PÁSKAMATUR Á FRÁBÆRU VERÐI!



698 kr. kg

Grísabógur, hringskorinn

20% afsláttur

998 kr. kg

Verð áður ~~1298~~ kr. kg

Grísahryggur m/ pöru

30% afsláttur

1049 kr. kg

Verð áður ~~1498~~ kr. kg

Grísakótilettur, magnpakkning



998 kr. kg

Krónu hamborgarhryggur

20% afsláttur

2398 kr. stk.

Verð áður ~~2998~~ kr. stk.

Dönsk herragarðsönd, 2,6 kg

1978 kr. kg

ÍM ferskar kjúklingabringur

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl

EXPO • www.expo.is

## Opnunartímar

verslana Krónunnar yfir páskana og á www.kronan.is

| Akranes | Árbær | Bíldshöfði | Grandi | Hvaleyrarbraut |
|---|---|---|---|---|
| 4. apríl 10-20 | 4. apríl 10-21 | 4. apríl 10-20 | 4. apríl 10-20 | 4. apríl 10-21 |
| 5. apríl 10-20 | 5. apríl 10-21 | 5. apríl 10-20 | 5. apríl 10-20 | 5. apríl 10-21 |
| 6. apríl LOKAÐ | 6. apríl LOKAÐ | 6. apríl LOKAÐ | 6. apríl LOKAÐ | 6. apríl LOKAÐ |
| 7. apríl 10-20 | 7. apríl 10-21 | 7. apríl 10-20 | 7. apríl 10-20 | 7. apríl 10-21 |
| 8. apríl LOKAÐ | 8. apríl LOKAÐ | 8. apríl LOKAÐ | 8. apríl LOKAÐ | 8. apríl LOKAÐ |
| 9. apríl 10-20 | 9. apríl 10-21 | 9. apríl 10-20 | 9. apríl 10-20 | 9. apríl 10-21 |

**20% afsláttur**







**40% afsláttur**

**3899 kr. kg**

Verð áður ~~4980~~ kr. kg
Ungnautalundir, erlendar

**2298 kr. kg**

Verð áður ~~3848~~ kr. kg
Ungnauta Roast Beef, erlent

# Páskaegg í miklu úrvali!




| Jafnasel | Lindir | Mosfellsbær | Reyðarfjörður | Reykjavíkurvegur | Selfoss | Vestmannaeyjar |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 4. apríl 10-21 | 4. apríl 10-20 | 4. apríl 10-20 | 4. apríl 11-19 | 4. apríl 10-21 | 4. apríl 10-20 | 4. apríl 11-19 |
| 5. apríl 10-21 | 5. apríl 10-20 | 5. apríl 10-20 | 5. apríl 11-18 | 5. apríl 10-21 | 5. apríl 10-20 | 5. apríl 11-19 |
| 6. apríl LOKAÐ | 6. apríl LOKAÐ | 6. apríl LOKAÐ | 6. apríl LOKAÐ | 6. apríl LOKAÐ | 6. apríl LOKAÐ | 6. apríl LOKAÐ |
| 7. apríl 10-21 | 7. apríl 10-20 | 7. apríl 10-20 | 7. apríl 11-17 | 7. apríl 10-21 | 7. apríl 10-19 | 7. apríl 11-18 |
| 8. apríl LOKAÐ | 8. apríl LOKAÐ | 8. apríl LOKAÐ | 8. apríl LOKAÐ | 8. apríl LOKAÐ | 8. apríl LOKAÐ | 8. apríl LOKAÐ |
| 9. apríl 10-21 | 9. apríl 10-20 | 9. apríl 10-20 | 9. apríl 12-16 | 9. apríl 10-21 | 9. apríl 10-20 | 9. apríl 11-19 |



**EKKI DREKKA EINN Á DAG** Samkvæmt rannsóknum geta líkur á krabbameini aukist um allt að 5 prósent drekki maður einn áfengan drykk á dag. Rannsóknirnar voru gerðar af háskólanum í Heidelberg í Þýskalandi og háskólanum í Mílanó en þar kemur fram að konur séu í sérstökum áhættuhópi.

# Leyndardómar kjólsins

**TÍSKA Enn dúkka upp sögur um leynimakkið er umkringdi brúðarkjól Kate Middleton. Nýjasta sagan greinir frá því hvernig Sarah Burton, yfirhönnuður hjá Alexander McQueen, fór að því að panta efnið í kjólinn án þess að upp um hana kæmist.**

**Línan sem McQueen sýndi í mars á síðasta ári innihélt mikið af kremlituðum kjólum sem margir minntu á brúðarkjóla. „Hvítu kjólarnir í línunni voru yfirhylming svo að hægt væri að panta efnið í brúðarkjólinn án þess að það vekti eftirtekt,“ var haft eftir Hamish Bowles, blaðamanni Vogue.**



**LEYNDARDÓMAR** Mikil leynd hvíldi yfir brúðarkjól Kate Middleton. NORDICPHOTOS/GETTY

# Skurðaðgerð í þrívídd

**TÆKNI Skurðlæknar við sjúkrahúsið Royal Infirmary í Manchester segjast vera þeir fyrstu í Bretlandi til að nota þrívíddargleraugu í skurðaðgerð. Gleraugun voru notuð þegar blöðruhálskirtillinn var fjarlægður úr 62 ára manni með aðstoð þrívíddartækni, samkvæmt frétt BBC. Sýnd var á háskerpuskjá þrívíddarmynd af vélarmi sem var notaður til að framkvæma skurðaðgerðina.**

**Talsmaður sjúkrahússins segir að með þrívíddartækninni verði nákvæmnin enn meiri við skurðaðgerðirnar sem verða gerðar þar í framtíðinni.**

# FER Í VONT SKAP Í SVÖRTU

**Þorsteinn Blær stílisti hefur vakið eftirtekt fyrir litríkan klæðaburð sinn og nú síðast fangaði hann athygli ljósmyndara vefsíðunnar Fashionista.com sem birti mynd og viðtal við stílistann á síðu sinni. Fashionista.com er ein af vinsælli tískuvefsíðum heims og því ætti litríkur klæðnaður Þorsteins að ná augum fjölda fólks.**

TÍSKA Þorsteinn Blær stílisti hefur oft vakið eftirtekt fyrir litríkan klæðaburð sinn og nú síðast fangaði hann athygli ljósmyndara vefsíðunnar Fashionista.com sem birti mynd og viðtal við stílistann á síðu sinni. Fashionista.com er ein af vinsælli tískuvefsíðum heims og því ætti litríkur klæðnaður Þorsteins að ná augum fjölda fólks.

Á vefsíðunni lýsir Þorsteinn klæðaburði sínum sem brjálæðislegum og einstökum og segist hann hafa gaman af því að klæðast sterkum litum þegar veðrið er grámyglulegt.

Inntur eftir því hvort hann eyði miklum tíma í fatapælingar áður en hann fer út úr húsi neitar Þorsteinn því. „Ég er löngu hættur að pæla í hverju ég eigi að vera þegar ég fer út, ég gríp bara eitthvað af fataslánni,“ segir Þorsteinn og bætir við að hann sé vanur augngotum frá ókunnugum. „Fólk er gjarnt á að stoppa mig úti á götu og taka myndir, ég held það fylgi því að vera öðruvísi á Íslandi. Ég er löngu orðinn vanur þessu því ég hef verið svona litríkur alveg frá því ég var barn á Selfossi,“ útskýrir hann.

Þorsteinn segir tískuáhugann nánast meðfæddan og að sem barn hafi hann harðneitað að klæðast svörtum flíkum. „Þegar ég var lítill máttu sokkarnir mínir ekki einu sinni vera svartir, ég fer í vont skap þegar ég klæðist svörtu. Ég hef haft áhuga á tísku alveg frá því ég man eftir mér og finnst til dæmis mjög gaman að breyta flíkum á ýmsan hátt. Ég kaupi stundum flík bara út af efninu og breyti kannski kjól í buxur.“

Þorsteinn er menntaður förðunarfræðingur og hefur unnið lengi sem slíkur en undanfarið hefur hann snúið sér í auknum mæli að ljósmyndun og stíliseringu. Hann stefnir á tískutengt nám í nánustu framtíð og gæti vel hugsað sér að stunda fatahönnunarnám við Central Saint Martins í London. „Sá skóli kveikir svolítið í mér og ég væri til í að læra fatahönnun eða ljósmyndun þar,“ segir Þorsteinn að lokum. - sm



**VEKUR ATHYGLI** Þorsteinn Blær, förðunarfræðingur og stílisti, vakti athygli ljósmyndara Fashionista.com með litríkum klæðaburði sínum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## GÖTUTÍSKAN VEKUR MEIRI ATHYGLI

Götutískan á tískuvikunum vekur jafn mikla athygli og sýningar stóru tískuhúsanna og hefur götutískan eignast sínar eigin „stjörnur“ á borð við Hanneli Mustaparta, Önnu Dello Russo, Abby Lee, Miroslava Duma, Önyu Ziourova og Susie Bubble.

Þorsteinn er aftur á móti kominn í hóp fólks á borð við Naomi Nevitt hjá Teen Vogue, Joanna Hillman hjá Harper's Bazaar, Chelsea Tyler, söngkonu og dóttur Stevens Tyler, bloggarann Bryanboy, Dani Stahl hjá NYLON Magazine og bloggarann Elin King, en Fashionista hefur myndað þau öll vegna flotts fatastíls.




Opið hús í dag kl. 18 – 19

**Stakkhamrar 10. Grafarvogi.**
**Glæsilegt einbýli á einni hæð m. Tvöfldum bílskúr.**

Nýkomið nýlegt, vandað og frábærlega skipulagt einbýli á einni hæð ásamt tvöföldum rúmgóðum bílskúr, alls 190 fm á rólegum stað í lokaðri götu í Grafarvogi. 4 góð svefnherbergi, tvö baðherbergi, kamína í stofu, parket, þvottaherbergi m. Bakinngangi, góðar innréttingar, stór suðvestur sólpallur, falleg ræktuð lóð. Mjög falleg eign. **Gott verð 47,5 millj. Áhvílandi ÍLS 11,5 m. Bein ákveðin sala. Getur losnað í lok maí n.k.**

**Opið hús miðvikudaginn 4 apríl milli kl. 18 og 19.**

**Ingólfur Gissurarson lg.fs. sýnir S:896-5222.**

VALHÖLL FASTEIGNASALA

**Ingólfur Gissurarson lgf.**
**Valhöll fasteignasala • Síðumúla 27 • Sími:588-4477.**



BYLGJAN 989 25 ÁRA
**Heimir & Kolla**
vakna með þér í bítið
Fréttir, fróðleikur og frábær tónlist
alla virka morgna kl. 6.50 – 9.00


# Laumuleg óhollusta

MATUR Ekki er allur „hollur“ matur jafn hollur og ætla mætti ef marka má nýja rannsókn á vegum U.S. Department of Agriculture's Economic Research Service. Þar kemur fram að mörg matvæli sem fyrirtæki markaðssetja sem holl eru það alls ekki.

Meðal þess sem stofnunin telur til óhollustu eru orkustangir sem eru fullar af hitaeiningum og sykri og því alls ekki góðar þeim sem vilja grenna sig. Vítamínbætt vatn þykir einnig óhollt og jafnvel hættulegt þar sem sumir sem neyta vítamínbætts vatns eru einnig að taka vítamín í töfluformi og gætu því verið að neyta of mikið af ákveðnum vítamínum. Fitusnautt hnetusmjör er þriðja varan sem stofnunin flokkar sem óholla. Hnetuolía er talin hollasti hluti hnetunnar og telst því slæmt að ræna hnetusmjörið þeirri hollu olíu.

U.S. Department of Agriculture's Economic Research Service mælir með því að neytendur fari ávallt eftir innihaldslýsingum matvæla í stað fitumagns.



**HOLLAR** Hnetur þykja hollari með fitunni en án hennar. NORDICPHOTOS/GETTY



**ÁHRIFAMIKIL** Naomi Campbell er á meðal hundrað valdamestu einstaklinga tískubransans. NORDICPHOTOS/GETTY

# Valdamest í tískunni

**TÍSKA Tímaritið Time birti lista yfir hundrað áhifamestu einstaklingana innan tískubransans frá árinu 1923, en það ár var Time fyrst gefið út. Listinn samanstendur meðal annars af fatahönnuðum, fyrirsætum, ljósmyndurum og ritstjórum.**

**Fyrirsæturnar Gisele Bündchen og Naomi Campbell eru á meðal þeirra valdamestu og það kemur líklega fáum á óvart að ritstýran Anna Wintour skuli einnig prýða listann. Manolo Blahnik og Karl Lagerfeld eru á meðal valdamestu fatahönnuðanna og Annie Leibovitz og Mario Testino eru í hópi áhrifamestu ljósmyndaranna.**

# Dagblöð ekki í fararbroddi

**Robert Redford segir að heimildarmyndir hafi tekið við af dagblöðum sem helsta vígi rannsóknarblaðamennsku. Redford, sem lék blaðamanninn Bob Woodward í All the President´s Men, segir að blöðin séu á niðurleið hvað þetta varðar. „Þess vegna eru heimildarmyndir svona mikilvægar. Þær koma sannleikanum líklega betur á framfæri,“ sagði hann við BBC. Fjöldi heimildarmynda frá Sundance-hátíðinni sem Redford stjórnar verður sýndur á kvikmyndahátíðinni Sundance London í apríl.**



**ROBERT REDFORD** Leikarinn segir að heimildarmyndir hafi tekið við af dagblöðum. NORDICPHOTOS/GETTY

# Skilja sem vinir

Söngvarinn Adam Levine, sem syngur með hljómsveitinni Maroon 5, og kærasta hans til tveggja ára, Anna V, hafa bundið enda á samband sitt.

Levine og rússneska ofurfyrirsætan Anne Vyalitsyna hafa bundið enda á tveggja ára samband sitt. Þetta staðfesti fyrirsætan sjálf. „Ég og Adam höfum ákveðið að fara hvort sína leið og skiljum sem vinir. Við berum enn mikla virðingu fyrir hvort öðru og ég óska honum velfarnaðar í öllu sem hann gerir,“ sagði Vyalitsyna í tilkynningu sinni.

Parið kynntist í veislu á vegum Sports Illustrated snemma árs 2010 þar sem Maroon 5 kom fram. Vyalitsyna hefur aftur á móti setið átta sinnum fyrir í sundfatablaði Sports Illustrated.



**SKILIN** Adam Levine og Anne V hafa ákveðið að binda enda á samband sitt. NORDICPHOTOS/GETTY



**RIHANNA** Söngkonan hafði gaman af því að leika í Battleship.

# Gaman í Battleship

**Rihanna hafði gaman af því að leika sterka kvenpersónu í hasarmyndinni Battleship. Þetta er fyrsta kvikmynd söngkonunnar og þar fer hún með hlutverk Coru Raikes. Liam Neeson leikur einnig í myndinni.**

**„Þetta var virkilega gaman. Þegar ég heyrði um þetta hlutverk fór ég strax að hlakka til. Mér fannst þetta svalt, sérstaklega vegna þess að ég fékk að nota alls konar vopn og sparka í rassinn á geimverum,“ sagði Rihanna. Hún hefur lengi haft áhuga á leiklist en hefur aldrei fundið rétta hlutverkið fyrr en núna.**

# Axl Rose hatar mig

**Slash, fyrrum gítarleikari Guns N´Roses, telur að söngvarinn Axl Rose hati sig. Í viðtali við Rolling Stone sagðist Slash endilega vilja spila með Guns N´Roses þegar hljómsveitin verður vígð inn í Frægðarhöll rokksins í Ohio 14. apríl. Hann gerir sér samt grein fyrir því að það mun ekki verða af því enda talar hann aldrei við Rose. „Hann hatar mig. Það eru margar ástæður fyrir því og ég veit ekki hverjar þær allar eru,“ sagði Slash, sem gefur út sína aðra sólóplötu, Apocalyptic Love, 21. maí.**



**SLASH** Gítarleikarinn telur að söngvari Axl Rose hati sig.





VÍNBÚÐIRNAR
Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU OG AKUREYRI
UM PÁSKANA

| | |
|---|---|
| Miðvikudagur 4. apríl | opið 11-19 |
| Skírdagur | LOKAÐ |
| Föstudagurinn langi | LOKAÐ |
| Laugardagur 7. apríl | opið 11-18 |
| Páskadagur | LOKAÐ |
| Annar í páskum | LOKAÐ |

OPIÐ Í DAG
10-20
SKEIFAN
DALVEGUR | SKÚTUVOGUR



Kynntu þér páskaopnun allra Vínbúða á vinbudin.is
eða á farsímavef okkar m.vinbudin.is.

VÍNBÚÐIN



**8 MILLJARÐA ÍSLENSKRA KRÓNA** er húsið, sem Katy Perry fær við skilnaðinn við Russell Brand metið á, en húsið er í Los Angeles.

# Transkona má vera með í Miss Universe

Transkonunni Jennu Talackova hefur verið heimilað að taka þátt í úrslitakeppni Miss Universe í Kanada. Aðstandendur keppninnar höfðu vísað Talackova úr keppni fyrir viku, eftir að upp komst að hún fæddist strákur. Í yfirlýsingu frá keppninni segir að Talackova fái að taka þátt, fylgi hún reglum keppninnar.

Talackova hefur upplifað sig sem stúlku síðan hún var fjögurra ára gömul og þegar hún var 14 ára byrjaði hún í hormónameðferð. Þegar hún var 19 ára gömul gekkst hún svo undir kynleiðréttingaraðgerð en Talackova er 23 ára í dag.



**FÆR AÐ TAKA ÞÁTT** Jenny Talackova gekkst undir kynskiptiaðgerð 19 ára gömul og tekur þátt í Miss Universe-keppninni í Kanada. Talackova er til hægri á myndinni. NORDICPHOTOS/AFP

# Fær tískuráð frá tengdó



Katrín hertogaynja af Cambridge er mikil tískufyrirmynd og allt sem hún klæðist rýkur úr hillum búðanna. Tengdafaðir hennar, Karl Bretaprins, hefur tekið eftir þessari þróun og vill nú að hún klæðist fatnaði frá breska fatahönnuðinum Harry Tweed en merkið er í miklu uppáhaldi hjá prinsinum. Fyrirtækið þarf að bæta sölu á alþjóðlegum markaði og bíður nú í ofvæni eftir að hertogaynjan klæðist fatnaði frá þeim.

„Með því að klæðast fötum frá Harry Tweed er hertogaynjan ekki bara að aðstoða breskan fatahönnuð, heldur að hjálpa heilli vinnustofu sem þarf á hjálp að halda. Ég hef heyrt að prinsinn ætli sér að tala við Katrínu og við megum því búast við að sjá hana klæðast Tweed á opinberum vettvangi með vorinu," segir ónefndur heimildarmaður við Daily Express.

# Fetar í fótspor stórstjarna

**Söngvarinn Daníel Óliver vinnur nú að því að koma sér á framfæri í mekka popptónlistarinnar, Svíþjóð.**



**NÝTT LAG VÆNTANLEGT** Daníel Óliver bætir nýju lagi í safnið, en áður hefur hann meðal annars gefið út lögin Dr. Love, Superficial og Takin it back

„Þetta er fyrsta lagið sem ég tek upp síðan ég flutti hingað til Svíþjóðar. Það er mikið í gangi og ég hef verið að fá jákvæð viðbrögð frá upptökustjórum hérna, svo ég er mjög spenntur fyrir næstu misserum," segir söngvarinn Daníel Óliver sem lauk nýlega við upptökur á nýjasta lagi sínu, DJ Blow My Speaker.

Lagið var tekið upp í Telegram-hljóðverinu þar sem stórstjörnurnar Cher, Christina Aquilera og Robyn hafa meðal annars tekið upp plötur sínar. Það er samið af Daníel sjálfum, í samvinnu við Örlyg Smára og Karl Batterbee, og er væntanlegt í spilun í byrjun sumars.

„Svo er von á tveimur lögum í viðbót á næstunni en ég er að fara að taka upp með sænsku upptökustjórunum Rob Curti og Erik Gold," segir Daníel, en þeir kappar hafa meðal annars unnið með stjörnum á borð við Rihönnu og Miley Cyrus.

Daníel Óliver olli töluverðu fjaðrafoki á dögunum með viðtali sem birtist við hann í DV þar sem hann var sagður telja sig verða fyrir fordómum vegna fegurðar sinnar. Aðspurður um greinina getur Daníel ekki annað en hlegið.

„Já, ég frétti að Auddi og Sveppi hefðu gert heilan þátt um þetta. Sem talsmaður fallega fólksins frá Íslandi hlæ ég bara að vitleysunni sem þessi grein olli," segir hann sposkur.

Lífið leikur við Daníel í Svíþjóð. „Ég er búinn að koma mér vel fyrir hérna í Stokkhólmi. Ég er með langtíma leigusamning á íbúð í miðbænum og fasta vinnu svo ég stefni á að vera hér áfram, en svo er nú aldrei að vita hvað gerist næst," segir Daníel Óliver kátur í bragði. - trs






**ORÐIN GRÆNMETISÆTA** Söngkonan Adele hefur tekið upp heilbrigðara líferni. NORDICPHOTOS/GETTY

# Tekur lífernið í gegn

Söngkonan Adele og kærasti hennar, Simon Konecki, hafa tekið mataræði sitt í gegn og gerðust nýverið grænmetisætur.

Hin hæfileikaríka söngkona og kærasti hennar ákváðu í sameiningu að taka upp heilsusamlegra líferni og fara þau daglega út að hlaupa með hundinn Louie.

„Adele og Simon eru óaðskiljanleg. Þau hafa tekið líferni sitt í gegn og hafist handa við að skipuleggja framtíð sína saman," hafði The Mail eftir innanbúðarmanni.



**KLÆÐIR SIG UPP** Salma Hayek hefur gaman af því að hafa sig til fyrir eiginmann sinn. NORDICPHOTOS/GETTY

# Fer eftir Parísartískunni

Leikkonan Salma Hayek býr í París og kveðst fylgja franskri tísku. Hún segist einnig hafa gaman af því að hafa sig til fyrir eiginmann sinn, milljarðamæringinn François-Henri Pinault.

„Þrátt fyrir að við hjónin förum sjaldan út finnst mér gaman að hafa mig til fyrir hann. Sumir karlmenn taka ekki eftir því í hverju þú ert, og það er í lagi, en François gerir það," sagði Hayek um eiginmanninn.



**BREYTT** Kate Winslet segir margt hafa breyst síðan hún lék í Titanic. NORDICPHOTOS/GETTY

# Segir Leo vera feitan

**Leikkonan Kate Winslet hefur verið dugleg að kynna Titanic 3D í fjölmiðlum og hefur látið ýmislegt misjafnt flakka í tilefni þess. Leikkonan hefur meðal annars kallað mótleikara sinn feitan.**

**Winslet segir margt hafa breyst frá því Titanic var fyrst frumsýnd, þar á meðal ásýnd Leonardos DiCaprio. „Við lítum allt öðruvísi út í dag. Við erum bæði eldri, Leo er 37 ára og ég 36. Við vorum ekki nema 22 og 21 árs gömul þegar við lékum í myndinni. Hann er feitari núna og ég er grennri," sagði Winslet um vin sinn og mótleikara.**

# Hress skilnaðarplata frá drottningu poppsins

Tónlist ★★★★☆

**MDNA**

Madonna

MDNA er tólfta plata Madonnu og sú fyrsta síðan Hard Candy kom út fyrir fjórum árum. Þetta er líka fyrsta platan hennar síðan hún skildi við Guy Ritchie. Það kemur ekkert á óvart að MDNA sé dúndrandi danstónlistarplata. Allar plötur Madonnu síðan Ray of Light kom út árið 1998 hafa verið nánast hreinræktaðar danstónlistarplötur, ef frá er talin fyrrnefnd Hard Candy sem var unnin með heitustu hip-hop upptökustjórum þess tíma, Timbaland og Neptunes. Hard Candy var frekar misheppnuð, þó að hún ætti sína spretti. MDNA er hins vegar fín Madonnuplata.

Madonna hefur alltaf verið lunkin í því að velja sér samstarfsfólk og hún klikkar ekkert á því á MDNA. Á meðal þeirra sem sjá um taktana á plötunni eru Bretinn William Orbit, sem gerði Ray of Light með henni, ítölsku frændurnir Marco „Benni" Benassi og Allessandro „Alle" Benassi og Frakkinn Martin Solveig. Madonna fær líka hjálp frá tveimur af heitustu kvenpoppstjörnum dagsins í dag, Nicki Minaj og M.I.A.

Eins og áður segir er þetta fín Madonnuplata. Lögin eru mörg ágæt og Madonna á líka fína spretti í textunum. I Don't Give A er uppgjör við eiginmanninn fyrrverandi og skilnaðartextarnir eru fleiri. Ýktastur er textinn við lagið Gang Bang sem er hefndarfantasía með tilheyrandi skothljóðum („I'm Gonna Shoot Him in the Head Again/Die Bitch!")… Þó að Madonna sé orðin 53 ára þá er hún greinilega enn alveg til í að vera slæma stelpan. Í I'm a Sinner syngur hún „I'm a Sinner/and I Like It That Way" og nafnið á plötunni, MDNA virkjar nokkrar tengingar. Það er einhvers konar stytting á Madonna (M DNA kannski?), en líka mjög líkt MDMA, sem er skammstöfun fyrir alsælu…

MDNA er ekkert byltingarkennd, enda gerir maður ekki þær kröfur til Madonnu. Hún er heldur ekki fullkomin, en þetta er vel unnin og skemmtileg plata sem virkar best spiluð á fullu blasti í góðum græjum.

**Trausti Júlíusson**

**Niðurstaða:** Poppdrottningin er ekki tilbúin að gefa titilinn frá sér alveg strax.





**Fermingargjöf Arion banka**

Þegar stórum áfanga er náð er mikilvægt að huga að framtíðinni. Arion banki leggur til 5.000 kr. mótframlag ef 30.000 kr. eða meira eru lagðar inn á Framtíðarreikning. Framtíðarreikningur gefur hæstu vexti almennra verðtryggðra sparnaðarreikninga bankans og er því áhugaverð leið fyrir ungt fólk sem vill byrja að undirbúa framtíðina.

**Láttu gjöfina taka vaxtarkipp hjá okkur.**

arionbanki.is – 444 7000

Arion banki



**FARSI** Kunnugleg leikhúsófreskja traðkar á Carnage um miðbik myndarinnar.

# Farsaskrímslið snýr aftur

Bíó ★★☆☆☆

**Carnage**

Leikstjórn: Roman Polanski

**Leikarar:** Jodie Foster, John C. Reilly, Kate Winslet, Christoph Waltz

Tveir 11 ára piltar lumbra hvor á öðrum og tennur hljóta skaða af. Foreldrar drengjanna hittast í heimboði til að ræða málin en andrúmsloftið er þvingað og siðprýði fullorðna fólksins ristir ekki sérlega djúpt.

Fyrr en varir er allt komið í háaloft og ásakanirnar fljúga þvert yfir betri stofuna ásamt túlípönum og ælu.

Carnage er byggð á leikriti eftir franska skáldið Yasmina Reza og það er hinn réttilega umdeildi Roman Polanski sem segir kött. Lengra nær listrænn metnaður leikstjórans ekki að þessu sinni, og fyrir vikið skortir myndina sárlega þessa óskilgreindu en ómissandi bíótöfra sem kvikmynduð leikrit verða að innihalda til að vera ómaksins virði.

Þetta er þó ekki alslæmt enda sannkallað stórskotalið leikara í helstu hlutverkum. Foster og Reilly eru gestgjafarnir og foreldrar tannbrotaþolans, en ósamstíga hjónin Winslet og Waltz eru á hraðferð og virðast stefna hraðbyri í uppeldislega uppgjöf. Framan af fá allir leikarar að láta ljós sitt skína og mest gustar af þeim Foster og Waltz, en um miðbik mætir kunnugleg leikhúsófreskja, sjálft farsaskrímslið, og fær óáreitt að traðka á öllu saman.

Af þessum orðum mínum má skilja að ég hafi ímugust á farsanum sem slíkum, en svo er ekki. En hann er vandmeðfarinn og í Carnage er hann fyrirsjáanlegur og þreytandi. Sem er sorglegt því hér skortir ekki hæfileikafólkið, hvorum megin myndavélar sem leitað er.

**Haukur Viðar Alfreðsson**

**Niðurstaða:** Lofar góðu en missir dampinn fljótt.


midi.is
Miðasala og nánari upplýsingar

LAUGARÁS BÍÓ
Gleðilega páska
OPIÐ ALLA PÁSKANA




Tilboð í bíó. Gildir á allar sýningar merktar með rauðu.

| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar |
|---|---|
| AMERICAN PIE: REUNION | 5.45, 8, 10.20 |
| LORAX 3D ISL TAL | 2, 4, 6 |
| LORAX 2D ISL TAL | 2, 4 |
| LORAX 2D ENS TAL | 4 |
| HUNGER GAMES | 7, 10 |
| SVARTUR Á LEIK | 8, 10.15 |

SAMBÍÓIN SAMbio.is




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | | |
|---|---|---|---|
| AMERICAN PIE | KL. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:20 | 2D | 12 |
| AMERICAN PIE VIP | KL. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:20 | 2D | VIP |
| WRATH OF THE TITANS | KL. 5:50 - 8 - 10:10 | 3D | 12 |
| WRATH OF THE TITANS | KL. 10:40 | 2D | 12 |
| GONE | KL. 5:50 - 8 - 10:10 | 2D | 12 |
| FRIENDS WITH KIDS | KL. 8 - 10:20 | 2D | 12 |
| JOHN CARTER | KL. 5:20 - 8 | 2D | 7 |
| PÁSKATILBOÐ KR.450 | | | |
| THE MUPPETS MOVIE | KL. 3:20 | 2D | L |
| DÝRAFJÖR M/ ÍSL TALI | KL. 3:40 | 2D | 7 |
| JOURNEY 2 | KL. 3:20 | 2D | L |
| FJÖRFISKARNIR M/ ÍSL TALI | KL. 3:40 | 2D | L |
| HUGO MEÐ TEXTA | KL. 5:30 | 2D | 10 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | | |
|---|---|---|---|
| TITANIC 3D ÓTEXTUÐ | KL. 5 | 3D | L |
| WRATH OF THE TITANS | KL. 8 - 10:10 | 3D | 12 |
| FRIENDS WITH KIDS PÁSKATILBOÐ 450 KR | KL. 6 | 2D | 12 |
| JOHN CARTER | KL. 8 - 10:10 | 2D | 12 |
| | | | 7 |

SAMBÍÓIN SELFOSS

| | | |
|---|---|---|
| WRATH OF THE TITANS | KL. 8 - 10:10 | 12 |
| SVARTUR Á LEIK | KL. 8 - 10:10 | 16 |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | | |
|---|---|---|---|
| TITANIC ÓTEXTUÐ | KL. 4 - 8 | 3D | L |
| WRATH OF TITANS | KL. 1:30 - 5:40 - 8 - 10:20 | 3D | 12 |
| GONE | KL. 10:20 | 2D | 12 |
| PROJECT X | KL. 5:50 - 8 - 10:10 | 2D | 16 |
| JOHN CARTER | KL. 5:10 | 2D | 7 |
| FRIENDS WITH KIDS | KL. 8 | 2D | 12 |
| JOURNEY 2 | KL. 1:30 - 3:30 | 2D | L |
| FRÍÐA OG DÝRIÐ | KL. 1:30 | 3D | L |
| PRÚÐULEIKARARNIR | KL. 3:30 | 2D | L |
| FJÖRFISKARNIR | KL. 1:30 - 3:30 | 3D | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | | |
|---|---|---|---|
| WRATH OF THE TITANS | 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10 | 3D | 12 |
| GONE | KL. 8 - 10:10 | 2D | 12 |
| THE LORAX- 3D M/ ÍSL TALI | KL. 4 - 6 | 3D | L |
| THE LORAX M/ ÍSL TALI | KL. 4 - 6 | 2D | L |
| THE LORAX M/ ENSKU. TALI | KL. 8 | 2D | L |
| PROJECT X | KL. 10 | 2D | 16 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | | |
|---|---|---|---|
| AMERICAN PIE : REUNION | KL. 8 | 2D | 12 |
| WRATH OF THE TITANS | KL. 10:20 | 3D | 12 |
| FRIENDS WITH KIDS | KL. 8 | 2D | 12 |
| SVARTUR Á LEIK | KL. 10 | 2D | 12 |

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ midi.is




SMÁRABÍÓ — GLERAUGU SELD SÉR — 5%

| | | |
|---|---|---|
| TITANIC 3D ÓTEXTUÐ | KL. 4 - 8 | 10 |
| TITANIC 3D ÓTEXTUÐ LÚXUS | KL. 4 | 10 |
| AMERICAN PIE: REUNION | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| AMERICAN PIE: REUNION LÚXUS | KL. 8 - 10.30 | 12 |
| LORAX – ÍSLENSKT TAL 2D | KL. 3.30 | L |
| LORAX – ÍSLENSKT TAL 3D | KL. 3.30 – 6 | L |
| HUNGER GAMES | KL. 5 - 8 - 11 | 12 |
| SVARTUR Á LEIK | KL. 8 - 10.30 | 16 |

OPIÐ ALLA PÁSKANA - GLEÐILEGA PÁSKA

HÁSKÓLABÍÓ — NÁNAR Á MIÐI.IS — 5%

| | | |
|---|---|---|
| TITANIC 3D ÓTEXTUÐ | KL. 5 - 9 | 10 |
| AMERICAN PIE: REUNION | KL. 8 - 10.30 | 12 |
| LORAX – ÍSLENSKT TAL 3D | KL. 6 | L |
| HUNGER GAMES | KL. 6 - 9 | 12 |
| SVARTUR Á LEIK | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 16 |

BORGARBÍÓ — NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| HUNGER GAMES | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| AMERICAN PIE: REUNION | KL. 6 | L |
| SVARTUR Á LEIK | KL. 8 - 10 | 16 |

Páska, barna og Fjölskyldu bíó
450 kr. í Sambíóin um páskana á valdar fjölskyldumyndir um helgina og alla páskana




SÝNINGARTÍMAR SÉRMERKTIR Í DAGLEGUM AUGLÝSINGUM SAMBÍÓA EINNIG Á HTTP://PASKAR.SAMBIO.IS
SAMbio.is SAMBÍÓIN

SPAR BÍÓ
MERKTAR MEÐ GRÆNU OG APPELSÍNUGULU Í BÍÓAUGLÝSINGUM SAMBÍÓA KR. 1000 Á GRÆNT OG KR. 750 Á APPELSÍNUGULT




SAMbio.is

Sími: 553 2075 LAUGARÁS BÍÓ - bara lúxus
Ódýrt í bíó




LAUGARÁS BÍÓ TILBOÐ Á FYRSTU SÝNINGAR DAGSINS

BÍÓ ★ PARADÍS

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS
CAFÉ/BAR, opið 17-23 / www.bioparadis.is / midi.is ■ Hluti af Europa Cinemas

**MIÐVIKUDAGUR:** **CARNAGE 18:00, 20:00, 22:00** ■ **AMMA LO-FI 18:00, *20:00*, 22:00** ■ MARGIN CALL 17:50, 20:00, 22:10 ■ *BLACK'S GAME (SVARTUR Á LEIK) 17:40, 20:00, 22:20*
ÍSL. TEXTI *ENG. SUBS*

**SKÓLANEMAR:** 25% afsláttur gegn framvísun skírteinis!
Sami afsláttur fyrir öryrkja og eldri borgara.



# Eurovision of dýrt

Þátttaka Kýpur í Eurovision-söngvakeppninni í Bakú í maí stendur nú völtum fótum.

Eftir að árleg fjárhagsáætlun ríkissjónvarpsins á Kýpur, sem kostar þátttökuna í keppninni, var ekki samþykkt á fundi fyrir nokkrum dögum hefur sprottið upp vafi á því hvort fjármagn fáist til að senda Ivi Adamou og hóp hennar til Aserbaídsjan. Stjórnvöld hafa frestað umræðum um áætlunina þar til í næstu viku.

Ivi og félagar virðast þó hafa litlar áhyggjur af þessu smávægilega bakslagi. Söngkonan sendi í það minnsta frá sér skilaboð á Twitter þar sem hún fullvissaði aðdáendur sína um það að allt færi þetta vel og óþarfi væri að hafa nokkrar áhyggjur.



**FJÁRMAGNSÖRÐUGLEIKAR** Kýpverska ríkissjónvarpið gæti átt í erfiðleikum með að fjármagna þátttöku Ivi Adamou í Eurovision.

# Vill leika Houston

Rihanna hefur lýst yfir áhuga á að leika söngkonuna Whitney Houston verði kvikmynd um ævi hennar einhvern tímann gerð.

„Ég mundi leggja allt undir til að geta skilað hlutverkinu af mér með sóma. Þetta er risarulla og sú sem tekur hana að sér verður að standa sig vel," sagði söngkonan í viðtali við The Press Association. Jennifer Hudson, Vivica Fox og Jordin Sparks þykja einnig koma til greina sem Houston.

„Fyrsta lagið sem ég heillaðist af var með Whitney Houston, I Will Always Love You. Lagið veitti mér innblástur og er í raun ástæðan fyrir því að ég lagði fyrir mig söng," segir Rihanna sem þreytir frumraun sína á hvíta tjaldinu í kvikmyndinni Battleship.



**VILL LEIKA HOUSTON** Rihanna vill fara með hlutverk Whitney Houston verði kvikmynd um ævi söngkonunnar gerð. NORDICPHOTOS/GETTY

# James Bond hefur leika

**James Bond mun setja Ólympíuleikana sem fara fram í London í sumar. Það er leikarinn Daniel Craig sem hefur farið með hlutverk Bonds í síðustu kvikmyndunum um njósnara hennar hátignar.**

**Samkvæmt The Guardian hafa leikstjórinn Danny Boyle og Daniel Craig unnið náið með Bretlandsdrottningu að stuttmyndinni The Arrival sem fjallar um nýjasta verkefni Bonds; að setja Ólympíuleikana. Í myndinni ferðast Bond frá Buckingham-höll að Ólympíuleikvellinum og búast má við að innkoma hans á völlinn verði töff að hætti Bonds.**



**SETUR LEIKANA** James Bond mun að öllum líkindum setja Ólympíuleikana sem fara fram í London.



**HREINSKILIN BÖRN** Madonna segir börnin sín vera óvægin í gagnrýni sinni á tónlist hennar. NORDICPHOTOS/GETTY

# Gagnrýna Madonnu

Madonna segir börnin sín fjögur vera óvægin í gagnrýni sinni á tónlist hennar. Söngkonan segir gagnrýnina stundum særa hana að innstu hjartarótum.

Madonna á börnin Lourdes, Rocco, Mercy og David og segir hún þau vera harða gagnrýnendur. „Þau eru óþægilega hreinskilin þegar þeim líkar tónlistin mín ekki. Þau eru algjörlega taktlaus í gagnrýni sinni. Þau segja einfaldlega: „Mamma, slökktu á þessu lagi." Það getur verið særandi en þau eru í það minnsta hreinskilin," sagði söngkonan um börnin.



# sport

sport@frettabladid.is



**HEIÐAR HELGUSON** spilaði með varaliði QPR í 2-1 tapi fyrir varaliði West Ham í gær. Hann hefur verið lengi frá vegna meiðsla í nára en síðast spilaði hann með aðalliðinu í lok janúar. DJ Campbell og Djibril Cisse spiluðu einnig með QPR í gær.



**FAGNAÐ** Stelpurnar okkar fagna vonandi mörkum í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Stelpurnar í eldlínunni í dag:

## Afar mikilvægur leikur

**FÓTBOLTI** Íslenska kvennalandsliðið sækir Belgíu heim í dag í afar mikilvægum leik í undankeppni EM.

Íslenska liðið á toppnum með 13 stig eftir fimm leiki en Belgía í öðru sæti með 11 stig eftir sex leiki. Noregur kemur svo þar á eftir með 9 stig eftir fimm leiki.

Sigur í dag myndi fara langt með að fleyta íslenska liðinu inn á EM en það verður ekki auðvelt eins og íslenska liðið fékk að reyna í fyrri leik liðanna sem lyktaði með markalausu jafntefli.

„Þetta er mjög mikilvægur leikur. Allar stelpurnar eru heilar og við náum vonandi að skora gegn þeim núna,“ sagði Sigurður Ragnar Eyjólfsson landsliðsþjálfari en hvað lærði liðið af fyrri leiknum?

„Við höfum skoðað þann leik vel og hann var ekki illa spilaður og við fengum færi. Það vantaði að klára þau sem og einbeitingu. Við spilum okkar bolta áfram og eigum að vera sterkari en þær.“

Sigurður segir að það yrði ekki áfall ef liðinu mistækist að vinna leikinn en veit vel að sigur setur íslenska liðið í góða stöðu.

„Við eigum eftir að spila við Norðmenn úti í lokaleiknum og markmiðið er að vera búnar að vinna riðilinn fyrir þann leik. Þá þurfum við helst að vinna þennan leik.“ **- hbg**



**REYND** Edda Garðarsdóttir í leik með íslenska landsliðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Byrjunarlið Íslands í kvöld:

## Edda leikur 90. landsleikinn

**FÓTBOLTI** Sigurður Ragnar Eyjólfsson tilkynnti í gær byrjunarlið Íslands í leiknum gegn Belgíu í kvöld. Edda Garðarsdóttir er í byrjunarliðinu en hefur ekki spilað með liðinu síðan í maí á síðasta ári vegna meiðsla. Edda leikur í kvöld sinn 90. A-landsleik frá upphafi en aðeins fyrirliðinn Katrín Jónsdóttir á fleiri leiki að baki. Hún er á sínum stað í vörn Íslands í kvöld og leikur þá sinn 116. landsleik.

Þær Sif Atladóttir og Dagný Brynjarsdóttir koma aftur inn í liðið eftir meiðsli en þær misstu af æfingamótinu á Algarve í Portúgal í síðasta mánuði, rétt eins og Edda. **- esá**

**Byrjunarlið Íslands:**

| | |
|---|---|
| Þóra B. Helgadóttir | markvörður |
| Rakel Hönnudóttir | hægri bakvörður |
| Katrín Jónsdóttir | miðvörður |
| Sif Atladóttir | miðvörður |
| Hallbera G. Gísladóttir | vinstri bakvörður |
| Edda Garðarsdóttir | miðjumaður |
| Sara Björk Gunnarsdóttir | miðjumaður |
| Dagný Brynjarsdóttir | miðjumaður |
| Fanndís Friðriksdóttir | hægri kantur |
| Hólmfríður Magnúsdóttir | vinstri kantur |
| Margrét Lára Viðarsdóttir | sóknarmaður |



**EINBEITTUR** Vignir Svavarsson skýtur að marki í hraðaupphlaupi í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Viðvörunarbjöllur klingja

**Strákarnir okkar gerðu pínlegt jafntefli, 34-34, gegn B-liði Noregs í gær. Leikurinn alls ekki nógu góður og þá sérstaklega varnarleikurinn. Hann þarf að laga, sem og hugarfar leikmanna, ef liðið ætlar að komast á Ólympíuleikana.**

**HANDBOLTI** „Vörnin var alls ekki nógu góð hjá okkur. Svo gengur okkur illa að glíma við það er þeir keyra á okkur hraða miðju en þeir skora 15 slík mörk í leiknum. Tæknifeilarnir líka allt of margir og við oft að kasta frá okkur boltanum á fáránlegan hátt. Þetta tvennt var alls ekki nógu gott,“ sagði Guðmundur Guðmundsson landsliðsþjálfari eftir leikinn.

Það verður ekki sagt að Norðmenn hafi mætt til leiks með sterkt lið til leiks enda vantaði nánast heilt byrjunarlið af lykilmönnum hjá Noregi og mörg óþekkt andlit mætt til leiks. Íslenska liðið aftur á móti gríðarsterkt enda búið að endurheimta þá Ólaf Stefánsson og Snorra Stein Guðjónsson.

### Stemningar- og andleysi

Íslenska liðið virtist ekki hafa mikinn áhuga á því að spila við B-lið Noregs framan af því stemningar- og andleysi einkenndi leik liðsins. Ungu Norðmennirnir voru aftur á móti til í að sýna sig fyrir þjálfaranum og nýttu sér slakan leik íslenska liðsins. Þeir héngu í okkar mönnum nær allan hálfleikinn og munaði aðeins þrem mörkum í hálfleik, 18-15. Ef Magnus Dahl hefði varið eitthvað í norska markinu hefði staðan líklega verið jöfn.

Ekki tók við mikið betra í síðari hálfleik. Sama andleysið var yfir liðinu og þá sérstaklega í varnarleiknum. Norðmenn gengu á lagið og náðu mest þriggja marka forskoti er stundarfjórðungur lifði leiks. Þá ákváðu íslensku strákanir að rífa sig upp. Þeir komu til baka, komust yfir en misstu svo aftur niður forskotið. Þeir fengu tækifæri til að klára leikinn í lokin en allt kom fyrir ekki. Frekar pínlegt jafntefli niðurstaðan.

Sóknarleikur íslenska liðsins var líkt og oftast í fínu lagi og það er fínt að skora 34 mörk. Varnarleikurinn var aftur á móti hreinasta hörmung nær allan leikinn og strákarnir verða að vera miklu einbeittari ef þeir ætla ekki að lenda illa í því í Króatíu.

### Fengu gula spjaldið

Til þess að komast á Ólympíuleikana þarf Ísland að leggja tvö lið að velli sem eru fyrir fram mun slakari en íslenska liðið. Rétt eins og þetta B-lið Noregs. Ef menn gæta ekki að sér og mæta almennilega stemmdir til leiks í leikina gegn Síle og Japan í Króatíu þá gæti farið illa. Það má því segja að viðvörunarbjöllurnar klingi eftir þennan leik og strákarnir fara út með gula spjaldið. Þeir vita nú vel hvað getur gerst ef þeir mæta ekki tilbúnir.



**ÁHYGGJUFULLUR** Guðmundur Guðmundsson fylgist með á hliðarlínunni í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Þessi leikur er viðvörun fyrir okkur. Það er ekkert gefið í þessum bransa. Það er ekki hægt að fara í verkefnin af hálfum hraða. Ég held að menn verði tilbúnari þegar út í alvöruna kemur og við getum lagað það sem aflaga fór í þessum leik,“ sagði Guðmundur sem var samt sáttur við sóknarleikinn. **henry@frettabladid.is**

## ÚRSLIT

*Landsleikur í handbolta*

**Ísland - Noregur 34-34 (18-15)**

**Mörk Íslands (skot)**: Guðjón Valur Sigurðsson 8/1 (11/1), Snorri St. Guðjónsson 6 (8/1), Ásgeir Örn Hallgrímsson 4 (5), Aron Pálmarsson 4 (10), Vignir Svavarsson 3 (4), Róbert Gunnarsson 3 (5), Ólafur Stefánsson 3 (6), Rúnar Kárason 2 (2), Arnór Atlason 1 (2), Þórir Ólafsson (2).
**Varin skot**: Björgvin Páll Gústavsson 12 (39, 31%), Aron Rafn Eðvarðsson 2 (9, 22%).
**Hraðaupphlaup**: 7 (Guðjón Valur 3, Snorri Steinn 1, Ásgeir Örn 1, Vignir 1, Rúnar 1)
**Fiskuð víti**: 2 (Guðjón Valur 1, Vignir 1)
**Utan vallar**: 12 mínútur.
**Markahæstir hjá Noregi**: Bjørnsen 5, Myrhol 5, Tønnesen 5, Klev 5, Hippe 4, Lie Hansen 4.
**Varin skot**: Medhus 9, Dahl 3.
**Hraðaupphlaup**: 7. **Fiskuð víti**: 1
**Utan vallar**: 6 mínútur.

*Meistaradeild Evrópu*

**FJÓRÐUNGSÚRSLIT**

**Barcelona - AC Milan 3-1**
1-0 Lionel Messi, víti (11.), 1-1 Antonio Nocerino (32.), 2-1 Messi, víti (41.), 3-1 Andres Iniesta (53.)
Barcelona vann samanlagt, 3-1.

**Bayern München - Marseille 2-0**
1-0 Ivica Olic (13.), 2-0 Ivica Olic (37.).
Bayern München vann samanlagt, 4-0.



**ÞRÍR VINIR** Xavi, Iniesta og Messi fagna marki í gær. NORDIC PHOTOS/GETTY

Meistaradeild Evrópu í gær:

## Barcelona og Bayern áfram

**FÓTBOLTI** Lionel Messi bætti enn í markasarpinn sinn þegar að Barcelona tryggði sér sæti í undanúrslitum Meistaradeildarinnar með 3-1 sigri á AC Milan. Messi skoraði tvívegis, í bæði skiptin úr vítaspyrnu í fyrri hálfleik.

Messi hefur nú skorað fjórtán mörk í Meistaradeildinni á tímabilinu sem er met. Alls hefur hann skorað 51 mark í keppninni og er orðinn þriðji markahæsti leikmaðurinn í sögu keppninnar. Hann varð jafnframt sá yngsti til að komast yfir 50 mörk.

Bayern München lenti ekki í vandræðum gegn Marseille og tryggði sæti sitt í undanúrslitunum með samanlögðum 4-0 sigri. **- esá**

Lokaúrslit Iceland Express-deildar kvenna í körfubolta hefjast í kvöld í Ljónagryfjunni í Njarðvík:

# Haukar aldrei tapað – Njarðvík aldrei unnið

**KÖRFUBOLTI** Lokaúrslitin um Íslandsmeistaratitil kvenna hefjast í kvöld í Ljónagryfjunni þegar bikarmeistarar Njarðvíkur taka á móti Íslandsmeistarabönunum í Haukum. Liðin enduðu í öðru og fjórða sæti deildarinnar og slógu Snæfell og Keflavík út úr undanúrslitunum.

Liðin hafa átt mismundi gengi að fagna í úrslitaeinvíginu um Íslandsmeistaratitilinn. Haukaliðið hefur þrisvar sinnum áður komist alla leið í úrslitin og í öll þrjú skiptin unnið titilinn. Njarðvíkurliðið komst í úrslitin í fyrsta sinn í fyrra en tapaði þá 3-0 á móti Keflavík. Á sama tíma og Haukakonur hafa unnið 9 af 12 leikjum sínum í lokaúrslitum en Njarðvíkurkonur bíða enn eftir sínum fyrsta sigri.

Haukaliðið hefur verið í miklum ham og eru ósigraðar síðan að liðið fékk bandaríska miðherjann Tierny Jenkins. Haukar urðu aftur á móti fyrir miklu áfalli í öðrum leiknum á móti Keflavík þegar tveir byrjunarliðsleikmenn liðsins slitu krossband, stigahæsti íslenski leikmaðurinn Íris Sverrisdóttir og fyrirliðinn Guðrún Ósk Ámundadóttir. Liðið rassskellti Keflavík reyndar án þeirra í þriðja leiknum en fékk þá aðeins 3 stig af bekknum og fá lið mega við því að missa tvo lykilmenn á þessum tímapunkti.

Njarðvíkurkonur eru því kannski sigurstranglegri enda reynslunni ríkari frá því í fyrra. Sverrir Þór Sverrisson, þjálfari Njarðvíkur, er að fara með kvennalið í fjórða sinn í úrslit en lið hans (Keflavík 2004-2006) og Njarðvík síðustu tvö tímabil hafa alltaf farið alla leið í úrslitaeinvígið. Sverrir Þór gerði Keflavík að meisturum 2005 en hefur fengið silfur í tvö síðustu skipti, 2006 með Keflavík og 2011 með Njarðvík.



**TVÆR GÓÐAR** Shanae Baker-Brice úr Njarðvík og Jence Ann Rhoads úr Haukum.

Liðin hafa ekki mæst síðan að Tierny Jenkins kom til Hauka en það er eflaust enn í fersku minni hjá leikmönnum liðanna þegar liðin mættust í undanúrslitum bikarsins um miðjan febrúar. Njarðvík vann þá tveggja stiga sigur, 75-73, í framlengdum leik þar sem lokakarfa Hauka var dæmd ógild af því að tíminn var runninn út.

Óvissan í kringum brotthvarf Írisar og Guðrúnar þýðir að það erfitt er að spá í hvernig liðin passa nú upp á móti hverju öðru og hvaða þýðingu fjórir sigrar Njarðvíkur í innbyrðisleikjum liðanna hafi. Það bíða því allir spenntir eftir fyrsta leiknum sem hefst klukkan 19.15 í Njarðvík í kvöld. **- óój**

# PÁSKAKILJAN ÞÍN

Dásamlegt frí framundan með góðri bók og súkkulaðimola.




Stella Blómkvist er söm við sig, eitilhress og harðsoðin, ratar vel um undirheima samfélagsins.

Verð kr. 2.699
Kynningarverð kr. 2.499




James Patterson býður hér upp á dramatísk átök og óbærilega spennu sem aldrei fyrr.

Verð kr. 2.699
Kynningarverð kr. 2.499




Verð kr. 2.699
Kynningarverð kr. 2.499




Verð kr. 2.699
Kynningarverð kr. 2.499

APRÍL
Eymundsson
BÓK MÁNAÐARINS




Verð kr. 2.699
TILBOÐ kr. 2.299




Verð kr. 2.699
TILBOÐ kr. 2.499




Verð kr. 2.699
TILBOÐ kr. 2.499

Innlit í íslenska undirheima sem þykir gefa raunsærri mynd en áður hefur sést.




Verð kr. 2.699
TILBOÐ kr. 2.499




Verð kr. 2.699
TILBOÐ kr. 2.499

Flott verk sem skrúfar á leikandi hátt fyrir þögnina um angist og þrautir þrekvaxins fólks.




Verð kr. 2.699
TILBOÐ kr. 2.499

Tilboð gildir til og með 11.04.12



5% afsláttur og lítið páskaegg með málshætti í kaupbæti þegar þú kaupir páskakiljuna þína. Skráðu þig í Vildarklúbbinn í næstu heimsókn.

Eymundsson
Bóksali frá 1872

golf

golfogveidi@frettabladid.is

**80 SÆTIÐ** á styrkleikalista atvinnukylfinga vermdi Charl Schwartzel fyrir Masters-mótið í apríl í fyrra. Þessi lítt þekkti suður-afríski kylfingur bar sigur úr býtum en Mastersmótið verður spilað yfir páskahelgina. Aðeins 14 högg undir pari dugðu Schwarzel til sigurs, sem var tveimur höggum minna en ástralska tvíeykið Adam Scott og Jason Day náðu í öðru til þriðja sæti.

# Sumarflatirnar í lygilega góðu ástandi

**Það er mikið að gerast hjá Golfklúbbi Grindavíkur um þessar mundir. Í sumar verða fimm nýjar holur opnaðar auk þess sem verið er að byggja nýjan golfskála. Völlurinn kemur ótrúlega vel undan vetri og er ástandið á flötunum eins og best gerist á sumri til.**



**12. FLÖT** Flatirnar hjá Golfklúbbi Grindavíkur koma ótrúlega vel undan vetri.



**2. BRAUT** Fimm nýjar brautir verða teknar í notkun á Húsatóftavelli um miðjan júní eða í byrjun júlí. MYNDIR/JÓN JÚLÍUS KARLSSON

„Völlurinn er í lygilega góðu ástandi, ég hef aldrei séð flatirnar svona góðar í mars. Það er búið að valta þær og það er eins og við séum að spila í maí,“ segir Jón Júlíus Karlsson, ritari og formaður mótanefndar Golfklúbbs Grindavíkur. Húsatóftavöllur kemur ótrúlega vel undan vetri og er mál manna að hann hafi aldrei litið betur út en nú. „Völlurinn hefur tekið vel við sér og er í raun alveg frábær. Við erum í skýjunum með hann en þetta er allt okkar frábæra vallarstjóra að þakka,“ segir Jón Júlíus.



**JÓN JÚLÍUS KARLSSON**

Þegar er búið að halda tvö mót á vellinum og voru bæði spiluð á sumarflötum. Þriðja mótið verður svo haldið á laugardaginn kemur, svokallað Skálamót en allur ágóðinn rennur til styrktar nýjum skála sem Golfklúbburinn er að byggja. „Við héldum eitt svona mót og náðum þá að niðurgreiða parketið á nýja skálann og næst á döfinni er að niðurgreiða eldhústækin,“ segir Jón Júlíus.

Aðeins hafa þrettán holur verið á Húsatóftavelli síðustu ár en um miðjan júní eða í byrjun júlí verða opnaðar fimm nýjar brautir – völlurinn verður þá fullvaxinn. „Völlurinn verður með skemmtilegri almenningsvöllum landsins eftir að við opnum nýju holurnar,“ segir Jón Júlíus. Hann segir uppganginn í golfinu í Grindavík hafa gengið vonum framar undanfarin ár. „Það eru um 220 í klúbbnum núna en þeim gæti fjölgað stíft í ár. Við erum í raun bara að biðla til fólks að ganga í klúbbinn,“ segir ritarinn en árgjaldið er um 55 þúsund krónur fyrir einstaklinga. Þá er ódýrara fyrir þá sem hafa aldrei verið í golfklúbbi og hjón fá afslátt.

Að sögn Jóns Júlíusar hefur ekki verið afreksstefna hjá Golfklúbbi Grindavíkur síðustu ár en nú á að gera bragarbót á. „Við erum búin að stofna félag betri kylfinga í GG með það að markmiði að búa til kylfinga sem verða samkeppnishæfir við þá bestu og þá hefur stjórnin lagt mikið púður í að efla unglingastarfið. Í Grindavík eru íþróttamenn í fótbolta og körfubolta sem eru meðal þeirra bestu á landinu og okkar markmið er að eiga kylfinga sem eru með þeim bestu,“ segir Jón Júlíus og nefnir þar meðal annars Davíð Arthur Friðriksson, sexfaldan klúbbmeistara. „Við gerum okkur vonir um að hann muni láta að sér kveða strax í sumar. Þetta er flottur strákur sem á mikið inni.“

kristjan@frettabladid.is



# 2 DVD OG TVEIR AF ÁTTA




## 1490.-




SNÆLAND VIDEO



**Opið alla páskana frá 10 til 23**

**Reykjavík - Kópavogur - Hafnarfjörður**

> Stöð 2 kl. 20.35

## Hannað fyrir Ísland

*Í þriðja þættinum eru hönnuðirnir sjö sem eftir eru sendir í erfiðar æfingar hjá grimmum bootcamp-þjálfara. Síðan eiga þeir að hanna heila línu af sportfatnaði sem stenst ýtrustu kröfur íþróttamanna. Gestadómari er Arnaldur Birgir Konráðsson frá Bootcamp.*



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ ATLI FANNAR BJARKASON OG RAUNVERULEIKINN

# *Eldsneyti sálarinnar*



Tveir nýir íslenskir raunveruleikaþættir eru á dagskrá sjónvarpsstöðvanna um þessar mundir. Skjár einn hefur blásið til Hæfileikakeppni Íslands og Stöð 2 hefur fengið nokkra fatahönnuði til að hanna útvistarfatnað fyrir 66°norður.

Ég er vægast sagt mjög mikill aðdáandi raunveruleikaþátta. Ég þrífst á því að sjá fólk sett í aðstæður sem það hefur ekki stjórn á. Angistin, vonbrigðin og heiftin sem einkennir þessa þætti hafa virkað sem eldsneyti á sál mína frá því ég sá fyrsta þáttinn af Survivor fyrir áratug eða svo.

Það er því gleðiefni að sjá Íslendinga framleiða raunveruleikaþætti. Báðir eru þættirnir fínir. Hannað fyrir Ísland er góður að því leyti að þar sjáum við eitthvað verða til, áður en dómarar gagnrýna og reka einn heim. Í hæfileikakeppninni leggur fólk líf sitt að veði við að framkvæma einhvers konar atriði sem eru jafn skrítin og þau eru mörg. Virkilega skemmtilegt og til eftirbreytni.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.36** Bæn **06.39** Morgunþáttur Rásar 1 **06.40** Veðurfregnir **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Tríó **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Á upplýsingaöld **14.00** Fréttir **14.03** Gullfiskurinn **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Dagbók frá Diafani **15.25** Skorningar **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Víðsjá **17.00** Fréttir **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Íslensk trúartónlist í dymbilviku **20.00** Leynifélagið **20.30** Skáld í útlegð **21.10** Út um græna grundu **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Lestur Passíusálma **22.15** Bak við stjörnurnar **23.05** Flakk **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## RÚV

**08.00 Morgunstundin okkar**
**10.18 Skólafjör** (Campus Confidential) Stelpa hefur útgáfu á skólablaði til að fletta ofan leyndarmálum vinsælu krakkanna
**11.40 Hvaleyjar** (5:12) (6:12) (Hvaler)
**13.30 Hjálpið mér að elska barnið mitt** (2:2) (Help Me Love My Baby)
**14.15 Doktor Ása** (1:8) (Dr. Åsa II) (e)
**14.45 Hvunndagshetjur** (1:6) (We Can Be Heroes) (e)
**15.55 Djöflaeyjan** (e)
**16.40 Leiðarljós** (Guiding Light)
**17.25 Í mat hjá mömmu** (3:6) (Friday Night Dinner) (e)
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Disneystundin**
**18.54 Víkingalottó**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**19.55 Útsvar** (Ísafjarðarbær - Garðabær)
**21.00 Bræður og systur** (100:109) (Brothers and Sisters)
**21.40 Meistaradeild í hestaíþróttum**
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Tommy Emmanuel** Ástralski gítarleikarinn á tónleikum í Háskólabíói í janúar
**23.35 Góðan dag, Víetnam** (Good Morning, Vietnam) Bandarísk mynd frá 1987
**01.35 Lokaspretturinn** (The Longest Yard) Bandarísk sjónvarpsmynd frá 2005
**03.25 Dagskrárlok**

## 2 BÍÓ

**08.00 Wedding Daze**
**10.00 School of Life**
**12.00 Happily N'Ever After**
**14.00 Wedding Daze**
**16.00 School of Life**
**18.00 Happily N'Ever After**
**20.00 The International**
**22.00 X-Men Origins: Wolverine**
**00.00 Delta Farce**
**02.00 Prête-moi ta main**
**04.00 X-Men Origins: Wolverine**
**06.00 Slumdog Millionaire**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 Doctors** (125:175)
**10.15 60 mínútur**
**11.00 The Big Bang Theory** (21:23)
**11.25 How I Met Your Mother** (23:24)
**11.50 Pretty Little Liars** (14:22)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Mike & Molly** (1:24)
**13.25 Til Death** (5:18)
**13.50 Ghost Whisperer** (12:22)
**14.35 The Deep End** (5:6)
**15.20 Barnatími Stöðvar 2**
**17.05 Bold and the Beautiful**
**17.30 Nágrannar**
**17.55 The Simpsons** (13.21)
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Malcolm In the Middle** (9:22)
**19.45 Better With You** (5:22)
**20.10 New Girl** (8:24)
**20.35 Hannað fyrir Ísland** (3:7) Glæsilegir nýir þættir þar sem íslenskir hönnuðir fá að spreyta sig og nýta reynslu sína í að hanna bestu útivistarflíkur sem völ er á.
**21.20 Mildred Pierce** (5:5) Þættir um unga móður sem stendur ein á báti og þarf að berjast fyrir tilveru sinni í kreppunni miklu eftir að eiginmaður hennar yfirgefur hana.
**22.40 A Walk In the Clouds** Rómantísk ævintýramynd. Ungur hermaður snýr aftur til átthaganna eftir að hafa þjónað í síðari heimsstyrjöldinni. Fyrir tilviljun hittir hann fagra dóttur vínekrueiganda sem er í mikilli úlfakreppu. Hún er þunguð og þorir ekki að mæta föður sínum ein og óstudd.
**00.20 Mið-Ísland** (2:8)
**00.50 Alcatraz** (8:13)
**01.35 NCIS: Los Angeles** (15:24)
**02.20 Rescue Me** (7:22)
**03.05 One Night with the King**
**05.05 New Girl** (8:24)
**05.30 Fréttir og Ísland í dag**

## 2 SPORT *besta sætið*

**07.00 Þorsteinn J: Meistaramörk**
**15.50 Meistaradeild Evrópu: Meistaradeildin** Endursýndur leikur
**15.50 Meistaradeild Evrópu: Meistaradeildin** Endursýndur leikur
**17.35 Þorsteinn J: Meistaramörk**
**18.00 Þorsteinn J: Upphitun**
**18.30 Meistaradeild Evrópu: Chelsea - Benfica** BEINT.
**20.45 Þorsteinn J: Meistaramörk**
**21.10 Meistaradeild Evrópu: Real Madrid - APOEL**
**23.00 The Masters** Útsending frá par 3-keppni sem haldin er daginn fyrir Masters.
**01.00 Meistaradeild Evrópu: Chelsea - Benfica**
**02.50 Þorsteinn J: Meistaramörk**

## 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**14.40 Tottenham - Swansea**
**16.30 Everton - WBA**
**18.20 Wolves - Bolton**
**20.10 Premier League Review 2011/12**
**21.05 Sunnudagsmessan**
**22.25 Football League Show**
**22.55 Man. City - Sunderland**

## 2 EXTRA

**19.00 The Doctors** (84:175)
**19.40 American Dad** (13:18)
**20.05 The Cleveland Show** (5:21)
**20.30 Mið-Ísland** (2:8)
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.50 Modern Family** (18:24)
**22.15 Two and a Half Men** (6:24) Í
**22.40 White Collar** (5:16)
**23.25 Exile**
**00.55 The Daily Show: Global Edition**
**01.30 Malcolm In the Middle** (9:22)
**01.55 Better With You** (5:22)
**02.20 American Dad** (13:18)
**02.45 The Cleveland Show** (5:21)
**03.10 The Doctors** (84:175)
**03.50 Fréttir Stöðvar 2**
**04.40 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**07.35 Matarklúbburinn** (8:8) (e)
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Dynasty** (14:22) (e)
**12.00 Jonathan Ross** (19:19) (e)
**12.50 Matarklúbburinn** (8:8) (e)
**13.15 Pepsi MAX tónlist**
**15.35 7th Heaven** (22:22) Bandarísk unglingasería þar sem Camden-fjölskyldunni er fylgt í gegnum súrt og sætt. Faðirinn Eric og móðirin Annie eru með fullt hús af börnum og hafa því í mörg horn að líta.
**16.20 Hæfileikakeppni Íslands** (1:6) (e)
**17.15 Dr. Phil**
**18.00 Solsidan** (8:10) (e)
**18.25 Innlit/útlit** (8:8) (e)
**18.55 America's Funniest Home Videos** (4:48) (e)
**19.20 Everybody Loves Raymond** (e)
**19.45 Will & Grace** (8:24) (e)
**20.10 Britain's Next Top Model** (4:14)
**20.55 The Firm** (6:22)
**21.45 Law & Order UK** (5:13)
**22.30 Jimmy Kimmel**
**23.15 Prime Suspect** (11:13) (e)
**00.05 The Walking Dead** (9:13) (e)
**00.55 The Firm** (6:22) (e)
**01.45 Everybody Loves Raymond** (e)
**02.10 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **07.10** Shell Houston Open 2012 (3:4) **11.20** Golfing World **12.10** Golfing World **13.00** Shell Houston Open 2012 (3:4) **18.00** Golfing World **18.50** Inside the PGA Tour (13:45) **19.20** LPGA Highlights (6:20) **20.40** Champions Tour - Highlights (5:25) **21.35** Inside the PGA Tour (14:45) **22.00** Golfing World **22.50** PGA Tour - Highlights (13:45) **23.45** ESPN America

## N4

**18.00** Að norðan **18.30** Áttavitinn Suðurland

## BBC entertainment

**06.10** My Family **07.40** The Inspector Lynley Mysteries **09.10** Deal or No Deal **09.45** EastEnders **10.15** Come Dine With Me **11.05** My Family **14.35** QI **15.40** Top Gear **16.35** The Graham Norton Show **17.20** Come Dine With Me **18.10** QI **19.10** Stephen Fry's 100 Greatest Gadgets **20.00** QI **21.00** Peep Show **21.30** Live at the Apollo **22.15** My Family **23.45** Stephen Fry's 100 Greatest Gadgets **00.35** QI **01.35** Peep Show **02.00** Live at the Apollo **02.45** Stephen Fry's 100 Greatest Gadgets **03.40** QI

## DR 1

**11.25** Kriminalkommissær Barnaby **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Lægerne **14.00** Kasper og Lise **14.25** Skæg med bogstaver **14.45** Sprutte-Patruljen **15.00** Pacific Paradise Police **15.50** DR Update - nyheder og vejr **16.00** Dyrehospitalet **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** Cirkusrevyen - En stor familie **17.30** Huset på Christianshavn **18.00** Kender du typen **18.30** Restaurant bag tremmer **19.00** TV Avisen **19.25** SportNyt **19.35** Adams æbler **21.10** Onsdags Lotto **21.15** Two Weeks **22.50** Taggart

## NRK 1

**13.00** NRK nyheter **13.10** Jessica Fletcher **13.55** Glimt av Norge **14.05** Ingen grenser **15.00** NRK nyheter **15.10** Norsk attraksjon **15.40** Oddasat - nyheter på samisk **15.55** Tegnspråknytt **16.00** Fjellfolk **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Påskenøtter **17.45** Påskekveld **18.15** Helt patent! **18.45** Vikinglotto **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.30** Whitechapel **21.00** Løsning påskenøtter **21.05** Kveldsnytt **21.20** Leonard Cohen - Bird on a Wire **23.05** Brenner - historier fra vårt land **23.45** Whitechapel

## svt1

**12.35** Me, Myself & Kubrick **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **14.30** Från Lark Rise till Candleford **15.30** Sverige idag **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** Go'kväll **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport **18.00** Uppdrag Granskning **19.00** Svenska dialektmysterier **19.30** Kobra **20.00** Game of Thrones **20.55** Tv-cirkeln. Game of thrones **21.10** Rapport **21.15** Kulturnyheterna **21.20** Skavlan **22.20** Folkhemmet på hjul **23.20** Rapport **23.25** Född 2010

## ÍNN

**20.00** Björn Bjarnason **20.30** Tölvur, tækni og vísindi **21.00** Fiskikóngurinn **21.30** Bubbi og Lobbi

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útvarp Saga | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 91,9 Kaninn | FM 95,7FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |




VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 SPORT INNIHELDUR 2 SPORT 2 SPORT 2 SPORT 2 SPORT 2 SPORT
512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

skemmtilegr.

# Páskarnir eru skemmtilegri með Stöð 2

Fullorðna fólkið á æsispennandi páskafrí í vændum á Stöð 2 með mögnuðum kvikmyndum og vönduðum þáttum. Unga kynslóðin fær hins vegar risastóran skammt af barnaefni af besta tagi.



**PUBLIC ENEMIES**
Johnny Depp í sannsögulegri glæpamynd.
Skírdag kl. 21:55



**INHALE**
Magnþrungin spennumynd eftir Baltasar Kormák.
Páskadag kl. 21:50



**VETURHÚS**
Stærsta björgunarafrek Íslandssögunnar.
Páskadagdag kl. 20:00



**VALKYRIE**
Tom Cruise í stórmynd um morðtilræði gegn Hitler.
Laugardaginn 7. apríl kl. 21:50



**GAME OF THRONES**
Serían sem heimurinn hefur beðið eftir. Þættirnir eru Evrópufrumsýndir á Stöð 2, aðeins nokkrum klukkustundum á eftir USA.
Annan í páskum kl. 20:55



**GREY'S ANATOMY**
Vinsælasti þáttur Stöðvar 2 er kominn aftur!
Hefst miðvikudaginn 11. apríl kl. 21:15



**COUPLES RETREAT**
Frábær rómantísk gamanmynd.
Laugardaginn 7. apríl kl. 20:00



**BLACK SWAN**
Áhrifamikil Óskarsverðlaunamynd með Natalie Portman.
Föstudaginn langa kl. 22:35

## SANNKÖLLUÐ VEISLA FYRIR BÖRNIN

TANGLED - Disney ævintýri eins og þau gerast best.
Frumsýning í sjónvarpi: SVEPPI OG DULARFULLA HÓTELHERBERGIÐ ...og frábært úrval af öðru vönduðu barnaefni á íslensku alla páskana!



**Tryggðu þér Stöð 2 um páskana í síma 512 5100 eða á stod2.is**

VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR 2 2+ 2 BÍÓ 2 BÍÓ+ 2 EXTRA 2 EXTRA+ AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR.

512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

## BESTI BITINN Í BÆNUM



*Sushi á Fiskmarkaðnum er í uppáhaldi. Ekki skemmir fyrir að deila því með góðum vinum og hafa hvítvín við hönd.*

Sigríður Heimisdóttir hönnuður.

# Hollywood sýnir Frost áhuga

Hollywood-fyrirtækið XYZ Films hefur sýnt áhuga á að endurgera íslenska spennutryllinn Frost fyrir bandarískan markað. Glæný þrjátíu sekúndna stikla úr myndinni virðist hafa heillað fyrirtækið upp úr skónum.

„Þetta er allt á byrjunarstigi,“ segir framleiðandinn Júlíus Kemp, sem viðurkennir að þetta hafi gerst furðu hratt. „En samt, allt varðandi þessa mynd hefur gerst mjög hratt. Við seldum alheimsréttinn til Trustnordisk. Við sýndum þeim þrjár senur úr myndinni og það dugði til að skrifa undir samninginn,“ segir Júlíus, sem er óvanur slíkum áhuga á íslenskri mynd. „Menn hafa einhvern veginn stokkið á þetta einn, tveir og þrír. Þessi áhugi er líka kominn til vegna þess að þetta er mjög óvenjulegt verkefni og myndefni sem við erum að sýna,“ segir hann en Frost var að stórum hluta tekin uppi á Langjökli.

Fyrirtækið XYZ framleiddi myndina The Raid sem vann áhorfendaverðlaunin á kvikmyndahátíðinni í Toronto. Sony Pictures er að endurgera hana og hefjast tökur í sumar. Fyrirtækið er einnig að vinna mynd með Darren Aronofsky, leikstjóra Black Swan. „Þetta er nýtt fyrirtæki en aðalnáunginn þarna hefur mikla reynslu af frekar stórum myndum,“ segir Júlíus og heldur áfram: „Það er mikill hiti úti í heimi fyrir öllu sem kemur frá Norður-Evrópu. Það virðist annar hver sjónvarpsþáttur eða bíómynd sem gengur vel hafa verið keyptur með góðum árangri.“

Frost verður frumsýnd hérlendis um miðjan september og er eftirvinnslan í fullum gangi. **- fb**



**FROST** Spennutryllirinn er strax farinn að vekja athygli í Hollywood.




YRSA SIGURÐARDÓTTIR: VONA AÐ FÓLK HLUSTI Á RÁÐLEGGINGAR MÍNAR

# Glæpasagnadrottning gefur ráð í þáttum Gulla Helga

„Ég er svo glöð að einhver á Íslandi sé að búa til sjónvarpsefni um framkvæmdir að það var auðsótt mál að fá mig til að taka þátt,“ segir Yrsa Sigurðardóttir, rithöfundur og verkfræðingur, sem verður ráðgjafi í nýrri þáttaröð af byggingarþáttum fjölmiðlamannsins og smiðsins Gunnlaugs Helgasonar, Gulli byggir.

Yrsa er einn ástkærasti rithöfundur þjóðarinnar og einn besti glæpasagnahöfundur Norðurlanda að mati breska blaðsins The Times. Hún hefur vakið athygli um allan heim fyrir ritsnilli sína og bækur hennar hafa verið gefnar út á fjölda tungumála. Síðasta bók hennar, Brakið, kom út í lok síðasta árs og varð mest selda bók ársins 2011 á Íslandi.

Margir þekkja Yrsu aðeins sem rithöfund svo það verður áhugavert að sjá hana í nýju hlutverki í þáttunum, sem hefja göngu sína á RÚV í vor. Þar mun hún svara spurningum og leiðbeina áhorfendum um hluti sem snúa að verkfræðinni. „Ég kem aðallega til með að ráðleggja fólki með undirbúning og slíkt. Ég get bæði talað frá faglegu sjónarhorni og persónulegu, en ég hef staðið í alls kyns framkvæmdum sjálf í gegnum tíðina,“ segir Yrsa. „Ég vona bara að mitt innlegg í þættina verði öðrum til gagns og að þeir sem séu að fara út í framkvæmdir hlusti á ráðleggingar. Ég veit að ég hlusta sjaldnast á eigin ráð, svo ég veit hvað ég er að tala um þegar ég segi að það sé mikilvægt,“ bætir hún við hlæjandi.

Yrsa starfar sem verkfræðingur og aðspurð segir hún það ganga vel að samræma vinnuna og skrifin. „Þetta er reyndar búið að vera erfitt að undanförnu þar sem ég er búin að vera svo mikið á ferðinni, en það stendur til bóta með hækkandi sól,“ segir hún.

Hinir fjölmörgu aðdáendur hennar gleðjast svo eflaust yfir þeim fréttum að hún er nú að vinna að nýrri bók þessa dagana sem kemur út um næstu jól, gangi allt að óskum. **tinnaros@frettabladid.is**



**GEFUR RÁÐ** Yrsa segist geta talað frá faglegu og persónulegu sjónarhorni þar sem hún hafi staðið í miklum framkvæmdum í gegnum tíðina sjálf.




# Vice teygir anga sína til Íslands

„Ég skrifaði undir ráðningarsamning á servíettu í Stokkhólmi í febrúar,“ segir Daníel Ólafsson plötusnúður, viðskiptafræðinemi og nú tengiliður tímaritsins Vice á Íslandi.

Daníel var að dreifa nýjasta tölublaði tímaritsins á höfuðborgarsvæðinu er Fréttablaðið náði af honum tali en blaðið er ókeypis. Vice er þekkt lífsstílsrit og upprunalega frá Kanada. Tímaritið kemur út mánaðarlega í 29 löndum í heiminum. „Það eru nokkur ár síðan tímaritinu var dreift hér á landi en núna verður því dreift reglulega í Reykjavík. Ég er svokallaður tengiliður Vice á Íslandi en þetta er í fyrsta sinn sem þeir eru með svoleiðis,“ segir Daníel sem kynntist Michael Mohn, umsjónaraðila Vice á Norðurlöndunum, er hann spilaði í partýi sem tímaritið hélt í Stokkhólmi.

„Það má segja að ég hafi verið ráðinn á staðnum. Síðan þá hef ég farið tvisvar til Stokkhólms til að funda og spila á viðburðum en Vice eru þekktir fyrir að kunna að halda góð partý. Í síðasta partýi tróð til dæmis sænska söngkonan Robyn upp.“

Daníel og Mohn voru saman að vinna á vegum Vice á Íslandi um helgina þar sem þeir fjölluðu um Reykjavík Fashion Festival. Mohn er mjög hrifinn af Íslandi. „Hann elskar Ísland og íhugar að kaupa sér húsnæði hérna í nánustu framtíð.“

Vice er allsherjar margmiðlunarfyrirtæki með prentútgáfu, vefsíðuna Vice.com og nýstofnaða sjónvarpsstöð og þekkt fyrir umdeildar myndbirtingar. Daníel á von á því með ráðningu hans muni umfjöllun um Ísland aukast í blaðinu og á heimasíðunni. „Ég er með nokkur verkefni í vinnslu en tek öllum hugmyndum fagnandi. Tímaritið býður upp á marga möguleika og er mjög framarlega í tækninni.“ **- áp**



**LEITAR AÐ SKEMMTILEGU EFNI** Daníel Ólafsson er nýr tengiliður lífstílstímaritsins Vice á Íslandi og fullyrðir að aukinn umfjöllun verði um Ísland í tímaritinu og á vefsíðunni.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Opið frá 11-16 laugard. 7. apríl

## Stillanlegt að þínum þörfum!



Nýttu tækifærið!

**Aðeins kr. 34.754 á mán.**

12 mán. vaxtalaus greiðsludreifing*

**eða 399.800 kr. staðgreitt**

SHAPE þrýstijöfnunar heilsudýna á C&J stillanlegum botni.

**Verðdæmi 2x90x200 cm.**



SHAPE BY NATURE'S BEDDING

Settu þig í þægilegar stellingar og láttu þreytuna eftir amstur dagsins líða úr þér.

**Tilboðsverð**

**C&J + Shape dýna**

| Stærð cm. | Með still. botni |
|---|---|
| 2x80x200 | 375.800,- |
| 2x90x200 | 399.800,- |
| 2x90x210 | 405.800,- |
| 2x100x200 | 423.800,- |
| 120x200 | 230.900,- |
| 140x200 | 257.900,- |

* 0% vextir en viðskiptavinur greiðir 3,5% lántökugjald og 340 kr. greiðslugj. á mán.

## Frábær svefnsófi í sumarbústaðinn og gestaherbergið

Aðeins kr. 159.000,-

★★★★★

Tunga báðum megin

Tveir litir







217 cm br.

Tunga 155 cm

## Glæsileg fermingar-tilboð!

Fermingar-tilboð kr. 78.900,-

STÆRÐ 120X200

FRÁBÆR KAUP



Svæðaskipt pokagormakerfi

Frábærar kantstyrkingar

Bómullar-áklæði



Shape Comfort kr. 4.900,-

★★★★★

Alhliða heilsukoddi

MJÚKUR



Shape Classic kr. 5.900,-

★★★★★

Ótrúlega þægilegur

ÞÉTTUR



Shape Original kr. 8.900,-

★★★★★

Veitir réttan stuðning

STUÐNINGS LAG

SHAPE BY NATURE'S BEDDING

Shape heilsukoddarnir gefa þann stuðning og þægindi sem tryggja þér góða næturhvíld.
Shape heilsukoddarnir eru gerðir úr byltingarkenndu Visco-Elastic þrýstijöfnunarefni.
Shape heilsukoddarnir tryggja að höfuð þitt er í náttúrulegri svefnstöðu og létta því á öxlum.
Byltingarkennda Shape Visco-Elastic þrýstijöfnunarefnið tryggir góða öndun í heilsukoddanum.
AloeVera áklæði fyrir einstaka mýkt og öndun.



OPIÐ
Virka daga frá kl. 10-18
Lau frá kl. 11-16

DORMA – býður góða nótt

Holtagörðum • Sími 512 6800 • www.dorma.is

Pöntunarsími ☎ 512 6800 eða dorma.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 | VÍSIR

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

vísir

Meiri Vísir.


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Kolrassa krókríðandi saman á ný

Það er löngu þekkt að mikill fjöldi þekktra tónlistarmanna Íslandssögunnar hefur búið í Keflavík. Um helgina kom fjöldi þeirra saman á tónleikum til heiðurs Myllubakkaskóla, grunnskóla í Keflavík. Flytjendurnir áttu það sammerkt að vera fyrrverandi nemendur skólans. Þar komu fram meðal annarra Gunnar Þórðarson, Jóhann Helgason og hljómsveitin Valdimar. Athygli vakti einnig að hljómsveitin Kolrassa krókríðandi kom saman á tónleikunum með **Elísu Geirsdóttur** í broddi fylkingar. Þær stöllur fögnuðu því á tónleikunum að sama dag voru tuttugu ár frá því að þær unnu Músíktilraunir.



### Ávöxtur Auðuns

Útvarpsmaðurinn og grínistinn **Auðunn Blöndal** hefur síðustu ár eytt miklu púðri í að koma sér í besta form lífs síns. Í síðustu viku naut hann svo ávaxtar erfiðisins þegar hann lyfti 220 kílóum í réttstöðulyftu. Rétt er að taka fram að Auðunn er rétt tæp 80 kíló sjálfur, sem gerir árangurinn markverðan og fólk veltir fyrir sér hvort hann sé ekki hreinlega á rangri hillu í lífinu. Auðunn er hógvær maður, en hefur engu að síður þurft að þola klapp á bakið og hrós frá stórum mönnum víðs vegar um bæinn síðustu daga, sem sáu myndband af afrekinu á netinu og finnst gríðarlega mikið til þess koma.

- þeb, afb



### Mest lesið vísir

1. Kom blóðug á lögreglustöð eftir árás frá Facebook-vin
2. Böddi er kominn heim
3. Starfsfólkið fær líka spítalamat
4. Hundur í óskilum hjá 365
5. Íslendingar ekki lengur í hópi hamingjusömustu þjóðanna


STÓRVIRKI




★★★★★

EFI / MORGUNBLAÐIÐ






## ER EKKI KOMINN TÍMI Á NÝJAN **LYKIL?**

Það er ógleymanleg stund að fá lykilinn að sínum fyrsta bíl. Flest eignumst við fleiri en einn bíl um ævina og tilfinningin breytist aldrei. **Lykill** er nýr valkostur í bílafjármögnun og býður hagstæð kjör fyrir einstaklinga og fyrirtæki. Hafðu samband eða farðu á **lykill.is** – og nýr lykill gæti verið innan seilingar.

Til 31. maí fá allir nýir viðskiptavinir Lykils Orkulykil með 15.000 kr. inneign.



Brandenburg

LYKILL

Lykill er hluti af MP banka | **Ármúli 13a** | **Sími 540 1700** | **Lykill.is**